




ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1997





Björn Baldursson í Sláturhúsinu Hnappavöllum. 5. 13 b. Ljósma.: Stefán S. Smáráson.

Efnisyfirlit:

Formannspistill	5
Framþróun fjallaferða og klífurs á dögum Ísalp	7
Sauratindar	26
Vetrarsól	28
Viðtal við Snorra „eyjapeyja“	30
Kerling	39
Árangurslaus leit að tilgangi í lífinu	41
Á ferð um Alpana	47
Í hremmingum á Sprengisandi	52
Af Everestgræjum	63
Félagsstarf	69
Fréttapistill	71
Ársskýrsla stjórnar	79

Forsíðumynd:

Árni Gunnar í Fjallastaksnöf. Ljós.: Björn Baldursson

Útgefandi:

Íslenski alpaklúbburinn – félag áhugamanna um fjallamennsku. Pósthólf 1054, 101 Reykjavík

Ritnefnd:

Tómas Grønvaldt Júlíusson, ábm. s.5682883

Jón Haukur Steingrímsson, s.5543121

Hallgrímur Magnússon, s.5613929

Björn Vilhjálmsson, s.5652834

Björn Baldursson, s.853 4905

Guðmundur Jóhannsson, s.567 1198

Próförk:

Salbjörg Óskarsdóttir, s.5525069

Prentvinnsla: Grafik hf.

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta eða breyta greinum sem birtast í ársritinu.



Kæru félagar,

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

13. TÖLUBLAÐ
DESEMBER 1997

Það fór svo, að á 20 ára afmæli alpaklúbbsins voru unnin stærstu afrek íslenskrar fjallamennsku enn sem komið er. Ferð þeirra Björns, Einars og Hallgríms á hæsta fjall heims, Everest, er afrek sem gleymist seint. Umfjöllun um Everest-ferðina var gríðarlega mikil og greinilegt var að fjalladraumurinn vaknaði hjá mörgum Íslendingum sem fylgdust með þeim félögum. Í lok ársins lögðu Haraldur Örn, Ólafur Örn og Ingbór af stað á suðurláttinn. Á nýársdag náðu þeir settu marki eftir 51 dags göngu. Guðmundur Helgi hélt uppteknum hætti í Bandaríkjunum og er nú kominn í hóp bestu ísklifrara á heimsvísu. Ísland er greinilega að komast á kortið í framhaldi af mjög jákvæðri umfjöllun um Guðmund Helga í mörgum þekktum fjallablöðum. Síðasta vor komu meðal annars blaðamenn frá Rock and Ice til landsins og nú hefur frést af tveim greinum sem þeir hafa birt. Nokkrir þekktir fjallamenn munu vera á leið til landsins í vor.

Stóri leiðarvísirinn sem við töluðum hátíðlega um í síðasta blaði er í fullri vinnslu. Það er ekki ljóst hvenær hann kemur út en það verður vonandi með hækkandi sól. Reyndar sér ekki enn fyrir endann á fjármögnun ritsins. Ársrit 1997 kemur nú út í febrúar 1998. Það er í raun eðlilegt að ársrit liðins árs komi út í mars eða febrúar árið eftir, samhliða rúkkun á árgaldi fyrir næsta ár. Mjög lélegar heimtur hafa verið á árgjöldum síðustu ára. Það er ljóst að klúbburinn getur engan veginn staðið í útgáfu sem þessari nema með samstilltu átaki félaganna. Oft er deilt á ritnefnd vegna efnis eða myndavals. Það er hins vegar ekki hægt að birta efni sem ekki berst. Við reynum að höfða til allra félaga klúbbsins, klettaklifrara, ísklifrara, skíðamanna, fjallamanna og einnig virðulegra sófa-fjallamanna. Þeim tilmælum er beint til áhugamanna um bættu útgáfu ársritsins að koma sínu efni á framfæri við ritnefnd. Alpaklúbburinn er sameign okkar og það er siðferðisleg skylda okkar sem höfum þetta áhugamál að standa saman að viðhaldi og vexti klúbbsins.

TGJ

Stjórn Ísalp 1996:

Formaður	Páll Sveinsson, s.568 9048
Varaformaður	Árni Gunnar Reynisson, s.554 4217
Gjaldkeri	Jóhann Kjartansson, s.554 5502
Ritari	Karl Ingólfsson, s.854 9595
Meðstjórnendur	Elin S. Sigurðardóttir, s.561 3929 Árni Eðvaldsson, s.555 4047 Valgeir Ægir Ingólfsson,

Skálanefnd: Guttormur B. Þórarinnsson, s.552 2712
Jón Þórgírmsson, s.557 5011

Fræðslunefnd: Torfi Hjaltason, s.566 7094
Snævarr Guðmundsson, s.565 4606

Rittjóri fréttabréfs: Elin S. Sigurðardóttir, s.561 3929

Ferða- og fundanefnd:

Elin S. Sigurðardóttir, s.561 3929
Þorvaldur Þórsson, s.577 4090
Þórarinn Pálsson, s.557 2954
Valgeir Ægir Ingólfsson, s.567 0271
Jökull Bergmann, s.581 1982

Húsnefnd:

Árni Gunnar Reynisson.
Björn Baldursson, s.553 6854

Uppstillinga- nefnd:

Árni Gunnar Reynisson.
Hallgrímur Magnússon, s.561 3929
Haraldur Örn Ólafsson, s.551 2719

Umhverfis- nefnd:

Jón Viðar Sigurðsson, s.551 0587
Ingimundur Stefánsson, s.588 4547
Árni Tryggvason, s.561 9469

Félagatal:



Salbjörg Óskarsdóttir, s.552 5069



Guðmundur Helgi Christiansen vann það afrek fyrir skömmu að verða í öðru sæti á einu sterkasta ísklifurmóti Bandaríkjanna.

Guðmundur valdi sér, ásamt leiðangursmönnum á Mt. Everest og á Suðurljólinum að klæðast CINTAMANI fatnaði.

CINTAMANI fatnaður er kominn í verslanir





Formannspistill

eftir Pál Sveinsson

Tuttugu ár er ekki langur tími. Minn fjallamennskuferill nær yfir tuttugu ár, jafn mörg og ár Alpaklúbbsins. Á þeim tíma hefur þróunin verið hröð. Í upphafi var allt nýtt og áhugavert sem taldist til fjallamennsku. Nýjar leiðir voru farnar í hverri ferð. Þeir sem fóru í Alpana voru hetjur og þeir sem leituðu lengra voru skráðir í annála og flestir muna enn þeirra afrek. Þó margt hafi verið endurtekið hefur það ekki skyggt á fyrri afrek, hvort heldur hér heima eða erlendis. Þessir frumkvöðlar komust áfram án þekklingar, reynslu eða tækni sem telst sjálfsögð í dag. Alpaklúbburinn hefur sameinað áhugafólk um fjallamennsku og varla var til sá fjallamaður sem hafði ekki kíkt við í klúbbnum, eða blaðað í ársritinu.

Nú eru breyttir tímar hjá Alpaklúbbnum. Það er umhugsunarvert að nú hefur ekki fjölgað í klúbbnum í samræmi við aukinn áhuga á fjallamennsku almennt. Áður fyrr þótti fint að vera í klúbbnum og menn héldu merki hans á

lofti. Samkenndin var mikil og allir þekktust og það var gaman í klúbbnum. Nú þarf meira til að fá klúbbfélaga til þátttöku. Góðar myndasýningar og frægir fyrirlesarar trekkja alltaf að. Klassískar ferðir og námskeið halda vinsældum sínum en venjuleg kjaftakvöld þar sem flett er blöðum og málin rædd hafa tapað fyrir annarri afþreyingu. Nýir félagar eru þó alltaf boðnir velkomnir.

Almennur áhugi er vaxandi og klifur og fjallamennska orðin almenningseign. Klifurgallerí innandyrar og heimatilbúnaðar ísklifurleiðir eru ekki lengur fréttæfni. Vandi eða öllu heldur þróun framtíðarinnar er að ævintýrunum fækkar. Fólk gefur sér ekki tíma til að leita að ævintýrum en vill ganga að þeim vísum. Klettaklifrarinn stundar innandyraklifur, ísklifrarinn fer í tilbúnaðar leiðir og skíðamaðurinn í troðnar brekkur og aukning mun fyrst og fremst verða í sporti í vernduðu umhverfi. Margskonar klifurkeppnir munu verða meira í fréttum og fjölmiðlum heldur en gömlu góðu



fjallaferðirnar. Vissulega eru blikur á lofti en áhuginn er mikill.

Heimurinn minnkar með hverju árinu á upplýsingatímum og Ísland er að komast á kortið sem spennandi vettvangur útivistar. Ekki má gleyma að nefna sérstaklega mína ástriðu, ísklifrið, sem á bjarta framtíð fyrir sér á Íslandi. Nú hafa flestar náttúrulegar ísleiðir nálægt byggðu bóli verið klifraðar og þá fara klifrarar austan- og vestanhafs að líta í kringum sig og þá er Ísland í alfaraleið. Hér er ís en nóg af honum í fallegu ósnertu náttúrulegu umhverfi. Með réttu gætum við verið ofarlega á listanum þegar erlendir ísklifrarar og annað fjallafólk hugsar sér til hreyfings.

Þriggja ára formennsku minni er nú að ljúka. Það hafa verið þrjú viðburðarík ár og verið gaman að taka þátt í og fylgjast með mikilli uppskeru íslenskrar háfjallamennsku og

skíðagönguleiðangra eftir nokkur róleg undirbúningsár. Þar voru mest áberandi leiðangrar á Cho Oyo og Everest og för yfir Grænland og Suðurskautslandið að ónefndum mörgum smærri. Minna bar á ís- og klettaklifri þó fjölgunin hafi verið mest þar. Íslenskir klifrarar eru farnir að fara í fjölda leiðangra á hverju ári. Það vekur ekki lengur furðu að heyra minnst á leiðangra til fjarlæggra landa eða klettaklifurhópfærðir til Evrópu. Ungir fjallamenn og klifrarar hafa hrifist með þeim sem náð hafa langt síðustu ár. Þeir hafa séð að þeir eru síst minni menn. Margir leiðangrar verða farnir á næstu árum og uppgangur verður í öllum greinum fjallamennskunnar.

Íslenski alpaklúbburinn mun þróast og læra að lifa með breyttum áherslum. Gömlu dagarnir koma aldrei aftur en með nýju fólki koma nýjar áherslur og viðhorf.



Pétur Ásbjörnsson og Helgi Benediktsson í Fingurbjörg í ágúst 1997. Ljósma.: Pétur Ásbjörnsson.

Framþróun fjallaferða og klifurs á dögum Ísalp

Eftir Snævarr Guðmundsson

Pó að upphaf Alpaklúbbsins marki viss tímamót fyrir fjallaklifur eða alpinisma á Íslandi þá eru þau ekki fyrstu samtökin sem reyna sig við slíkar ferðir. Löngunin til að klífa hefur ætíð verið til staðar en kunnátta og klifurreynsla lengstum það sem skorti. Erfiðar samgöngur og útbúnaður stóðu íþróttinni einnig fyrir þrífum og að auki kom takmörkuð endurnýjun í fámennum samtökum í veg fyrir langlífi. Eru þetta helstu orsakir fyrir því hve fáar klifurleiðir voru farnar á fyrri tímum. Flestar hafa verið klifnar á undanförnunum 20 árum, þ.e. á tilvistarskeiði Ísalp. Nokkur atriði má tína til sem hafa valdið þessum framgangi og verður vikið að þeim í þessum skrifum. Fyrst má telja að hömlunum, sem fyrr var minnst á, hafi verið rutt úr vegi á áttunda áratugnum, þannig að samtök um fjallamennsku áttu meiri lífsvon en áður. Einnig hafði myndast ákveðinn grunnur í björgunar-sveitunum sem mátti feta sig út frá en slík und-

irstaða hafði ekki verið til staðar fyrr. Veigamesta stökkið var síðan þegar fjallamennskan varð sjálfstæð og tók að dafna á eigin forsendum. Ein þessara forsenda er aðall fjallamenskunnar eða rýmið til að stunda hana eftir eigin höfði. Þar er átt við það ákveðna stjórnleysi (anarkí) íþróttarinnar en engin leiðandi stofnun eða eftirlit leggur línurnar og hver sem er getur farið á fjöll án afskipta annarra. Má ætla að það hafi verið Ísalp, svo og fjallamennsku, til góðs því þá þrífst vaxtarbroddurinn á eigin forsendum, félagsskapur eins og Ísalp byggist upp á og móstast af þeim; vaxtarbroddur klúbbsins er hugarfar þess hóps sem virkastur er á hverjum tíma. Draumsýnin eða ídealið sem kviknaði á miðbiki áttunda áratugarins varð líkast til áhrifamesti þátturinn í framgöngu fjallamenskunnar; erfiðar fjallaferðir urðu að hugsjón hjá fámennum hópi, - eins konar ídealismi. Annað sem nefna má til eflingar eru tímarit og fræðsluefni sem Ísalp



Frá ísklifurnámskeiði 1979: Hermann Valsson, Árni Tryggvason og óþekktur. Ljós m.: Pétur Ásbjörnsson.

og fleiri samtök hafa gefið út á síðustu áratugum. Og því meira sem hugsað er um stofnun klúbbsins sem innlegg í þágu fjallamennskunnar á Íslandi því meiri heiður eiga þeir skilið sem stóðu að henni. Er það skoðun höfundar og eflaust margra annarra að engin önnur samtök eða félög á Íslandi hafi í rauninni komið fjallamennskunni, og þá sérstaklega klifri, í jafn vænlegan farveg. Ekki er ætlunin með þessari fullyrðingu að setja Ísalp á hærri stall en aðra félagahópa á liðnum áratugum og má ekki gleymast að alla tíð hafa áhugasamir menn verið á ferð. Megininntakið er að aðstæður allar sem voru fyrir hendi á áttunda áratugnum hentuðu betur en fyrr. Á eftirfarandi skrifum má heldur ekki skiljast að höfundur geri þeirri ferðamennsku sem kenna má við Ísalp hærra undir höfði en öðrum, því aðeins vakir fyrir honum að skýra hvaða þættir hafa valdið framganginum á þeim vettvangi.

Fyrir daga Ísalp...

Fjölda Íslendinga mætti nefna til sögunnar sem gengu á fjöll eftir aldamót en þá varð mikil aukning í hvers kyns útiveru, meðal ann-

ars fyrir hvatningu ungmennahreyfinganna sem margar höfðu slíkt að markmiði. Þann Íslending sem einna fyrstan má kenna við fjallaklifur á þessari öld, er Þórður Guðjohnsen sem á öðrum tug aldarinnar kleif ýmsa tinda í Skandinavíu og Ölpunum, þeirra á meðal hið sögufræga fjall, Matterhorn. Hann bjó hins vegar lengstum erlendis og kom því lítið við sögu hér. Kunnastur fyrir öræfa- og fjallaferðir á fyrri hluta aldarinnar er félagskapur sem nefndur var Fjallamenn en þeir störfuðu mest á tímabilinu 1938- 1948. Fjallamenn gengu mikið á fjöll og reyndu stöku sinnum klifur. Tókst þeim til dæmis að klífa Tindinn í Tindfjöllum fyrstum manna. Forsprakki þeirra var Guðmundur Einarsson frá Miðdal sem fyrstur Íslendinga nam tækni í kletta- og ísklifri. Fjallamenn fóru víða og á blómaskeiði þeirra hófst fjallaklifur á Íslandi fyrir alvöru. Eftir að starfsemi þeirra dróst saman á sjötta áratugnum leið langur tími uns samtök um klifur og fjallamennsku hófu starfsemi að nýju eða ekki fyrr en Ísalp var stofnað.

Um miðja öldina tóku Jökklarannsóknafélagið og ýmsar björgunarsveitir við af Fjallamönnum en þó að stofnun þeirra hafi verið í öðru skyni, voru einstaklingar innan þeirra raða sem gengu á jökla og fóru stundum erfiðar fjallaferðir. Merkasta klifurferðin var, að öðrum ólöstuðum, á Hraundranga í Öxnadal sumarið 1956, sem um árabíl var erfiðasti klifurleiðangur sem farinn hafði verið hérlandis. Sú ferð var hvatning til frekari dæða en minna varð úr efnum ekki síst fyrir þá sök hve erfitt var að komast yfir þann útbúnað sem til þurfti. Áhuginn var samt fyrir hendi, eins og ýmsar leiðir upp fjöll og skriðjökla sanna. Að auki stofnuðu virkir félagar í Jökklarannsóknafélaginu og Flugbjörgunarsveitinni á sínum tíma Alpaklúbb Íslands, - félagsskap sem náði ekki að festa rætur. Orkan dreifðist einnig á fleiri þætti þannig að í rauninni var þeim óhægt um vik að fórna miklum tíma í klifur. Á tímabilinu eftir þessi gullnu ár, áttu göngu-, fjalla- og lengri skíðaferðir meira upp á pallborðið en Alpafjallgöngur og klifur lá lengstum í dvala. Um síðari hluta þess tímabils, um eða upp úr 1970, hefur Helgi Benediktsson, einn stofnfélaga Alpaklúbbsins, eftirfarandi að segja: „Fjallamennska sem slík hafði þá ekki verið stunduð að ráði hér heima. Útivistin sat í fyrirrúmi. Hér gekk þetta út á að fara í



Frá vinstri: Guðlaug, Vilborg og óþekkt blaða í blöðin um 1980 á Grensásvegi.
Ljós.: Pétur Ásbjörnsson.

gönguferðir, inn í Marardal, í einhvern helli o.þ.h. Fjallamennskan í þá daga var aðallega fólgin í því að síga, það var spennandi og krafðist útbúnaðar. Eitthvað var farið í skriðjökla og í Esjuna og Skarðsheiði að vetrarlagi. En það var ekki til að klifra, bara að komast upp.

Pegar kom svo fram á áttunda áratuginn varð mikil vakning í Hjálparsveitum skáta, meðal annars með auknum áhuga á fjallgöngum. Í þeim jarðvegi uxu rætur Ísalp. Mest bar á tveimur aðskildum flokkum, annars vegar félögum úr Hjálparsveitum skáta á Suðvesturhorninu og þá sérstaklega frá Reykjavík og hins vegar skátum með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sá hópur, það er Vestmannaeyingararnir, voru virkastir á árunum 1973 - 1977. Bakgrunnur þeirra var af öðrum toga en hinna, því klifur í klettum og bjargsig gegndi ólíku hlutverki þar en hjá landkröbbunum. Upphaflega rakti klifrið í Vestmannaeyjum skyldleika til bjargræðis og sjálfsþurftarúskaparins sem þar hafði tíðkast um aldir en

ekki Alpínismans. Þar var kveikjan að kletta-klifrinu og síðan fjallamennskunni hjá þeim. Þeirra grunnur kom til góða því reynslan sem hlaut af því að sveifla sér á milli syllna og klungrast upp hamraveggi í mikilli hæð vandi þá við að takast á við vandasöm verkefni þeirra ára, eins og Púmal. Þeir komu aftur á móti lítið við sögu Alpaklúbsins nema að tilheyra þeim hópi fjallaáhugamanna sem sátu fyrstu fræjunum. Vil ég vísa á áhugaverða sögu Snorra Hafsteinssonar hér í blaðinu, þar sem sú saga er nánar rakin.

Hinn hópurinn, það er björgunarsveitirnar á höfuðborgarsvæðinu, höfðu fjallabjörgun sem eitt markmið en þekkingu sína og kunnáttu sóttu félagar einna helst til fjallaskóla í Evrópu. Námskeiðin virkuðu hvetjandi og um nokkurra ára skeið fóru hópar í Alpana til fjallgangna. Hluti meðlima varð hugfanginn af Alpaklifri og þar sáu þeir aðrar hliðar á íþróttinni og nýjan útbúnað. Nokkur samkeppni varð milli þessarra tveggja hópa, allavega einstaklinga innan þeirra raða, og jók hún á



Nostalgía á Grensásvegi? Snævarr Guðmundsson, Daníel, Einar Steingrímsson, Jón Þór Ólafsson og Randver. Ljósm.: Pétur Ásbjörnsson.

metnað svo stefnt var á hærri fjöll. Þrátt fyrir þau tækifæri sem hjálparsevitirnar lögðu til, fannst hinum ötulu meðlimum vanta samtök með enn meiri áherslu á fjallamennsku. Að fenginni reynslu af erlendum Alpaklúbbum þótti tilhlýðilegt að stofna slíkan hérlandis. Meðganga tók nokkur ár en stofnfundur var haldinn í marsmánuði 1977. Hér stendur hins vegar ekki til að segja nánar frá stofnuninni heldur greina frá hvernig hugarfarið mótaði fjallaklifrið á fyrstu 20 árunum sem Alpaklúbburinn hefur lifað. Á bernskutíma klúbbsins var yfirsýnin allt önnur en nú þekkist og áherslurnar af öðrum toga. Þar sem meðlimir björgunarsveita voru upphafsmennirnir að stofnun hans þá gætti áhrifa þeirra í starfseminni um hríð. Þetta fyrsta tímabil má í léttu tali nefna tímabil kontinentallínunnar.

Tímabil kontinentallínunar; – áttundi áratugurinn

Klúbbfélaga fyrir 1980 rekur eflaust enn minni til tíma hnébuxna og rauðra sokka. Þetta voru eiginlega þau einkennisföt sem gerðu óbreyttan að fjallamanni og stundum þurfti ekki meira til. Ef rétt er munað þá gerðu

Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson fyrstir góðlátlegt grín að þessum fatnaði og kölluðu kontinentallínuna. Ef farið er enn lengra aftur, til árána 1974-76 eða svo, var ekki óalgengt að þeim fylgdu lopapeysa og bartar, um tíma að minnsta kosti, að ógleymdum appelsínugulum anoraki. Þeir sem skörtuðu þessum djásnum tilheyrðu oft einhverri björgunarsveit og voru sem slíkir leiðandi í fjallamennsku. Á þeim árum, og svo til allan áttunda áratuginn, stundaði sá hópur fjallaferðir meira á alhliða máta en nú gerist. Algengast var að leggja hvaðeina sem tilheyrði íþróttinni að jöfnu þó venjulega væri lögð örliðið meiri rækt við þær áherslur sem mönnum voru kærar. Samt ef hugsað er til baka þá stefndi fjallamennskan einhvern veginn ætíð í snjóinn; ef ekki vetrarsnjó á fjöllum þá á jökla á sumrin. Ýmis konar jöklaferðir eða lengri skíðagöngur voru í mestum metum og þóttu meðal endanlegra markmiða, hvað varðaði fjallamennsku hérlandis. Það er eðlilegt enda reyna fá önnur ferðalög eins á grundvallarhugmyndirnar sjálfar; að komast á eigin fótum til og frá takmarkinu með lágmark hjálpartækja og svo á sjálfsbjargarviðleitnina. Á því er grunnhugmynd alpinismans byggð en á Íslandi mótuðust línurnar ekki síst af jökllum og landslagi, sem talið var henta betur til langferða en erfiðra klifurferða. Ísklifur var nær eingöngu stundað í skriðjökllum, helst þó þegar Alpareisur voru í nánd og stöku sinnum voru snjóklifurleiðir farnar í fjöllum. Fjallaskíði voru undir það síðasta spennandi nýjung og þóttu eiga framtíðina fyrir sér. Minnsta ræktin var lögð í klettaklifur því bergið dæmdist illa hæft til þess brúks. Ef um slíkt var að ræða þá var helst þrilað á námskeiðum í Hvannagjá eða þeim örfáu klettatindum sem klifnir höfðu verið. Almennt má segja að klifur í klettum eða ís, þar sem ekki var farið á tind, taldist til æfinga en ekki alvöru fjallamennsku og féll oftast inn í björgunarpakkann sem einn þeirra þátta er gott væri að kunna skil á.

Á svipuðum tíma var hins vegar mikið umrót í heimi fjallamennskunnar erlendis. Farið var að bera á aukinni sérhæfingu í ís- og klettaklifri en eftir því sem sífellt erfiðari leiðir voru klifnar jókst þörfin fyrir meiri þjálfun. Löngu fyrr höfðu umræður byrjað um siðferði fyrir tilstilli aukinnar virðingar gagnvart umhverfi og náttúru en snéru einnig að framtíð íþróttarinnar. Ljóst var orðið að ekkert stöðv-



Frá vinstri: Anna, Guðjón, Gutti og Jón í Tindfjöllum, 1982.

aði hina öru þróun útbúnaðar og enginn fjallstindur eða veggur gat tæknilega séð staðist uppgöngu. Hinar mórölsku spurningar snérust um hvert klifur stefndi, hvaða siðferðisreglur ættu að gilda og eyðileggingarmátt tækja eins og fleyga. Vægi öflugra umsátursaðferða (siege tactics) fór hnignandi gagnvart alpastílnum og sýnt var að tími fyrirferðamikilla leiðangra, að hætti heimsveldanna, liði undir lok. Í þeirri röð sem ýmsum fjallgönguaðferðum var raðað eftir, voru umsátursleiðangrar á við hernaðaraðgerð þar sem ekkert kom í veg fyrir að varnir fjalls væru brotnar niður og djöfsi sigraður. Erlend tímarit greindu frá uppgöngum á hæstu tinda sem æ oftast voru gerðar með betri stíl en fyrr. Við tóku léttari leiðangrar og ódýrari þar sem klifrað var í alpastíl. Hanghundur, eins og það kallast þegar hangið er í tryggingu, þótti mikið stílbrot og stigaklifur fór að þykja tiltökumál. Fleygatrýggingar urðu fyrir umtalsverðri gagnrýni vegna brotsáranna í berginu en þau mátti forðast í flestum tilfellum með notkun hneta. Klifur í ísfoßum var farið að vekja mikla athygli þrátt fyrir að vera yngsta afbrigði fjalla-

mennskunnar. Bogna ísaxarblaðið sem Chouinard innleiddi hafði í för með sér þvílíka byltíngu að strax var farið að draga í efa gráðun ísleiða. Í klettaklifri varð gráða 5.12 að veruleika en háværar umræður urðu samtímis um hvort mögulega mætti klifra svo feikna erfiðar leiðir. Annan flokkinn fylltu upprennandi klettaklifrarar sem staðhæfðu að þeim hefði þegar tekist það. Galdurinn fólst í því að þjálfar sig fyrir klifrið. Það drógu hinir eldri í efa hvort slíkt tilheyrði raunverulegri fjallamennsku; allavega þeir sem vanari voru ölkrús á milli klifurferða. Umræður og umhugsun af þessu tagi leiddu smám saman til breytinga og viðhorf sem fólu í sér að allt þyrfti að sigra, hvað sem það kostaði, hættu að eiga upp á pallborðið. Við tók hugmyndafræði þar sem náttúrusjónarmiðum var gert hærra undir höfði. Fyrir vikið jókst fjölbreytni klífursins enda ekki lengur sama með hvaða stíl var klifrað á fjöll.

Hinn betrubætti útbúnaður og tækni átti auðvitað mikinn þátt í framförunum. Af honum leiddi möguleika á að klífa erfiðari og glæsilegar leiðir með prýðilegum stíl. Framfar-



Úr Öndruskarði, í Botnsúlum 1982.

ir á þeim nótum komu ekki strax fram hér á landi en útbúnaðurinn birtist auðvitað fljótlega, eftir að komist varð í dótabúðir erlendis. Undirstöðurnar vantaði en þær sem Fjallamenn og síðar Flugbjörgunarsveitarmenn höfðu reist, nýttust ekki, því of langt var liðið frá tilveru þessara hópa og þekkingin að mestu gleymd. Strax og Alpaferðum tók að fjölga fór þessi undirstaða að myndast á nýjan leik og á henni byggðist upp sú fjallamennska sem hér hefur síðan verið stunduð. Löngunin og eldmóðurinn til að klífa fjöll voru jafnmikil þá og er nú en fátt stóð til boða. Á þessum árum dugði það samt til að kveikja nægan áhuga á að auka veg íþróttarinnar og rækta helstu greinar sem tilheyra henni. Framsækni-ir áhugamenn með eins konar grand alpinism hugsýn hófu eflinguna með ferðum sínum í

Anna Lára, Torfi, Anna Gunna, Magnús Tumi, Halldór og Jón Geirsson á Bárðarbungu.



Alpana. Í kjölfarið jókst áræðni til að klífa og elja til að leita uppi óklífna tinda hér á landi. Alpalöndin mótuðu aðallega draumana hvað varðaði fjallgöngur (og björgun auðvitað líka) en helstu fyrirmyndirnar voru samt einvala lið Himalayaklifrara frá Bretlandi og Mið-Evrópu. Nær ekkert var horft til Ameríku þar sem framsækin fjallamennska var áberandi í formi klettaklifurs í Yosemite-þjóðgarðinum. Fyrirmyndir að ýmsum síðum og hefðum sem teknar voru upp komu frá Evrópulöndunum í fyrstu, jafnvel oft í gegnum tímarit eða bækur, enda hafði einangrun okkar frá umheiminum sitt að segja. Það var náttúrulega aldrei markmið né meðvitað ætlun að fylgja erlendum straumum en þegar rennt er yfir tímaskeið klúbbsins þá sést að þróunin er áþekkt.

Kontinentallínan var ágætlega í samræmi við þennan aðdraganda og jafnvel fyrstu ár Alpaklúbbsins því fremur einsleit fjallamennska réði ríkjum. Tindar voru fyrir öllu en leiðirnar á þá höfðu skipt minna máli. Samt var þetta talsverð umbýlting frá því sem verið hafði því ekki má gleyma að klifur hafði lítið verið stundað um árabil. Flokksandi einkenndi þessi ár og fjallgöngur voru oft stundaðar í hópum. Þó ekki sé út á það að setja þá er það nú samt svo, að framsækið fjallaklifur hentar ekki sem hópíþrótt. Taka þarf tillit til hósins svo erfitt er að gera eitthvað framandi. Í þá daga var hin framsækna fjallamennska því í rauninni lítið frábrugðin því sem FÍ og aðrir ferðahópar gerðu nema, eins og illkvittislegt háð sagði, að byrðar fjallaklifrarsins voru þyngrir. Klifrið kiknaði auðvitað ekki undan gæðunum og sá skilningur sem átti við klifurstíl lagðist út á réttstöðu í bergi eða ís. Reyndar þótti háðslegt að grípa t.d. í lykkju, bröltu upp á hné eða hvílast í tryggingu en svoleiðis stuðningur var ekki óvanalegur ef klifrið þótti erfitt og því var þetta að öðru leyti látið athugasemdalaust. Leiðir, erfiðari en 3+ gráða, virtust óyfistíganlegar og sú trú byggðist ekki af reynslunni á þess háttar klifri. Hin takmarkaða klifurreynsla ýtti síðan undir óparfa virðingu fyrir erfiðleikum, gráðum og vanmáttarkennd fyrir eigin getu. Ágætt dæmi um þetta má lesa í 7. tímariti Ísalp, í nóvember 1978 bls 4-11: „Aðalmarkmið Ítalíu-ferðarinnar var að klífa fjallið Les Grandes Jorasses, sem er á landamærum Frakklands og Ítalíu, í Mont Blanc-fjallaklasanum. Það fjall er einkum frægt fyrir norðurvegg þann, er veit að Frakk-

landi. Ítaliu- hliðin er töluvert auðveldari, en þó allerfið á okkar mælikvarða, hefur erf-iðleikagráðuna PD+, sem þýðir, „dálítið erfitt.“ Reyndar ætlar þessi virðing fyrir gráð-um að verða langlíf eins og síðar verður komið að. Þrátt fyrir svona annmarka voru framtíðardraumarnir hinir sömu og nú, - nema að nokkrir þeirra hafa orðið að veruleika á síðari árum.

Annað óþekkt fyrirbrigði var sérhæfing en án hennar eru framfarir hægar. Þeir sem skáru sig úr var hinn fámenni hópur sem hafði ráð á að fara í Alpana en Þeirra sérhæfing fólst aðallega í að einbeita sér meira að klifuraðgerðum en fyrr hafði þekkt. Þó sú sérhæfing þætti kannski lítil samanborið við þjálfunina sem nú tíðkast þá dugði hún til að hækka getuna nokkuð, eða úr brölti í 3. gráðu, og auka sjálfstraust manna. Hinn virki hópur náði að fara nokkuð reglulega í Alpana og gerði það yfirleitt í gegnum björgunarsveit-ir eða fyrirtæki sem veittu styrki á fjallabjörg-unarnámskeið. Að námskeiðum loknum gafst takmarkaður tími til að ganga á tinda og yfir-leitt svo naumur að ekki gafst tóm í annað en að venjast hæðinni og brattlendinu en átaka-leiðum var sleppt. Æfingar fyrir Alpaþjallgöng-ur voru líka óhnitmiðaðar og gátu ekki verið annað enda þjálfunarferli óþekkt, aðstöðu-leysið algert auk of fárra klifurtíma úr heima-högunum. Þjálfunin fólst aðallega í að hlaupa á fjöll eða jökla og styrkja þolið en beindist síðast að klifri. Viðhorfin voru líka á þá leið að annað en að horfa á tinda þekktist varla. Á þá var farið eftir öruggum slóðum og að sama skapi auðveldum, - oftast svonefndum normalleiðum. Auðvitað var það eðlilegt ferli að klífa hina stórbrotnu Alpatinda fyrst því erfitt klifur var lítt þekkt hérlandis. Þannig má segja að á áttunda áratugum hafi fjallgöngur íslenskra fjallamanna á erlendri grund sam-svarað því sem fram fór á gullöld Alpaþjall-gangna, á miðri síðustu öld, vegna þess hve nýtt þetta var og reynslan lítil. Mikilvægast var samt að þessar ferðir voru brýn tengsl við um-heiminn, ekki einungis fyrir þá sem fóru í ferðirnar, heldur einnig áhugamenn sem sátu



Björn og Einar voru óhræddir við að fara sýnar eigin leiðir í fjallamennskunni og lögðu grunnin að sérhæfingu í klifri. Hér stilla þeir félagar sér upp að hætti fyrirmyndanna. Ljósma.: Björn Vilhjálmsson.

heima. Sú reynsla sem fékkst úr ferðunum var dýrmæt og kom til góða í gegn um námskeið og myndasýningar. Annar nauðsynlegur hvati fyrir þá heimasætnu voru bókmenntirnar eða litteratúrinn en þær veittu innsýn í heim fjalla-mennskunnar og þjónuðu hlutverki sem „ann-arra reynsla“. Þær höfðu einnig þau áhrif að fjallaklifur tók stuttu síðar aðra stefnu hér á landi. Sjálfsagt þótti að kunna deili á helstu fjallamönnum heims og nauðsynlegt að þekkja til ferða þeirra. Frásagnirnar voru mörgum innblástur að klifurleiðum eða að-ferðum til að leysa vandamál á fjöllum.

Eins og vænta mátti voru það síðan reynslutröllin, - þessir með Alpaferðirnar upp á vasann, sem fyrstir klifu tilkomumestu tind-ana hérlandis. Þeir voru hinir einu sem höfðu þekkinguna og tækin sem til þurfti. Gefur auga leið að þeir höfðu einnig mest áhrif á hvaða farvegi fjallamennskan fylgdi sem var þá nokkurs konar bland í poka með ýmsu björgunarsveitahnossgæti. Á fyrrnefndu tíma-bili var farið á nokkra þeirra, t.d. Þumal, Fingurbjörg og Kirkjuna. Að klífa þá er hóf-legt erfiði, - það vitum við, en fyrir 20 árum var annað uppi á teningnum. Þessi tindar voru torkleifir miðað við annað sem hér hafði verið gert, auk þess sem áður nefnd lítil klifur-reynsla á fárra manna höndum eða ónógar upplýsingar og leiðarlýsingar gerðu þá alvar-lega. Tindarnir gegndu einnig hlutverki í aug-um áhugasamra sem stökkpallur fyrir fjall-göngur á erlendri grund enda fátt annað til samanburðar við þau svæði, að því talið var.



Einar í fyrstu og einu uppferð á Nemesis í Vestrahorni, takið eftir bolnum. Ljós.: Björn Vilhjálmsson.

Gallinn var hve fáir og óaðgengilegir þeir voru og reynslan fyrir háleitnari markmið því illfengin. Síðar var nauðsynlegasta reynslan sótt á aðgengilegri staði og aðrar viðmiðanir, þar á meðal gráðun leiða, höfðu einnig talsvert að segja. Á þessum árum var hvorugt til staðar.

Við hinum óreyndu blasti einnig annar vandi sem fólst í því hve erfitt var að komast að hinum ötulu fjallamönnum til upplýsingaöflunar. Var líkast því að um eins konar stétta-skiptingu væri að ræða; annað hvort voru menn byrjendur eða þá vanir en ekkert á milli. Oft áttu einu samskiptin sér stað á námskeiðum eða öðrum ferðum og það var bagalegt því klifurleiðir voru ekki margar, engin klifursvæði, leiðarvísar eða önnur fræðsla til hjálpar. Byrjendur áttu því vont með að öðlast reynslu nema eftir eigin frumkvæði og úr litlu var að móða. Þeir fetuðu veginn á sama hátt og hinir vönu höfðu gert eða skráðu sig í björgunarsveit jafnvel þó að forsendurnar hefðu aðeins breyst. Eins og verða vill söfnuðust menn svo í hópa eða klíkur, einnig innan veggja Alpaklúbbsins og voru ekki alveg tilbúnir að opna fyrir nýliðum. Teygðu þessi viðhorf sig jafnvel inn í tímaritin, eins og sjá má á eftirfarandi: „Ein nýbreytni er í næstu ferða-áætlun. Þar eru tvær ferðir á boðstólum þar sem þátttaka er bundin við lágmarkskunnáttu og reynslu í fjallamennsku. Ferðin á Eyjafjallajökul 21.-23. mars er fyrir þá, sem hafa tekið þátt í a.m.k. þremur námskeiðum klúbbsins

eða sambærilegum námskeiðum. Hins vegar eru kröfur fyrir ferðina á Helgrindur mun strangari. Umsjónarmennirnir,..., dæma um hæfni manna til fararinnar. Hæfnisúrskurður þeirra er endanlegur, enda er ráðgert að vera á alvarlegum slóðum...“ Vel má ímynda sér að þeim sem enn höfðu ekki meikað það, hafi orðið hverft við að þurfa að láta dæma sig, í eða úr leik. Í tímariti nr 16 - maí 1980, Félagsstarfið, bls 4, stendur líka: „Helgrindaferðin, Eyjafjallajökulsferðin og Botnssúlanaferðin féllu allar niður vegna veðurs, þátttökuleysis eða af öðrum orsökum.“

Vaninn var að áhugamenn í fjallaklifri færu í einhverjar sveitir, - þar voru allir hvort sem er. Starfsemi sveitanna var auðvitað fjölþætt og því gafst helst tími í klifur þegar námskeið voru haldin og síðan lítið meir. Þetta var fyrir tíma undanfara sem nú er við lýði. Var þetta raunin fram til loka áttunda áratugarins. Sama mátti segja um starfsemi Ísalp sem fyrstu árin var í viðjum björgunarsveitanna. Fjallamennskunámskeiðin báru sterkan keim af fjallabjörgun með tilheyrandi „doblanastússi“ sem átti ekkert skylt við klifur. Þetta er ekki sagt til lasts því auðvitað mótaði hugarfarið fjallamennskuna og þegar horft er til baka þá var þetta tímabil björgunarsveitanna. Ofantalin atriði breyttust svo mjög eftir að samtökin efldust og komust undan hæl björgunarsveitanna. Má einnig taka þetta til marks um hve grunnurinn var smár að byggja á en það var



Setið við fótstall meistarans; Sam Grimble, Ingvar Teitsson, Bjössi Vill, Torfi Hjalta, Snævarr, Bill Gregory, Helgi Ben. og Jón Geirsson.

að breytast, í upphafi á næsta tímaskeiði í sögu fjallamennskunnar á Íslandi; tímabili Alpastílsins og hvassa endans.

Tímabil Alpastílsins og hvassa endans, – umrótatímar framsækinnar fjallamennsku

Nú er rétt að minna á að tilgreind tímabil ákvarðast af ríkjandi viðhorfum áhugasamra og liða gegn um söguna án tímasetninga. Þannig kom tímaskeið þegar fjallamennskan var að mestu komin undir björgunarsveitunum, svo tók annað við þar sem virkni varð meiri í öðrum félagasamtökum. Fyrir fjallamennskuna á Íslandi var auðvitað mikilvægast að hreyfing komst á helstu geira hennar og svo vill til að stofnun Ísalp markar upphafið. Næsta áratuginn var framgangur fjallamennskunnar hvað mestur þar. Þetta tímabil teygir sig frá miðjum 8. áratugnum og fram til seinni hluta þess níunda. Þetta var umrótaskeið því íþróttin skipti um farveg, hvarf úr fremur stefnulausri fjallamennsku í framsækna. Með því er átt við að markmiðin voru tekin fastari tókum, hvort sem um ræðir Alpa-fjallgöngur eða klifur, meðal annars vegna þess að kvaðir af öðrum toga voru ekki fyrir. Á þessum árum breyttust einnig klifuraðferðir, hugmyndir og hefðir en þau umskipti kostuðu mikla frumkvöðlavinnu. Athyglisvert er að myndast fór hópur sem stóð mestmegnis utan björgunarsveitanna, og það sem meira er, hann fann sér önnur viðfangsefni, eins og t.d. Stardal. Það sem sá hópur leitaði eftir í fjalla-

mennsku skópst mikið af hugmyndafræðinni úr fjallabókmenntunum eða kimum Alpaklúbbsins en var frábrugðið þeirri venju að stunda hana með björgunarstörfum. Viðhorfið til klífurs fór að mótast sífellt meira af hugsæi alpinismans en ekki dyggðum bráðavaktarinnar. Breytingar voru aldrei byltingarkenndar og var fjallamennskan stunduð alhliða en ríkari áherslur lagðar á kletta- og ísklifur, bæði sem mikilvægasta hluta íþróttarinnar og að það væri framkvæmt á viðeigandi hátt. Ramminn sem hélt utan um þetta var hugmyndafræðin.

Á svipuðum tíma eða vorið 1979 unnu íslenskir fjallamenn einnig mikilvægt afrek í háfjallaferðum þegar komist varð á tind McKinleyfjalls í Alaska. Þó að íslenskir fjallafarar hefðu farið fyrr á háfjöll, eins og Kilimanjaro (5895 m) árið 1966 og Chimborazo (6270 m) 1975, þá voru þær göngur ekki beint tengdar nútímafjallamennskunni sem nú var að vaxa úr grasi á Íslandi. Það er að segja, sú reynsla sem einstaklingarnir öðluðust þar, skilaði sér ekki né gagnaðist fjallamennsku síðari ára. McKinleyferðin var hins vegar staðfesting á dafnandi fjallamennsku og að sú reynsla sem öðlast mætti hérlandis væri góður undirbúningur fyrir slíkar ferðir. Þróunin í háfjallaferðum Íslendinga átti einnig eftir að fylgja sambærilegum farvegi og Alpaferðirnar, þ.e. að smátt og smátt var gengið djarfar til verks. Jafnframt varð hún mönnum hvatning til að drýgja enn meiri dáðir bæði heima og erlendis. Allavega varð ákveðin stefnumörkun í ut-

anlandsferðum á þessum tíma. Kannski skiptir ekki máli hvað nákvæmlega olli henni en vísast hefur Alaskaferðin 1979 og einnig mögnuð Alpaferð nokkurra Flugbjörgunar-
sveitamanna (FBS), sumarið 1978, átt stóran þátt í uppsveiflunni. Árin á undan var það ein-
kennandi að handfylli kunnugra fjalla höfðu aðdráttaraflíð og dugði að ná tindi einhverra þeirra svo ferðir þættu vel lukkaðar. Árin á eftir snérust hjólin á þann veg að ekki nægði lengur að feta í fótsporin heldur varð að toppa allt saman með brattari tindum, fjöllum óklifnum af íslenskum eða erfiðari leiðum. Nánar er greint frá háfjallaklifri aftur í þessari grein.

Umræður hófust hér á árunum 1978-1979 um aðra þætti fjallamenskunnar eins og stíl og náttúruvernd. Þessar umræður voru oftast á fyrirbyggjandi nótunum þar sem lítið hafði reynt á slík mál í raunveruleikanum. Á þeim árum voru fleygar enn atkvæðamikil tryggingartæki í klettum og boltun leiða óþekkt. Að frátöldum klettatindunum, sem fyrr var sagt frá, voru einu verðugu verkefnið að finna í fjöllum eins og Vífilfelli eða á Þingvöllum en einnig þar þótti öruggast að tryggja með fleygum. Sömuleiðis var ísklifrið fremur vanþróað og aðeins örfáar erfiðar leiðir höfðu verið gerðar. Eitt sem tekið var á, var að ekki þótti lengur hæft að æfa alltaf í ofanvað eða stigum, leið þurfti að fara í hvassa endanum, þ. e. að leiða hana ef segja átti hana klifna. Á svipuðum tíma kom upp það viðhorf að klifurleiðir einskorðuðust ekki eingöngu við tinda eða veggj. Þær mátti finna víðar, til dæmis upp hamrabelti, ísfoða eða jafnvel þegar glímt var við grjót (bouldering) í Öskjuhlíð. Þessi viðhorf áttu auðvitað rót að rekja til erlendra klifurmennsku og þau breyttu í rauninni engu því forsenda Alpastílsins er ávallt í fyrirrúmi. Hins vegar varð þetta til að menn hættu æfingaferðunum en fóru loks að klifra leiðir. (Menn höfðu nefnilega aldrei klifrað á Íslandi, heldur aðeins æft sig. Þeir sem fóru aldrei í Alpana á sínum ferli klifruðu þannig aldrei neitt, þeir bara æfðu sig!). Slíkar leikreglur voru auðvitað af hinu góða og þeim fylgdi tilvísan á staði eins og Stardal, Þýril eða Búahamra. Í þá daga var ekki mikið horft á slík svæði og styttri leiðir höfðuðu síður til manna. Tilkoma þeirra gaf hins vegar fleirum tækifæri á að klifra og ná betri árangri þó öðrum þætti ekkert til slíkrar fjallamennsku

koma. Öll aðkoma varð svo miklu einfaldari en fyrr og þá skipti heldur engu þó að klifurleiðirnar væru af styttri gerðinni; fyrir þann sem vildi klifra var 10-20 mín. aðkoma að 30-70 m háu klifurlendi miklu betri kostur en 4-5 klst. gangur að 30 m leið. Mikilvægt er að einmitt klifur í stuttum leiðum jók framfarir mun örvar en ella, þar á meðal til að fara langar leiðir.

Áhrif erlendra klifrara eins og Bill Sumner, sumarið 1979, og Sam Crimble, vorið 1980, hvíla einnig þungt á vogarskálunum þó að fjallaklifur hafi verið komið á rekspól árið 1979. Þeirra áhrif voru vel þegin og komu á góðum tíma. Fleiri erlendir fjallamenn komu til sögunnar á svipuðum tíma en höfðu líkast til ekki jafnmikil áhrif og þessir tveir. William Q. Sumner, reyndur amerískur fjallamaður, kom til landsins sumarið 1979 en hér hélt hann myndasýningu af erlendum fjöllum. Gekk Sumner síðan á Þveráartindsegg og Hvannadalshnúk ásamt fjórum félögum Ísalp. Að ósk alpaklúbbsmanna ritaði Sumner síðan pistil um hvernig íslensk fjallamennska kom honum fyrir sjónir og birtist hann í tímariti Ísalp í mars 1980. Má dæma eftir pistlinum að hann hefur verið víðsýnn gagnvart lítt mótadri íslenskri fjallamennsku. Sagði Sumner að sú klifurtækni og útbúnaður sem hann sá, væri sambærilegt því sem gengur og gerist á Vesturlöndum. Þó virtist honum að hér, sem í Bandaríkjunum, væri tilhneiging til að burðast með óþarfan útbúnað. Hann sagði: „Mér virðist þið eiga fjallamennsku á frumstigi á eyju fornrar og ævintýralegrar sögu. Með nokkurri aðgát getið þið ekki einungis þjálfað ykkur nógu vel heima fyrir, til að klifra hvar sem ykkur sýnist, þið getið líka varðveitt íslenskar óbyggðir, sem eru ekki aðeins sérstæðar, heldur einnig með þeim fegurstu í heiminum.“ Varðveisla óbyggðanna er sennilega það mikilvægasta sem Sumner benti á, að ekki mætti gleyma því, hversu heltekinn sem hægt er að verða af fjallaklifri, að áhrif öræfa og annarra auðna eiga líkast til ríkastan þátt í því hví nútímamaðurinn fer á fjöll. Grundvallaratriði sé að umgangast öræfin samkvæmt því. Þau svæði sem íslenskir fjallaáhugamenn nýta nú, voru þá enn lítt fótum troðin; engar leifar forveranna eins og gjarnan finnast erlendis, hvorki ryðgaðir fleygar, veðraðar línur og lykkjur né annað drasl. Þarf vart að taka fram að Sumner hreifst mjög af

íslenskri náttúru vegna þess hve hún var óspjölluð. Hann sá að Íslendingar eru lánsamir að því leyti og hafði aðra heimshluta til hliðsjónar: „Ég lit svo á, að óbyggðir séu landsvæði, sem eru nánast ósnortin af mannavöldum, þar sem ég get ferðast um og kynnst landinu í þeirri mynd sem það hefur verið um þúsundir ára. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé nokkuð, sem þið ættuð að varðveita af kostgæfni.“

Að óbyggðunum frátöldum hafði Sumner, ásamt hinum skoska klifurkennara Sam Crimble, sem kom hingað vorið 1980, óbein áhrif á vaxtarbrodd Alpaklúbbsins og námskeiðahald. Þar stendur Sam Crimble jafnfætis hinum fyrrnefnda hvað varðar ávinning íslenskri fjallamennsku til handa. Fjallgöngur og klifur var skemmtun og besta æfingin fyrir það var að klifra. Til að auka skemmtunina og einnig öryggið mátti beita ýmsum áhugaverðum aðferðum. Eitt dæmi um þetta er franska aðferðin, pied à plat, eða flatfótartækinn sem notuð er á ís, - og meira en það, ísklifrið varð vandasöm list. Erfðleikarnir felast í að þróa tilfinningu fyrir jafnvægi og viðloðun. Á þeim tíma var þetta annað sjónarhorn því gjarnan var tveim ísöxum og frambroddum beitt fljótlega eftir að bratti varð meiri en 45°. Þó að öruggast sé að klífa svo-leiðis þá felst glæsileiki í að gera það með einni og beita broddunum með iljunum. Þetta hentar auðvitað ekki í lóðréttu ísklifri en á leiðum þar sem bratti er allt að 70° eða í stuttum íshöftum er franska aðferðin árangursrík. Þessi aðferð hafði verið þróuð fyrr á öldinni í Alpalöndunum en gagnsemi hennar kom berlega í ljós þegar farið var að klífa ísveggi Alpanna á mun skemmri tíma en áður. Þekking þurfti ístólin mjög vel og hvernig þeim var beitt. Fyrir vikið varð ísklifur einhvern veginn fagaðri en fyrr því tæknin gerði kröfu til hugsunar og fjölbærni tækjanna.

Markverðast er að svona sjónarhorn var ástæða til að minnka útbúnað og klifra léttar. Franska aðferðin hafði verið kynnt á námskeiðum sem eins konar lágmarksgrunnur en



Ingvar Teitsson, Daníel, Guðjón, meistari Sam Crimble, Torfi, Hjalti, Helgi Ben, Halldór og Sigrún Stefánsdóttir á ísklifurnámskeiði 1980.

í rauninni átti að kenna hana sem verðuga áskorun því nytsemin gagnaðist vel hérlandis. Þetta varð ein orsökina að breyttum námskeiðum á fyrri hluta árs 1980, og klifurnámskeiðum sumarið eftir. Grunninum var breytt þannig að lögð var áhersla á beitingu tækja og tímanum varið til æfinga en björgunarpátturinn var felldur út nema því sem viðkom félaga-hjálp. Jafnframt var farið að skipta námskeiðunum niður í t.d. ísklifur-, vetrar- eða jökla-námskeið, svo fara mátti ýtarlegar í viðeigandi atriði. Eru þetta með fyrstu áþreifanlegu staðreyndunum um stefnubreytingar af völdum Alpaklúbbsins og þau atriði sem gerðu samtökin leiðandi í fjallamennsku á niunda áratugnum. Þetta breytta fyrirkomulag á námskeiðum var til mikilla bóta fyrir byrjendur og veitti þeim mun betri undirbúning en fyrr. Síðar tóku björgunarsveitirnar þessar kennsluaðferðir upp á sína arma og hafa fylgt þeim meira og minna eftir það. Áhrif hinna erlendu fjallamanna voru samt viðtækari en í formi nýrra kennsluaðferða því sjónarmið þeirra féllu vel að hugmyndafræðinni sem stækkandi hópur áhugamanna var farinn að tileinka sér. Í því fólst, númer eitt, að klifra sér til ánægju, vera sér nógur með takmarkaðan útbúnað, til að auka hraða í fjalllendi, en bæta það sem á vantaði með aukinni klifurreynslu, elju, áræðni og dómgreind. Að sjálfsögðu er þetta



Bjössí Vill í stigaklifri á Þingvöllum.

engin ný uppgötvun og vera má að eldri kynslóðir hafi lengi haft það fyrirkomulag að leiðarljósi. Hins vegar virtist klifrið ekki hafa forgang framyfir mikilvægi tindanna sjálfra og störfum björgunarsveita á þessum tíma. Án málalenginga, þá komu erlendar fyrirmyndir þessara ára því þannig fyrir og því virtist að ofantaldir þættir væru mikilvægir í að ná árangri í fjallamennsku. Má segja að á komandi árum hafi viðhorfin mótast nokkuð út frá alpastílnum, hugmyndafræðinni og umhyggju fyrir náttúrunni og þar hafi eins konar ídealismi verið ráðandi.

Vel fram á níunda áratuginn höfðu íslenskir fjallaklifrarar nóg fyrir stafni því um auðugan garð var að gresja. Flestar leiðir sem nú á dögum þykja gamalgrónar, augljósar eða jafnvel auðveldar voru fundnar út, klifraðar og gráðaðar, á þessum árum. Val leiða fylgdi í öllum tilfellum því sem kalla má veikleika í fjallshliðum eða öðrum rökréttum línunum. Helstu greinar fjallamennskunnar voru í fyrirrúmi en tvær þeirra, fjallaskíðun og ísfossaklifur, áttu vaxandi fylgi að fagna. Sú fyrrnefnda á mjög vel við íslenskt landslag en hin síðari var ný áskorun klifurum til handa. Fjallaskíðaáhuginn varð mikill um tíma og leiddi af sér fjölda

leiða, m.a. á Öraefajökli og víðar. Svipaða sögu mátti segja af ísklifrinu en á þessu tímabili voru margir hinna augljósari ísfossa í nágrenni Reykjavíkur klifnir. Nokkru fyrr, eða á árinu 1979, höfðu sjakalarnir borist hingað til lands; byltingarkennd ísaxategund sem ýtti undir sjálfstraust og hvatti til frekari dæða í ísfossaklifri. Þá kviknaði eins konar „norðurveggjahugur“ í mönnum sem rekja mátti til bæði keppnisandans sem var til staðar en einnig fjallabókmenntanna. Langar klifurleiðir eru afkvæmi þessa fyrirbrigðis, meðal annars í norðurveggjum Skarðsheiðar, Vestrahorni og víðar. Samhliða því áttu nokkrir klifrarar það til að einfara eða sólóa ýmsar leiðir í milli-gráðunum. Þann umdeilda ávana mátti náttúrulega rekja til erlendra áhrifa en hann náði þó aldrei almennilegri fötfestu. Ein gamalgróin stefna var einnig ráðandi um svipað leyti en það voru gönguskiðaferðir um landið þvert og endilangt. Virkastir í þessum ferðum voru nokkrir Flugbjörgunarsveitarmenn (og auðvitað Ísalparar um leið) sem jafnframt þróuðu samhliða aukinni reynslu, snjallar lausnir á ýmsum atriðum sem viðkom þeirra ferðum. Þegar horft er til baka verður að segja að óneitanlega var glæsileiki yfir þessum hópi sem fór sínar leiðir í anda alpinismans, sjálfum sér nógir, löngu fyrir tíma farsíma, neyðarsenda eða staðsetningartækja, en einungis með áttavita og kort sem siglingatæki. Starfsemi Alpaklúbbsins óx einnig ásmeginn og meðal annars yfirtók hann skála Fjallamanna í Tindfjöllum. Árið 1980 hóf klúbburinn svo byggingu fjallaskála í Botnssúlum en sá tindaklasi þótti þá geyma verkefni til framtíðar, bæði fyrir fjallaskíða-, göngumenn og klifrara. Það var mikið áfall þegar nýbyggður skálinn fauk skömmu síðar en velunnarar klúbbsins bitu á jaxlinn og reistu annan skála, - nokkru minni, en á sama stað í Súlnadal.

Áberandi framfarir urðu einnig í klettaklifri en þó ekki fyrr en að Stardalur uppgötvaðist. Í Stardalshnúki kom líka fljótt í ljós að fyrirmyndirnar voru frá öðrum svæðum en Alpalandunum. Kontinentallínan var lögð til hliðar en í staðinn klæðst hvítum buxum og þverröndóttum bolum að hætti frjálsslegra klettaklifrara í vestri. Flegarnir og klifurstigarnir sáust æ sjaldnar en „hexurnar“ (hnetutegund) birtust í þeirra stað. Helsti frumkvöðull breyttra áherslna í klettaklifri, sem jafnframt urðu til að auka veg þeirrar greinar meir en

fyrir, var hinn ameríski Bill Gregory sem búsettur var hérlandis í mörg ár. Þá urðu einnig þau tímamót um svipað leyti að menn fóru úr bomsunum og á tútturnar. Það var ekki eins sjálfsgengt og ætla mátti en slíkur skófatnaður þótti fram að því lítið varða fjallamennskuna heldur einungis klettaklifrið. Svo lítil þekking var á klifurtúttum hérlandis að þegar hinar fyrstu komu á markað þá voru þær keyptar með það í huga að rúmast í tveimur þörum af ullarsokkum í þeim, með bili framan við tál! Stardalur á tilkall til þessara ára vegna framfaranna og þar gegndi hann lykilhlutverki. Vegna þeirra fóru klifurerfiðleikar stighækkandi ár hvert. Nálægt 1977 var engin klifurleið erfiðari en gráða 3 hérlandis; þrem árum síðar voru komnar klettaleiðir af gráðu 5+, ísleiðir af IV. gráðu og margar góðar klifurleiðir á ýmsa fjallstinda. Má minnst þess að þó klettaklifur væri lítill hluti fjallamennskunnar í þá daga skilaði sú grein miklu í þágu hennar almennt eins og leikni í klifri ásamt öðrum tilheyrandi athöfnum í klifurlendi.

Í Stardalshnúki lærðist áhugasömum best að meta klifrið út frá siðferði, stíl og gráðum. Þessir þættir höfðu mótað nútíma klettaklifur á erlendri grund en giltu einnig um aðrar greinar fjallamennskunnar. Siði og stíl mátti rekja til hvernig klifur hafði m.a. þróast í Yosemite-þjóðgarði, sem þá var draumaland hvers klettaklifrara. Sá klifurstill sem féll undir þessa skilgreiningu er hinn sami og nú tíðkast, - að klifra leið eða spönn falllaust í einni lotu. Leikreglurnar hljómuðu þannig að fallast varð á að sá still væri sanngjarnastur og rökréttastur gagnvart getu klifrara innbyrðis og umhverfinu. Í grein Björns Vilhjálmssonar í 16. tbl. Ísalp frá maí 1980 segir: Vel er hægt að ímynda sér einhvern klifra í stigum og með fleyga upp leið sem alltaf hefur verið klifruð frjálst og með hnetum eingöngu. Ef spurningunni um hvor klifri í betri stíl er svarað, hlýtur að koma í ljós að sá sem klifrar frjálst, klifrar með betri stíl. Enn er spurningunni um hinn rétta stíl ekki svarað en úti í hinum stóra heimi hefur sú regla hlotið almennt fylgi að: Leið skuli ekki klifruð í lakari stíl en þeir sem gerðu hana fyrst. Menn geta ráðið hvort þeir noti hreinni stíl en hinir fyrstu en þeir ættu ekki að fjölga fleygum eða stigaköflum á leiðinni. Ef þeir þurfa það eru þeir á of erfiðri leið og ættu að reyna einhverja auðveldari. Að klifra leið að hætti þeirra er fyrstir gerðu hana er að

bera virðingu fyrir sköpun annarra og viðurkenna verk þeirra. En undir öllum kringumstæðum á að vernda umhverfið og leiðina í sem upprunalegustu ástandi. Hins vegar voru aðferðir til að leysa vandamálin enn umdeildar á erlendri grundu. Áhrifamiklir klifrarar í Yosemite viðurkenndu t.d. ekki vinnslu í leiðum en síðar voru þær aðferðir skilgreindar eins og rauðpunktur, bleikpunktur og sú sem er hin besta, það er að klifra leið án fyrirvara (e. onsight).

Gráður urðu fljótt mikilvægar í umræðunni enda einu viðmiðin sem nota mátti til samanburðar við erlenda fjallamennsku. Mikilvægið lá í því að fjöllum og klifurleiðum erlendis, sem talsverður áhugi var á, voru gefnar tilteknar gráður. Hve erfitt klifur einhver gráða fól í sér, var ekki vitað því engin dæmi voru til um þær hér. Eftir að farið var að meta leiðir á þennan hátt hér á landi var lengi vel ákveðinn vafi um rétta gráðu vegna þess að staðfestingu eða áþreifanlegan útgangspunkt vantaði. Það var ekki að ófyrirsynju því alla fýsti að hafa þær í samræmi við þau gráðukerfi sem stuðst var við. Mikil virðing var jafnan borin fyrir gráðunum og enginn vildi verða fyrir því að ofmeta leiðir. Í byrjun nægðu skýringar á gráðunum, sérstaklega í ís- og snjóklifri, af gráðu 1-3 og auðveldum klettaklifurleiðum. Áftur á móti fór málið að vandast um leið og klifrið tók að þyngjast og enginn dæmi þekktust. Venjulega voru leiðir gráðaðar á þann hátt að matið var fellt niður um eitt stig undir því sem grunur eða tilfinning sagði til um. Yfirleitt stóðust leiðir þá gráðu sem þær voru taldar vera og einungis örfáar þörfuðust leiðréttinga. Þau gráðukerfi sem stuðst var við í ísklifri voru skosku ísklifurgráðurnar og frönsku Alpagraðurnar, mismunandi eftir því hvers eðlis leiðir voru. Upp úr 1980 fór erfiðari leiðum að fjölga í nágrenni Reykjavíkur, leiðum sem einmitt var vandasamt að meta vegna reynsluleysisins. Margar þessara leiða voru verðug verkefni fyrir fjallaklifrara, þá sem nú. Þær voru samt sjaldan hátt skrifðar og þóttu aldrei alvörumiklar, eins og Kirkjan eða NV-hlíð Tindsins í Tindfjölum, - áskoranir þess tíma, þrátt fyrir að vera mun erfiðari.

Í klettaklifrinu náðu Yosemite-gráðurnar fljótt fótfestu þó skýringar á þeim væru ekki til staðar. Stuðst var við enska kerfið samhliða en ástæða notkunar hinna amerísku lá í að fyrstu staðfestingarnar komu frá þarlandum.



Sigurður Baldursson og Helgi Ben. undir Hraundranga.
Ljós.: Pétur Ásbjörnsson.

Þó höfðu ákveðnar grjótglimur (boulder problem) á Þingvöllum og Öskjuhlíð gefið örliða nasasjón af því hversu mikið erfiði fólst í ákveðnum gráðum. Fyrstu útgangspunktarnir var stutt glíma á Þingvöllum sem farin var vorið 1979 og fékk gráðuna 5.7, og kunnari leið eða Stúkan í Stardalshnúki, sem var staðfest sem 5.6 leið, vorið 1981. Stúkan er annars ágætis dæmi um viðhorfsbreytinguna sem fyrr hefur verið greint frá. Þegar hún var fyrst farin, sumarið '78, var leiðin stigaklifruð en erfitt klifur var alltaf framkvæmt á þann hátt, eftir erlendu fyrirmyndunum að dæma, það er að segja bókunum. Nútímalegri bækur gerðu fríklifri göfugri skil sem endanlegri aðferð klifurs en stigaklifur var sett í aðra deild. Haustið 1979 var Stúkan síðan fríklifruð og má á því sjá að mönnum hafi verið annnt um að fylgja settum reglum. Með tileinkun hinna nútímalegri viðhorfa fór fríklifur að vega þyngra hér á landi. Sennilegasta skýringin á hinum miklu framförum í klettaklifrinu og mótun hefða á þessum árum er sú að það hafði aldrei átt mikið upp á pallborðið hjá björgunarsveitunum þar sem hinir virku félagar voru á annarri bylgjulengd. Þeir höfðu því takmörkuð afskipti af klettaklifri utan þess sem numið var á fjallnámskeiðum erlendis og sinntu því lítið hér heima. Það kom alveg í hlut ungra áhugasamra Alpaklúbbsfélaga að móta hefðirnar í því en slíkt hefur yfirleitt í för með sér ákveðna hvatningu til að gera betur. Þeir flestir höfðu litla sem enga reynslu af utanlandsferðum og voru einungis undir áhrifum þess sem mest bar á í heimi fjallamenskunnar. Frá þeirra sjónarhóli var hver ný gráða ákveðið

haft sem takmarkaði yfirsýn, á sama hátt og nú gerist. Kannski má það þykja ótrúlegt, en að brjótast yfir þröskuldinn í nýja gráðu þótti jafn erfitt í hvert sinn, hvort sem farið var úr 5.6 í 5.7 eða úr 5.11 í 5.12, því allir þættirnir eru óþekktir. Þjálfunin var einnig af skörum skammti svo klifrið var alltaf jafn erfitt. Í kjölfarið fylgdi vinna og fyrirhöfn til að auka stöðugleikana í hinni nýju gráðu, öðlast reynslu með fjölmörgum leiðum áður en meta mátti einhverja aðra leið erfiðari.

Hér má bæta við þeirru athyglisverðu staðreynd að í hvert sinn sem ný erfiðleikagráða var klifin hérlandis, bæði í ís og klettum, þá gerðu íslenskir klifrarar það óstuddir. Eina vitneskjan var, að vitað var að klifra mætti erfiðara. Fæstir erlendu fjallamannanna sem hingað komu, að frátöldum Doug og Michael Scott, greiddu götuna með því að fara erfiðari leiðir en kunnar voru. Það hefði hvort sem er verið erfitt fyrir þá að ryðja götuna þar sem engin svæði þekktust til að gera það á. Slíkar leiðir hefðu verið mikill fengur og nýst sem viðmiðanir til gráðunar annarra leiða. Annað athyglisvert er að allar leiðir, sem farnar voru í Stardal, allt fram til ársins 1987, voru klifnar með hinni hefðbundnu aðferð, það er frá byrjun leiðar. Seinni tíma leiðir á flestum öðrum klifursvæðum hafa margar hverjar verið farnar á þann hátt að unnið hefur verið í þeim áður en þær hafa svo verið leiddar í einni atrennu, það er með þeirri aðferð sem nefnd er rauðpunktur. Athuga ber hins vegar að þær leiðir eru yfirleitt miklu erfiðari en þar sem fyrrum voru farnar. Óþarft er að rekja nánar framgang fjallamenskunnar eftir stofnun Ísalp og fyrri hluta níunda áratugarins en ljóst ætti að vera hve hugmyndirnar breyttust mikið á skömmum tíma. Segja má að allt fram til 1986 hafi hinn jafni stígandi verið í anda alpastílsins en þá fór að bera á nýjum hugmyndum og fyrirmyndum. Róttin í þeim breytingum er einmitt sérhæfingin sem auknar framfarir í fjallaklifri kröfðust. Reyndar má miða heimsóknir Doug Scotts á árunum 1984 og '85 sem upphafið að tímabili evróstílsins þó þessi mikli fjallamaður verði sjálfur seint kenndur við þann stíl. Kannski kom hann bara í lok tímabils alpastílsins og hvassa endans.



Helgi Ben. og Arngrímur Blöndal á Mt. KcKinley 1979. Ljósm.: Arnór Guðbjartsson.

Tímabil evróstílsins; ár sérhæfðari fjallamennsku

Sérkenni þessa síðasta umbyltingaskeiðs í sögu Alpaklúbbsins, tímabili evróstílsins, eru að þá fóru fjallaklifrarar að beita sér á annan hátt til að ná árangri, - það er með hnitmiðaðri þjálfun. Það var, eins og fyrr var dregið á, bein afleiðing friklifurbyltingarinnar sem hafði byrjað löngu áður í Evrópu og víðar. Á slíku hafði lítið borið, menn fóru á fjöll eða til að klifra og söfnuðu reynslu þar en stunduðu sjaldan íþróttasali. Mikilvægi hugmyndafræðinnar og það að vera Alpínisti, höfðu leikið stærstu hlutverkin en nýju viðhorfin byggðust upp af enn meira frjálsræði og íþróttanda. Svo lengi var sérhæfðu klifri gefinn lítill gaumur að langan tíma tók að sjá gildi þess að þjálfar sig sérstaklega fyrir það. Til dæmis hefur reynslan sýnt að þjálfun fyrir sérhæft klifur teygir sig í alla geira fjallamenskunnar; að þjálfaður klettaklifrari er fyrir vikið einnig betri ísklifrari og jafnvel skíðamaður en án þjálfunarinnar. Hefur hin aukna sérhæfing ákveðinna greina fjallamenskunnar ýtt undir meiri háttar framfarir á síðasta áratug. Sömuleiðis má segja að síðvenjur fjallamennsku nútímans hafi lítið breyst eftir þetta tímaseið því þótt menn klifri erfiðari leiðir nú á dögum þá eru aðferðir og hugmyndir nánast hinar sömu. Í

upphafi þess, svona nálægt 1984 - 85, voru erfiðar ísleiðir flestar af IV. gráðu, og einstaka náði að banka á dyr þeirrar fimmtu. Klettaklifurleiðir söfnuðust flestar í 5.7 - 5.8 og örfáar náðu gráðu 5.9 og ein 5.10. Þar ofan við var þak sem engin leið var í gegn. Þrátt fyrir að talsverð reynsla væri til staðar á þeim tíma þá héldust erfiðleikar klifurleiða ekki í hendur með henni. Getan var til staðar en einhver stöðnun var að verða ef horft er á að leiðir sem klifnar voru söfnuðust í áður nefndar gráður en engin meiriháttar gegnumbrot áttu sér stað. Eftir á að hyggja var hreinlega komið að ákveðnum tímapunkti í framganginum þar sem fá þurfti nýtt sjónarhorn.

Líklega er það á þessum árum sem best sést, hvað hefðir og reglur geta fljótt komist í vana og þær jafnvel unnið gegn upphaflegri ætlun. Eins og fram hefur komið hafði hugsynin á tímabili hvassa endans og Alpastílsins oftast snúist um klifurleiðir í fjöllum. Hin algilda klifuraðferð á þeim vettvangi er uppganga frá rótum til topps í einni atrennu, - eðlilega, án fyrirvara. Þessi aðferð var einnig ráðandi á styttri klifurleiðum eins og t.d. í Stardal. Einn leiddi klifrið, annar elti auðvitað í ofanvað og hreinsaði út tryggingar (er enn í fullu gildi í Stardal og í fjöllum, - en síður á öðrum sportklifursvæðum). Sjaldan var lítið svo á að nauðsynlega þyrfti að vinna í leiðum

því í fjöllum um yrði hvort sem er ekki tími í að reyna mörgum sinnum sama hreyfingamynstrið. Eitthvað sagði líka að ef margar atrennur þyrfti í tiltekið vandamál þá væri það einfaldlega ofviða. Réttara væri að biðja eftir einhverjum sem gæti klifrað það og skemma ekki fyrir honum því sá klifrari gæti leynst í komandi kynslóðum. Var ekki reynt mörgum sinnum við þrautirnar og helst aðeins einu sinni á ári. Svona var þetta bara. Siðferðisreglur sem skilgreindu t.d. rauðpunkt voru ekki viðurkenndar því þær tíðkuðust einmitt ekki í fjöllum og höfðu mætt mikilli gagnrýni erlendis. Lengi var hins vegar vöngum

velt yfir hvernig erlendum fjallamönnum tókst að ná svo miklum árangri sem raun bar vitni og gerðu hin ótrúlegustu afrek, t.d. í Ölpunum. Ljóst var að mikil þjálfun og klifurreynsla lá að baki en skilningur á slíku varð mun dýpri þegar farið var að vinna í leiðum hérlandis. Sjónarhornið breyttist og vonin jókst um að ná mætti nægilegum árangri hér á landi til að fara erfiðar og einnig sögufrægar leiðir. Líkast til var það einangrunin enn og aftur sem hér kom til sögunnar, fámennið og hefðirnar sem spunnist höfðu af svona þáttum.

Stundum var siðferðisramminn meira í átt við forræðishyggju þó í öðrum tilfellum hafi

Í grein sem Sam Crimble ritaði um vetrargráður, í tímarit Ísalp nr. 18 árið 1980, kom fram að skoska gráðukerfið varð til snemma á 6. áratugnum og var samið með hliðsjón af fámennri íþrótt. Kerfið hefur svo verið notað víða, m.a. hérlandis, í nær óbreyttri mynd. Flestir, kunnugir þeirri þróun sem orðið hefur í ísklifri, vita að þær hafa til langs tíma verið ófullnægjandi til viðmiðunar, ekki síst þó gagnvart hinum gríðarlegu breytingum á allra síðustu árum. Á fyrsta skeiði Ísalp kom þetta til tals vegna ónákvæmni lýsinga en ekki þótti þarft að aðhafast nokkuð þar sem fjöldi ísklifurleiða var takmarkaður og hluti gráðustigans óþekktur. Sam hins vegar hvatti til þess að íslenska klifursamfélagið tæki á þessu máli; Íslenskir fjallamenn eru nú í mjög öfundsverðri aðstöðu. Þær ísklifurleiðir sem til eru, eru fáar og hafa ekki oft verið farnar, þannig að breytingar á leiðarvísunum yrðu litlar. Hvaða tími er betri til að búa til íslenskt gráðukerfi óbundið því sem annars staðar þekkist en þó sambærilegt við núverandi kerfi annars staðar, sem eru í endurskoðun.¹¹ Á síðustu árum hefur orðið ljósara að breytinga er þörf en engar hafa enn náð fótfestu þrátt fyrir að hugmyndir hafi komið upp af og til. Þær hugmyndir hafa verið of þvingandi. Í einn stað leitast þær til að afmarka hverja gráðu með ýmsum tilbrigðum en aldrei sleppt úr þeirri óþörfu skilgreiningu sem sett var í skosku gráðurnar að ákveða lengd V. gráðu leiða. Það ákvæði miðaðist við þegar leiðir voru farnar með ísexi sem einungis var hægt að höggva spor með og eiga nú sér engar hliðstæður. Í annan stað hefur of mik-

il virðing verið borin fyrir gráðunum svo að reynt hefur verið að hafa breytingar innan hinna fyrirfram ákveðnu 5 eða 6 stiga. Hugmyndir hafa jafnvel snúist um að lækka gráðu á fjölmörgum leiðum til að geta látið ofurleiðir nútímans falla inn í rammann.

Fyrsta skrefið í breytingum er að losa við hugarhömlur um að gráðukerfi eigi að vera erlent að sniðum. Fjallaklifur er fyrst og fremst skemmtun en ekki lögmál; gráður og síðir ættu að vera sniðnir að þeim aðstæðum sem fyrir eru. Það stendur hvergi að gráðukerfi þurfi endilega að vera alþjóðleg, ekki frekar en tungumál, vegna misjafnra aðstæðna á milli staða. Einu kvöðina sem krefjast mætti af gráðukerfi er að vera samantarhæft við önnur. Það á ekki að vera svo flókið að gráða leið. Leið sem fara á ber tvennt: hún er annað hvort ófarin eða ekki. Ef fyrrnefnda atriðið stenst þá er það klifrarans að skera úr. Ef það síðara er fyrir hendi þá hefur viðkomandi klifrari hæg tök til að komast að hverju sem hann kys. Hann fær upplýsingar um lengd leiðarinnar og hvort um ís, snjó eða blandað klifur sé að ræða. Það þarf því ekki að setja þessi atriði inn í gráðuna. Gráðan á einungis að gefa til kynna hversu erfiðu klifri megi eiga von á. Annað atriði er að hún sé nægjanlega rúm til að breytingar á aðstæðum, kannski á milli ára eða skemmri tíma, séu mögulegar. Þó er engin þörf á að hætta með núverandi gráðukerfi enda sníðst það ágætlega að leiðum. Það mætti líka nota það með aðeins tveimur breytingum: a) enga lengdarmetra, takk, og b) ekkert þak á gráðukerfi.

hann beint mönnum af því sem kalla mætti rangri braut. Samkvæmt því var notkun kalks fordæmd í leiðum sem gerðar höfðu verið án notkunar þess, á sömu forsendunni og venjulega, það er að ekki eigi að klifra leiðina með verri stíl en áður. Það var hræðileg staðreynd fyrir hina duldu kalkaðdændur sem voru að koma upp á þessum tíma, auðvitað eftir erlendum fyrirmyndum. Þeir þorðu ekki að viðurkenna óeðlið og héldust við í skápnum um sinn. Þetta var hálfgerður vítahringur því auðvitað voru allar leiðir gerðar án kalks á þessum árum og enginn vildi vera nappaður með kalk. Þannig séð var ekki um neina leið að ræða í fyrirsjáanlegri framtíð! Upp kom sú staða að þrætt var um notkun þess, hvenær ætti að nota það og hvar. Ástæðulaust var talið að nota kalk í leiðum auðveldari en 5.10 enda áttu þær ekki að vera svo erfiðar að það skipti sköpum. Önnur gagnrýni laut að ofnotkun, t.d. hvort hvítar skellur á hand- og fótfestum skemmdu ekki fyrir öðrum á þann hátt að auðveldara yrði að lesa úr leið og því yrði hún í raun auðveldari en ella. Dæmi voru dregin fram um bergskemmdir af völdum kalks á erlendum svæðum og að um varasamt efni væri að ræða. Eins og gera má sér í hugarlund byggðist gagnrýnin upp af reynslu erlendis frá, þrátt fyrir að þar eru aðstæður nokkuð frábrugðnar því sem hér er. Á Íslandi sér veðurfarið um að hreinsa kalkið burt á örskömmum tíma auk þess sem samfélag klifrara er svo mikið minna en erlendis. Áður en ráðið var úr þessu fékkst vítamínsprauta að utan, það er Doug Scott, sem hingað kom vorið 1985. Það var ekki einungis hvalreki fyrir fjallamennskuna hérlandis heldur einnig ákveðin viðurkenning gagnvart fjöllum okkar.

Einhvern veginn hafði lengi legið í loftinu, þótt enginn mælti það berum orðum, að klifur á Íslandi ætti enga framtíð vegna óbrattrar fjalla, bergsins eða ógæfulegs veðurs, andstætt því sem þekktist erlendis. Þarf vart að taka fram að samanburðarsvæðin voru Alparnir eða álíka staðir. Hér og þar þótti lítið vit í að klifra því ef bergið var ekki of laust þá var það of gróið. Stundum gekk þetta út í svo miklar öfgar að trúa því að dólerítið í Stardals-hnúk væri miklu sleipara en gengur og gerist, eða ísinn jafnvel stökkari en í öðrum löndum. Svona viðhorf voru þekktari á áttunda áratugnum en síðar varð, þegar fá klifursvæði

voru kunn hérlandis en menn fóru í Alpana til að gera alvarlegu leiðirnar. Framfarirnar voru sem sagt fluttar inn eins og hver önnur vara á kostnað þjóðarframleiðslu. Oft var eins og menn skömmuðust sín fyrir íslenska bergið. Í tímariti nr 16 - maí 1980, Félagsstarfið, bls 4-5 segir af heimsókn Sam Crimble í apríl 1980: „Morguninn eftir, 1. maí, fóru nokkrir af félögum ÍSALP með Sam í kynnisferð um Suðvesturland. M.a. skyldi gengið á Botnssúlur og reynt við ísklifur þar. Illviðri í Botnssúlum kom þó í veg fyrir allt klifur þar, en í staðinn var farið um stund í klettaklifur á Þingvöllum og sögustaðurinn skoðaður. Á heimleiðinni var komið við í Hveragerði og varð Sam ekki síður undrandi yfir jarðhitnum þar en því hve íslenskt berg er illa til klifurs fallið. „Ekki veit ég hvort þetta sé tekið upp eftir hr. Crimble sjálfum en ef svo er þá var ekki að undra því fáir staðir eru ljótari í rigningu en Þingvellir og gjárnar ekki besti staðurinn til að dæma landið af. Má minnast orða Doug Scotts eftir að hann hafði klifið Rustanöfina við Vestrahorn, vorið 1985 að; ef það hefði verið rigning væri þetta versta klifur í heimi.“ Hann hins vegar dæmdi ekki íslenskt bergklifur vonlaust eftir það ævintýri því einkunnin sem hann gaf Fallastakkanöf var á allt annan og betri veg.

Slíkum skoðunum fylgdi auðvitað vantrú á að útlendingar sem læra mætti af, kæmu að klifa hér vegna þess hve fátt var boðlegt. Síðan kom þessi nafntogaði fjallamaður, Doug Scott, og þegar hann sýndi landinu og fjöllum áhuga þá var það vegna þess hve ólíkt öðru það var. Klifurlendið og veðurfarið var auðvitað ekki það besta sem völ er á en jákvæðara þótti hversu fáir eru á ferli auk þess sem aðstæður og landið var ósnortið. Klifrarar á Íslandi voru í aðstöðu sem fólst í að geta farið og gert nýjar leiðir hvenær sem er og í sömu mund mótað hefðirnar og forðast mistök annarra þjóða. Þetta var í rauninni eitt af því sem fleiri erlendir fjallamenn höfðu bent á að væri vert að vernda en einmitt þannig hefði íslenskt klifur sín eigin sérkenni. Ávinningurinn sem hlaust af komu Doug Scotts var ef til vill mestur af því að læra af verkum hans og skynja hvernig góðir fjallamenn bera sig að. Eftirtektarvert við hann, og til eftirbreytni, voru ákveðnir eiginleikar sem eflaust skilja frábæra fjallamenn frá hinum, það er ekki endilega að gera hlutina glæsilega, eins og margir



Pétur í Aconcagua leiðangri 1984. Ljósni.: Úr safni Péturs Ásbjörnssonar.

geta séð fyrir sér í huganum, eða á góðum klettaklifurum, - heldur að gera þá. Útsjónarsemi, elja og þrautseigja eru mikilvægir í því sambandi, auk þess að vera glöggskyggn til að sjá út möguleika á klifursvæðum og að jafnvel lítill klettur getur verið áhugaverður ef því er að skipta, jafnvel fyrir stóra karla!

Sömu sögu má segja um Michael Scott, sem kom hingað vorið 1986. Í Stardal sýndi hann að leiðirnar þurftu ekki endilega að liggja upp sprungurnar heldur mátti klifra utanvert á stuðlunum þó tryggt væri inn í sprungurnar. Eftir á var þetta augljóst en oft er það svo að hinir einföldustu hlutir eru huldir sjónum manna. Slíkir möguleikar höfðu ekki legið ljósir fyrir hérlandis þegar aðeins var leitað eftir stórum leiðum. Ísland býður aftur á móti ekki upp á margar slíkar leiðir en ber gnótt af litlum svæðum, sérstaklega fyrir ísklifur. Það þurfti alls ekki að dæma það úr leik fremur en Bretlandseyjar, heldur að nýta ávextina eins og þeir koma af trénu. Stunda fjallamennskuna miðað við aðstæðurnar sem bjóðast, - miðað við sérkennin. Ég held að fjallamennskan hafi opnast meira eftir þetta og betrubæst og gefið til kynna að það er engin ein rétt aðferð til að stunda hana. Hún sé best látin óaréitt svo fremi sem umhverfið verði ekki

fyrir skaða. Það lá ljóst fyrir að nýjungar áttu að geta komist inn í hana fyrirhafnarlaust til að hún fengi áfram að dafna.

Eins og vel má sjá í ársritum Ísalp varð stíganginn í Alpaferðum alltaf meiri og erfiðari leiðir voru klifnar. Einnig fóru íslenskir fjallamenn á framandi slóðir og klifu hærri fjöll en áður. Hvað klifrið snerti þá tók að aukast áhugi fyrir klettaklifri, sérstaklega eftir 1986, ekki síst þegar sýnt þótti að með tileinkun evrópsku aðferðanna mátti bæta kunnáttu og klifurgetuna. Sportklifur var að stinga rótum á Íslandi. Augljósustu sannanirnar komu í ljós vorið 1987. Fyrr um veturinn höfðu framamenn í Ísalp og HSSR reist klifurvegg og hafði æfingar samviskusamlega. Og árangurinn lét ekki á sér standa. Nokkrum mánuðum síðar voru erfiðari leiðir en fyrr höfðu verið farnar, klifraðar í Stardal. Má heldur ekki gleyma ávinningunum fyrir ísklifrið sömuleiðis sem af þessu hlaust því að enn erfiðari ísleiðir en fyrr voru klifnar. Áhrifamiklar breytingar urðu einnig þegar farið var að bolta leiðir í Valshamri vorið '87 og farið var að klifra leiðir af gráðu 5.11 (sjá gráðukvarða bls.) á Íslandi. Ljóst var að ef boltarnir hefðu ekki komið þá væri klifurgetan ekki með tærnar þar sem nú standa hælarnir. Samhliða aukinni þjálfun

fóru klifrarar að leita nýrra svæða enda má segja að með tilkomu boltanna hafi möguleikarnir stórlega aukist. Einmitt sú aðferð hefur verið fjallamenskunni hvað heilladrjúgust á síðasta áratug, eins og sjá má á mörgum leiðarvísunum sem hér er að finna.

Að síðustu, örlítið um fjallamenskuna á okkar dögum

Hér á undan hefur verið stiklað á ýmsum atvikum og dæmum sem skiptu máli í framgangi fjallamenskunnar á Íslandi síðustu áratuginu. Nú skal aðeins söðlað um og skoðað hvernig hún kemur fyrir á okkar dögum. Fyrst ber að nefna að kunnátta og geta til að klifra er mun almennari en fyrr. Því ber að þakka atriðum eins og upplýsingamiðlun, meiri reynslu og áhuga fjallaklifrara til að gera meira. Fyrrum var lenskan að fara á öll svæði til að kynna þeim, vinna sig upp og slíkt. Nú er algengara að einbeita sér tímabundið að ákveðnum svæðum og reyna flest sem þar má gera. Léttar leiðir, t.d. í snjó eru ekki lengur farnar og klettaleiðir, auðveldari en 5.3 þykja ekki spennandi. Fjallamenn hafa úr margfalt meiru að spila en áður og eðlilegt þykir að einbeita sér að einni grein innan fjallamenskunnar. Sjálfsgaðara þykir að geta farið leiðir af gráðu IV í ís og 5.7-5.9 í bergi nokkuð fljótt á ferlinum. Skilningurinn á því, að til að ná árangri í kletta- og ísklifri, sé krafist sérhæfðrar þjálfunar er mun kunnari en áður. Hins vegar eru þeir vandfundnir sem ekki hafa flögrað á milli greina, rétt eins og fyrrum, eða rækti tvær til þrjár greinar á sama tíma. Nú hafa einstakar greinar áunnið sér ákveðnar sess og allt á auðvitað rúm innan fjallamenskunnar. Hvað hugarfarið á síðasta áratug varðar eru aðallega tvær breytingar áberandi: einbeitingin við að klifra aðeins erfiðar leiðir og tileinkun aðferða sem leyfa mönnum að gera erfiðari leiðir. Þetta hefur verið áberandi í kletta- og ísklifri en er að koma upp í ísklifri, sem betur fer. Í rauninni ættu ísklifrarar og hafa, hin síðari ár, tekið sama pól í hæðina og gert hefur verið í klettunum. Vinna leiðirnar. Að ís- og blandklifrið verði einnig sportklifur. Leikur enginn vafi á að framtíðin liggur í því. Klifurveggir hafa gert það kleyft að ná miklu meiri framförum og hraðar en fyrr. Grunninn þarf ekki nauðsynlega að sækja á allra auðveldustu leiðunum og þegar hann hefur náðst

þá tekur mun skemmri tíma að komast í álitlegar klifurleiðir.

Hálfjallaferðir Íslendinga eru svo sérkaflir í sögunni og ákveðinn vitnisburður um hve langt íslenskir fjallamenn hafa náð á síðustu tuttugu árum. Ýmsu ber að þakka, t.a.m. árangrinum sem náðst hefur hérlandis, áræðni og fórnfýsi og í öðru lagi hve mikilli reynslu áhugamenn hafa geta safnað á erlendri grundu. Þó má ekki gleymast að aðalþáttinn eiga auðvitað hinir sterku einstaklingar sem þar hafa verið í för. Eins og sagt var frá hér fyrr hófust háfjallaferðir Íslendinga með ferðum á McKinley og Aconagua. Næst var stefnt á erfiðari háfjallaslóðir víða um heim, bæði þegar farið var til Suður-Ameríku og Himalaya, sumarið 1985. Eftir það fóru íslenskir fjallamenn nær árlega á háfjöll og þá oftast í austurveg. Alvarlegt bakslag kom í þessa þróun haustið 1988 þegar tveir af okkar reynslumestu fjallamönnum fórust á fjallinu Pumo Ri í Nepal og síðan aftur 1991 þegar annar Alpaklúbbsfélagi beið bana á sama fjalli. Gæfan hefur hinsvegar fylgt seinni ferðalöngum, hvar sem þeir hafa farið. Stærstu afrekin eru auðvitað ferðirnar á Cho Oyu, Everest og nú síðast Suðurlóninn.

Allt eru þetta fjöll og leiðir sem sennilega flesta fjallaáhugamenn hefur ævinlega dreymt um, í það minnsta tímabundið. Slíkt hefur blundað lengur en nemur tilvist Alpaklúbbsins. Samt sem áður hefur þurft uppbyggingu til að slíkt gæti orðið að veruleika og má ætla að hún hafi tekið um 25 ár. Meirihluta tímans hefur Ísalp verið í fararbroddi fyrir þá fjallamenn sem byggðu grunninn. Hugsunin var líka að sameina krafta áhugamanna og þeirra sem tilheyrðu björgunarsveitunum undir einn hatt. Á þann hátt má segja að hlutskipti hans sé að vera hlutlaust sameiningartákn fjallamanna. Frá stofnun klúbbsins er nú að koma upp hin fjórða kynslóð klifrara og fjallgöngumanna og er grunnur hennar af allt öðrum meiði en hinna. Hætta er á að þörf fyrir samtökin sé minni en áður, ekki síst vegna þess að björgunarsveitirnar eru farnar að mæta kröfum áhugamanna betur en fyrr. Það er sjálf-sögðu ekkert sem segir að Ísalp þurfi alltaf að vera til. Það verður samt ekki af klúbbum tekið að hann hefur stuðlað að mestu framförum í þágu fjallamenskunnar fram að þessu.

Sauratindar og fleiri klifursvæði á Vestfjörðum


eftir Rúnar Óla Karlsson

Ísland verður sjálfsagt seint frægt fyrir fjölbreytni í klettaklifri. Hingað til hafa svæðin verið fá og flestöll á suðvesturhorninu. Nú er svo komið að vert er fyrir klettaklifrara að leggja á sig erfitt ferðalag til hjara veraldar, Vestfjarða. Á seinustu árum hefur vaknað tölu-

verður áhugi á fjallamennsku á Ísafirði og fjallagarpar verið iðnir við kolann bæði sumar og vetur. Nýjasti landafundurinn eru klettir ofan Súðavíkur sem hafa ekkert sérstakt nafn á staðfræðikortum, en fjallið heitir Sauratindar. Þetta eru reyndar engir tindar heldur marflatt og mjög breitt fjall sem skilur að Arnardal og Sauradal (ekki spyrja mig hvaðan þessi saur er kominn!). Bergið sem um ræðir er efst í fjallinu og myndar fallega hvilft með læk og finu tjaldstæði. Þetta er súrt gosberg um 10.000 ára gamalt (gígtappi) með breiðum kælispungum líkt og stuðlaberg, sem síðan hefur veðrast og fengið á sig ávöl form. Hæstir eru klettarnir 65 - 70 metrar og leiðir tveggja spanna.

Fyrstir til að reyna að klifra þarna voru greinarhöfundur og Sigurður Jónsson (Búbbi). Að sjálfsögðu var ekki valin auðveldasta leiðin heldur sú mest spennandi, enda komumst við ekki upp í það skiptið. Í júní í fyrra reyndu fjórir ungir spjátrungar frá Ísafirði að glíma við klettinn, og komust tveir þeirra alla leið eftir að hafa þurft að fást við bunandi vatn síðustu metrana sem rann úr snjóskafli á brúninni. Þetta voru þeir Eiríkur Gíslason og Ragnar Þrastarson. Stuttu seinna fór ég með þeim og klifruðum við aðra leið sem reyndist mjög skemmtileg, enda snjórinn farinn af brúninni og efsti hlutinn orðinn þurr. Síðasta sumar áskotnaðist okkur rafmagnsborvél sem bauð upp á nýja möguleika á þessu svæði. Var hafist handa við að bolta stóru sléttu fletina milli sprungnanna, en á þessum hluta beltisins eru sprungurnar orðnar svo veðraðar að þær eru V-laga og halda engu hnetudóti. Á veturna fyllast þær af ís og bjóða upp á háklassa alpafling.

Um miðjan ágúst fengum við góða heimsókn að sunnan. Voru þar mættir Jökull Bergmann og Gregory Facon. Sögðu þeir að Stef-



Umferðaröngþveiti á Vestfjörðum. Ljós m.: Jökull Bergmann.



Stefán Smárason klifrar Sauratinda við Súðavík. Ljósmynd: Jökull Bergmann.

án Steinar og Dagur ætluðu að koma daginn eftir. Jökull hafði tekið með sér bensínrokkinn, þannig að við spændum uppeftir og byrjuðum að bora og berja. Að kvöldi föstudags var einni tveggja spanna leið lokið og búið að spotta út fullt af leiðum sem vonandi verða boltaðar næsta sumar. Héldum við niður sælir og glaðir að loknu góðu dagsverki og hlökk- uðum til að klifra leiðina morguninn eftir, enda spáin ágæt. Laugardagsmorgunn rann upp bjartur og fagur og héldum við af stað; Jökull, Gregory, Ragnar og ég. Labbið þarna upp eftir tekur um 1 – klukkustund í fallegu umhverfi með útsýni yfir Ísafjarðardjúp. Ekkert hafði sést til Stebba og Dags og héldum við að þeir hefðu látið vestfirska vegakerfið sigra sig. En þegar við komum upp í hvilftina sáum við lítinn punkt sem silaðist upp vegginn, hægt en örugglega. Jökull skipti um ham á augnabliki og öskraði svo undirtók í fjöllum: „Viljið drulla ykkur niður úr leiðinni“. Punkturinn hætti að silast og öskraði á móti „haaaa“. „Þetta er leiðin okkar“ kallaði Jökull. „Hafið þið ekki heyrt um að setja hvítt sling í neðsta boltann?“ spurði punkturinn. Nú var Jökli nóg boðið. „Þetta er Súðavík, maður, ekki Ceuse“. Við þetta seig punkturinn niður og Jökull tók á sig rétt litaraft. Gengum við upp að klettunum og hittum þar Stebba og Dag (í flauelinu). „Eru einhver læti í ykkur strákar?“ spurði Stebbi brosmildur að vanda, en Jökull átti erfiðara með að svara fyrir sig svona í návígi.

Leystum við málið þannig, að ég og Ragn-

ar klifruðum boltuðu leiðina en Stebbi og Dagur ætluðu að prófa dótaleið aðeins til hliðar. Leiðin hjá Degi og Stebba hlaut nafnið City Slickers (5,9), en boltaða leiðin Primanoche (5,8 fyrri spönnin en 5,9 sú seinni). Þegar allir höfðu klifrað nóg, settum við upp megintryggingar í aðra leið sem verður lokið við seinna. Síðan var haldið heim á leið. Á sunnudeginum var lítið gert vegna veðurs.

Í þessu klettabelti mætti auðveldlega setja upp 20 - 30 leiðir af gráðunni 5,7 - 5,11. Klettarnir ná sjaldnast lóðréttu en tókin eru oft þunn sem gerir leiðirnar krefjandi. Sumstaðar eru þök sem vert er að reyna við.

Fleiri svæði í nágrenni Ísafjarðar er einnig vert að minnst á. Til dæmis er stór og mikill berggangur á Arnarnesi, en í gegnum hann voru boruð fyrstu jarðgöng á Íslandi. Þar eru nú fjórar 10-20 metra boltaðar leiðir og fleiri í bígerð. Neðan vegarins utan til við flugvöllinn eru tvær stuttar boltaðar leiðir og nokkrar dótaleiðir í föstum sjávarklettum. Að Gerðhömrum í Dýrafirði er fallegur berggangur sem hallar um 10-20 gráður. Aferðin á berginu er mjög mismunandi og býður upp á margt. Þar er um 4-7m hár og ágætur „boulder“ staður. Nú er bara að vona að sem flestir sjái sér fært að mæta vestur hvort sem væri sumar eða vetur, því ísklifrið er að mörgu leyti ókannað og fjöldinn allur af bröttum fjöllum sem aldrei hefur verið skíðað niður. Munið að það er jafn langt frá Ísafirði til Reykjavíkur eins og frá Reykjavík til Ísafjarðar!

Vetrarsól

Eftir Guðmund Jóhannsson

Við félagarnir höfðum nú ekki klifrað mikið saman, eitt kvöld í Valshamri og nokkra daga á Hnappavöllum þar sem kviknaði hugmynd um klifur á Spáni í dagsbirtu þegar vetur er mestur á Fróni. Sex mánuðum síðar sáum við skerið minnka og minnka út um þotugluggann.

Ferðinni var fyrst heitið til London þar sem við gistum í tvær nætur og nálguðumst ódýrara fargjald til Malaga, borgarinnar í nágrenni við Gilið eða El Chorro eins og þessi frábæri staður heitir á máli innfæddra.

13. febrúar stigum við út úr vélinni í 18° hita sem okkur fannst æði heitt þá og eftir eins dags rölt um stræti Malaga og klifurbúðir var haldið til El Chorro, það var jú markmið ferðarinnar.


Þetta byrjaði ekki vel í El Chorro, það rigndi mikið og um tuttugu klifrarar hlógu að okkur þegar við sögðumst hafa komið alla leið frá Íslandi í leit að vetrarsól og hita. Daginn eftir stytta upp og ekki rigndi í næstu tuttugu daga á eftir. Við röltum um svæðið og klifruðum fyrst leiðir á slabbsvæði og þar leiddi Símon sína fyrstu leið. Þaðan færðum við okkur á svæði með brattari leiðum. Ein af þeim leiðum var 5.10 og þegar ég kom upp sá ég að frágangur á boltum og endaankerum var ekki til fyrirmyndar. Vírar ekki sverari en handbremsuvír á reiðhjóli í einni flækju og gamlir nælonborðar áttu að mynda endaankeri. Eftir að hafa elt flækjuna og ég þóttist vera viss um að óhætt væri að bregða línunni í seig ég niður. Er þangað kom kemur askvaðandi til okkar Tékki og segir orðrétt á sinni góðu ensku; „hviss hot burn bing“! Þetta voru sennilega aðvaranir hans til okkar um að ekki megi láta línuna og nælonborðana nuddast saman en það vissum við.

Heimili okkar í El Chorro var gistiheimili með kojum, læstum skápum og öllum nútíma þægindum. Gistu nánast allir klifrararnir af svæðinu á þessu heimili. Þarna myndaðist oft góð stemning á kvöldin þar sem afrek dagsins voru rædd og aðrar klifursögur sagðar.

Við klifruðum ágætlega miðað við okkar getu, Símon leiddi hverja 5.8 og 5.9una á fætur annari og ég „onsightaði“ margar 5.10a b og c leiðir og árangurinn átti eftir að aukast með meira úthaldi og þekkingu á klettunum.

Svæðið er geysistört og dreift. Leiðirnar eru um 600 og eru í kalkstein. Þar er hægt að finna allt frá slabbleiðum til yfirhangandi, frá einni spönn upp í ellefu. Langflestar leiðirnar eru boltaðar og meira að segja sprungurnar líka!

Í gegnum El Chorro eða Gilið eins og það



Klettaindjóninn í Sella. Ljós.: Símon A. Haralds.

útleggst á íslensku er stígur sem byggður er utan í hamravegginn vegna stíflugerðar fyrir um 50 árum. Flestir létu sér nægja að labba á stígnum í gegnum gilið en okkur fannst við ekki hafa klifrað í El Chorro nema að hafa klifrað þarna og höfðum við ekki séð neina klifra þar. Bæði er klifrað upp frá stígnum og einnig er sigið af honum og niður í gilið um 200 metrum neðar.

Veðrið var misjafnt og var þetta mjög kaldur vetur á Spáni og lentum við oft í því að velja svæði eftir því hvar sólin skein og skjólið var mest.

Þegar við höfðum verið í 20 daga í El Chorro fórum við til Malaga til að leigja íbúð og kíkja á næturlífið. Með okkur í för var m.a. Bird Lew sem íspinnar þekkja úr myndbandi Jeff Lowe en ekki þekktum við hana þá. Við fundum íbúð, klifruðum í El Chorro, hvildum í Malaga og löbбуðum á fint boulder svæði í nágrenninu sem við sóttum síðan nokkrum sinnum.

22. mars ákváðum við að hvíla okkur á Malaga og El Chorro og tveimur lestum, einni rútu, tveimur leigubílum og einum einkabíl seinna stóðum við á tjaldstæði við Sella rétt við Benidorm og áttum þar alveg frábæra 10 daga. Þar klifruðum við 5-8 nýjar leiðir á dag og þarna onsigtaði ég mína fyrstu 5.11a og nokkrar aðrar fylgdu í kjölfarið. Ætlunin var að klifra sem mest af nýjum leiðum en ekki að eyða tíma í að vinna í leiðum.

Sella er hreint frábært svæði fyrir þá sem klifra 5.9-5.12, vel boltað og um 5-10 mínútna gangur í allar leiðir frá tjaldstæðinu. Þarna er mikið líf og fullt af Bretum sem voru farnir að líta okkur hornauga eftir að við höfðum ekki farið í það í 10 daga og átum núðlur í öll mál. Eitt sinn sem oftar átum við núðlur og heyrðist þá hvíslað í tjaldinu, „hey look they're start eating noodles again” og við hlógum. Við kynntumst tveimur Bretum sem urðu miklir vinir okkar. Við leigðum allir saman bíl og keyrðum aftur til Malaga. Það tók Fiat Pöndu eðlavaln með okkur fjórum í, 6 bakpokum og tveimur töskum átta tíma að koma okkur á áfangastað. Í Malaga komum við inn í mitt Carnival sem haldið er um hverja páska og er það þriðja stærsta Carnival í heiminum, sem við tókum af þátt í fram á morgun. Dagana á eftir sýndi ég Bretunum El Chorro í frábæru veðri.

Á Föstudaginn langa ákváðum við að klifra



Gummi í 5.11a í Sella. Ljós.: Símon A. Haralds.

Amprax sem er átta spanna leið gráðuð 5.10a. Hún átti að vera öll boltuð en eftir 6 spannir saum við að tvær efstu voru það ekki. Við fengum lánaðar fjórar hnetur hjá Bretunum og 25 metrar runnu út áður en staður fannst fyrir fyrstu hnetuna í sjöundu spönn. Áttunda spönnin endaði á toppnum og einnig ferð mín því ég kvaddi Spán daginn eftir en Símon dvaldi þar áfram í tvo mánuði ásamt unnustu sinni sem kom frá Íslandi.

Klifurfélagi Guðmundar var Símon Hermanns.

Viðtal við Snorra „eyjapeyja“ Hafsteinsson

Snorri Hafsteinsson hefur stundað fjallamennsku og klifur í nær 30 ár. Kunnastur er hann fyrir að hafa verið fyrstur á Púmal, í ágúst 1975, ásamt þeim Daða Garðarssyni og Kjartani Eggertssyni. Þeir þremmenningarnir voru iðnastir á árunum 1973 til 1977 og klifu m.a. Matterhorn, Mont Blanc og Kilimanjaro. Nýverið tóku Jón Haukur Steingrímsson og Snævarr Guðmundsson hús á Snorra og spjölluðu við hann um fjallamennsku og þá helst feril þeirra Vestmannaeyinga.

Hvernig byrjaðu þína ferðamennsku?

Ég byrja að stunda fjallamennsku eða ferðamennsku þegar ég byrja í Hjalparsveitinni, reyndar hafði ég alltaf verið í eggjaferðum og klifri tengdu því áður. Það má eiginlega segja að fjallamennska og klifur byrji nánast við fæðingu í Vestmannaeyjum og þá aðallega í sprangi og klifri eftir eggjum. Það var reyndar ekki alltaf vinsælt hjá foreldrunum þegar maður var smágutti og kom heim með fullt af eggjum. Eggjaferðirnar eru mikið meira klifur heldur en göngur á þessi háu fjöll eins og Mont Blanc, sem er allt annars eðlis. Um eða upp úr gosinu fór ég að tengjast björgunar-sveitunum. Kunningi minn sem var í hjálpar-sveitinni hafði á orði hvort ég vildi koma í sveitina. Þá voru þeir að skipuleggja ferð á Mont Blanc og ég setti það sem skilyrði að fá að fara með í þá ferð. Áður var ég búinn að vera í Björgunarfélaginu í nokkur ár og reyndar líka í skátunum. Tíminn þar gekk mest út á æfingar með línubyssum og þess háttar sjóbjörgunaræfingar, en lítið út á fjallamennsku. Í eggjunum sóttum við mest í Úteyjarnar í Eyjum. Við vorum aðallega í Bjarnarey, en þar er hæsta bergið um 80 m. Þar er sigið um 30 til 40 m niður á syllu og klifruð svo ákveðin leið út frá henni. Það er sérstök klifurtækni því

viða hafa boltar verið negldir við syllur í berginu. Maður snarar þessa bolta með kaðli og notar stuðning hans og klifrar svo upp á sylluna. Reyndar ertu alltaf með líflinu í þér til fara ekki alveg ofan í sjó ef illa fer. Allt gekk þetta út á að klifra nánast einn og allslaus. Síðan þegar komið var á syllur þar sem mikið var af eggjum, þá notaði maður líflínuna sem leiðara til að koma fötu með eggjunum upp. Það gátu verið 100 til 400 egg á einni syllu og maður treður því ekkert inn á sig og lætur hifa sig upp. Ef komið er mjög neðarlega í bergið er slakað beint niður í bát af syllunum. Bergið í Úteyjunum er pottþétt móberg, alveg grjóthart kannski ekki alveg eins og granít, en það er mjög fast og heldur vel. Það þarf hins vegar töluverða klifurkunnáttu til að klifra þetta því fallið er hátt og að auki beint niður í sjó.

Nú sýnist þetta oft vera mikil spottavinna, menn hanga í spottanum, var það þannig hjá ykkur?

Þarna tíðkast önnur vinnubrögð en í Gríms-ey, þar bara liggja menn í spottanum, fara niður og taka allt sem hönd festir á, á leiðinni. Í Eyjum gengur þetta mikið meira út á að klifra eftir að komið er niður á ákveðna syllu. Einnig ef farið er af sjó beint upp í stóru bælin sem liggja neðarlega í berginu, þá er klifrað eftir böndum upp á syllurnar, eggin tind og þau svo látin síga niður á bátinn.

Varstu búinn að stunda svona klifur lengi?

Fyrst var ég bara á Heimaeyjunum, svo um 18 eða 19 ára aldur fór ég vera í Úteyjunum með ákveðnum kjarna sem var alltaf saman í eggjunum en þeir fóru ekkert í fjallamennskuna. Daði Garðarsson og Kjartan Eggertsson heitinn komu einu sinni eða tvisvar með í eggin. Það voru aðrir hópar sem voru og eru í Úteyjabransanum. Það byggist oft á að það eru

einn eða tveir sem geta klifrað og hinir eru svo einhverjir jaxlar sem eru duglegir að hífa og slaka.

Hvaðan kemur alpahugmyndin, var það Júgóslavinn sem kom ykkur á bragðið?

Já, sennilega, því hann var kominn þarna til sögunnar (Nebosja Hadzig). Hann hafði tekið eftir því þegar við vorum að æfa okkur í berginu úti í Eyjum og fór að forvitnast. Þá kom í ljós að þarna var maður sem kunni sitthvað annað en við. Hann kunni Alpaklifurtækni og fór að innleiða hjá okkur nýjar aðferðir við klifur og að síga með áttu og allt það.

Fannst þér þær aðferðir gagnast betur en það sem þið höfðuð fyrir?

Það slípaðist allt á endanum en á þessum tíma voru menn uppfullir af því að besta búnaðurinn væri stórir og miklir skór með stífum sóla og maður átti að geta staðið á 3 mm nibbu á endanum á sólanum. Ég veit ekki hvernig best er að lýsa því, það var ekki hægt að ætlast til þess að við sem höfðum klifrað í strigaskóm alla okkar ævi, færum í svona skó, það hefði alveg eins mátt setja fugl í skó. Við prófuðum þetta í klettunum en vorum fljótir að hætta því, og fara aftur í strigaskóna.

Það er merkilegt því hérna í bænum var það alltaf lenska að fara aldrei að klifra nema að vera í svona bomsum. Eggjakarlarnir hafa þá verið komnir í tútturnar um aldamótin og hafa alltaf haldið áfram að vera í þeim þótt hinir hafi fundið upp stífu skóna.

Karlarnir, sem fóru með okkur fyrst í úteyjar, voru reyndar komnir vel á aldur eins og Súlli Johnsen. Við leyfðum honum að síga rúmlega 40 m þegar hann var sjötugur og hann fór létt með það. Þá var hann búinn að vera með það á hreinu í áratugi hvaða sólar á strigaskóm hentuðu og hverjir ekki. Þannig má segja að túttur hafi verið komnar um aldamótin, þær hafa bara verið í öðru formi en í dag. Svo hlógu þeir bara þegar við birtumst með klossana. Þessir menn höfðu ekkert fyrir því að klifra langar vegalengdir á tábragði og síga með klovfað, þá bara með brugðið um aðra löppina.

Þegar Júgóslavinn kemur til sögunnar, ekki otar hann ykkur beint í Alpana, beinir hann ykkur ekkert upp á land fyrst?

Nei, hann fór ekkert með okkur upp á land, við vorum bara í klettunum úti í Eyjum. Þar er víða mjög gott að klifra. Hann kenndi okkur nýja tækni eins og að klifra sprungur og setja

inn fleyga og þess háttar. Upp úr því var svo ákveðið að fara á Mt. Blanc, þá hafði enginn okkar komið nálægt ísklifri og við vissum varla hvað það var. Þegar við komum til Chamonix eyddum við fyrstu dögnum í Bosson's skriðjöklinum og lærðum að ganga á broddum og í línun. Þá átti enginn búnað, það var allt keypt úti í Chamonix. Það var mjög sérstakt að koma í búðirnar sem voru bara með klifurbúnað og jafnvel með klifurveggi innandyra á milli hæða. Fyrst vorum við næstum því heilan dag í einni búðinni, skoðuðum allt og mátuðum allt og keyptum og keyptum og alltaf stækkaði brosið á kaupmanninum, svo til að geta staðið undir þessu þá fylltum við bílinn af klifurdrasli og sendum tvo með hann yfir landamærin til að fá tax free miðana stimplaða. Þeir komu svo til baka með skattinn, sem fór í að greiða kaupmanninum það sem uppá vantaði. Það keyptu allir dúnpoka, dúnúlpur, brodda, axir, fína klossa, hnébuxur og allt þetta helsta. Við vorum alltaf í strigaskónum þar til við fórum til Chamonix. Júgóslavinn var góður kennari, hann kenndi okkur meðal annars aðferð sem ég kenndi síðar í hjálpar-sveitinni. Það er þegar byrjað er að læra að klifra í is án þess að nota brodda. Þá var farið í góðan vegg og höggvin spor fyrir hendur og fætur og klifrað án brodda. Þetta var mjög árangursrík aðferð fyrir þá sem gerðu það. Seinna var farið í að klifra á broddum og með tvær axir. Ég held að menn hafi náð miklu betri tökum á klifrinu þannig. Hann lagði líka mikið upp úr því að menn gætu stoppað sig ef þeir rynnu af stað. Þannig var hann með öll undirstöðuatriðin á hreinu og lagði mikla áherslu á pau. Í Ölpunum var hann vel að sér og meðal annars búinn að margfara á Mt. Blanc og þessi helstu fjöll. Þar var hann mikið í þjálfun með sína hersveit, því hann var liðþjálfari í alpahersveit áður en hann kom hingað. Svo lenti hann eitthvað upp á kant við stjórnvöld og flutti þá til Íslands. Þá var hann eiginlega orðinn hálf lappalaus, en skrölti samt með á Mt. Blanc og margt fleira. Hann býr hérna ennþá, ég hitti hann oftast þegar ég fer til Eyja því hann vinnur í Herjólfu. Í ferðinni '73 var næstum hálf sveitin, við vorum 10 saman. Þetta var stór kjarni sem fór mikið saman. Þar á meðal voru margir góðir göngumenn, Bjarni Sighvats, Óli Magg, Daði, Kjartan heitinn og fleiri.

Hvernig varð ykkur við þegar þið komið



Á Mt. Blanc 1973. Ljósma.: Snorri Hafsteinsson.

til Chamonix, að koma í virkilegt fjalla-andrúmsloft?

Manni náttúrulega kexbrá við að sjá þetta mikla fjall, miðað við alla litlu klettana í Eyjum. Við fórum að hugleiða hvern djöfulinn við værum búnir að láta plata okkur úti. Þetta var alveg nýtt fyrir okkur. Við vorum vanari klifri og þess háttar, reyndar voru ekki allir klifrarar, en voru þá göngumenn í staðinn og þetta hentaði þeim miklu betur. Þetta var allt annað en maður átti von á. Ganga í kafsnjó frá fyrsta áfangastað og alla leið upp, en við skiluðum okkur allir 10 á toppinn. Áður notuðum við nokkra daga til þess að brölta á lægri fjöll í kring og ná upp þreki. Við vorum óvanir svona háum fjöllum, þannig að við gerðum tilraunir með að láta suma ganga hratt og taka oft pásur, meðan aðrir gengu á lágmarks-hraða og tóku aldrei pásur og mæla hvað kæmi best út. Þetta voru svo eðlilega ævin-týraferðir í leiðinni. Við flugum til Luxemborgar og keyptum gamla Volkswagen Passat bíla og ferðuðumst svo á þeim í nokkrar vikur, fórum til Ítalíu og hingað og þangað, og lifðum lífinu, en seldum bílana svo Íslendingunum í Luxemburg. Við héldum að þetta væri ekkert mál, bara að kaupa bíl og keyra af stað, en það var nú ekki svo, við urðum að fara í skoðun, því annars fengum við ekki að fara yfir landamærin. Þannig að það kostaði hellings pening sem við höfðum ekki reiknað með, að koma bílunum í gegnum skoðun. Samt voru bílaleigubílarnir miklu dýrari lausn þegar upp var staðið því við fengum svipaðan pening fyrir bílana aftur, þannig að eftir allt var þetta góð lausn.

Á þessum tíma eruð þið ekki með neitt samneyti við hjálpar-sveitirnar uppi á landi. Þannig hafið þið verið töluvert einangraðir.

Já, við vorum einangraðir í þeim skilningi, Það var eiginlega eftir þessa ferð að okkur fór að bjóðast að koma með á æfingar eða þá að kalla í okkur í leitir upp á land. Það voru náttúrulega flutningsvandamál og annað sem leystust fljótlega eftir gosið. Einnig fórum við að notfæra okkur að fara á zodiac bátum upp í Markarfljót og fá einhverja til að sækja okkur þangað, og svo var

lítið flugfélag í Eyjum sem var mjög velviljað að skutla okkur upp á Hellu og það var notað til dæmis í leitum. Seinna eða á árunum í kringum 1974, '75 og '76 byrjuðum við á að fara mikið í Þórsmörk og eitthvað vorum við í tengslum við Hjálpar-sveitina í Kópavogi og fengum stundum far með þeim.

Hvað tók svo við eftir fyrstu Alpaferðina?

Þá var komin alvara í þetta fjallabrölt og farið að áætla meira. Fyrst þessi ferð tókst svona vel þá var stefnt á næsta tind. Næst var samið við SAS um ferð til Afríku á Kilimanjaro. Fengum við þá ferð fyrir lítið sem ekki neitt, því þetta var kynningarferð á þeim ferðamöguleika, að fljúga til Mið-Afríku og fara þar í safarí, eða á Kilimanjaro og svo á ströndina á eftir. Við vorum í mánuð í þeirri ferð 1974, þá var Júgóslavinn ennþá með. Mig minnir að það hafi verið sami hópur og áður. Þegar kom á gígbrúnina þá skiptist hópurinn. Það er komið upp á ákveðnum stað, Gilmanns point, svo þarf að labba næstum yfir gíginn þar sem er 15 m hærra. Helmingurinn ákvað að fara þangað en það var ekki ákveðið fyrr en við komum upp. Svo var það túlkað eftir á í fjölmiðlum að bara helmingurinn hefði komist og hinir hefðu gefist upp, við vorum nú ekki ýkja hrifnir af því. Ég var nú í þeim hópi sem sleppti því að fara yfir, því ég sá ekki nokkurn tilgang í því, þetta er bara marflatur gígarmur en svo er gígskálin sjálf með smá jökli í, en það var nú túlkað svona.

Á þessum tíma eða upp úr 1974 voru Reykjavíkurskátarnir að fara á Mt. Blanc.

Við fórum 1973 og vorum fyrstir í langan tíma, það var aðeins vitað til að einn Íslend-



10 eyjapeyjar ásamt burðarmönnum við rætur Kilimanjaro. Ljós.: Snorri Hafsteinsson.

ingur hefði farið áður á Mt. Blanc. Það var Agnar Kufoed Hansen, en hann gekk einnig fyrstur Íslendinga á Kilimanjaro. Eg held að þetta hafi vakið mikla athygli því þetta tókst vel í alla staði. Við vissum svo sem ekkert hvað við vorum að fara út í en settum okkur í samband við Alpaklúbbinn í Chamonix og fengum hjá þeim upplýsingar um leiðir og slíkt. Við fórum eina leiðina upp og aðra niður. Ég man nú ekki alveg hvað það heitir, við fórum nánast beint upp úr bænum með kláf upp á fyrsta hjallann og gengum þaðan. (Bossons) en fórum svo niður alla hjallana þar sem er algengasta leiðin, (Gouter).

Þið hafið veitt Reykvikingunum svolítið spark. Helgi sagði einu sinni að svolítill samkeppni hefði ríkt á milli þessara hópa, hvernig horfði það við ykkur?

Þetta voru nú miklir keppnismenn, það er að segja Helgi Benediktsson og Daði hjá okkur. Fljótlega eftir Mt. Blanc ferðina lendum við í leit að þylrunni TF-ÖGN. Við vorum að leita saman og það var ansi mikil brekka sem þurfti að fara upp. Helgi og Daði voru nánast hlið við hlið í leitarlinunni og það var gaman að sjá þá því keppnissskapið var svo mikið. Þeir ruku áfram og stoppuðu ekki fyrr en undir brún, báðir hnífjafnir. Þá mátti hvorugur blása úr nös eða sýna nokkur preytumerki. En það var nú svo sem ekki nein bein samkeppni, fyrr en að farið var að tala um Þumal sem var svo aftur seinna.

Hvernig datt ykkur þetta í hug eins og að fara á Þumal, hvaðan kemur hugmyndin?

Þessar Alpaferðir, hentuðu svona misvel, við vorum nokkrir sem höfðum meiri áhuga á að klifra heldur en svona göngum. Einhver benti okkur á að Þumall væri óklifinn og að Flugbjörgunarsveitarmenn hefðu reynt en ekki komist upp og einhverjir fleiri. Þannig að við ákváðum að fara og líta á hann. Við fórum nokkrir saman á Zodiac upp í Markarfljót, svo kom einn úr bænum og sótti okkur. Við ókum austur, þetta er um vorið 75. Þá fórum við inn Morsárdalinn og fundum heppilega leið upp í Hnútdal og komumst í nægjanlegt færi til að skoða hann í kík og okkur sýndist nú að það væri alveg þess virði að reyna. Í framhaldi af því er farið í stóra fjölskylduferð upp á land og byrjunin á ferðinni átti að vera að klifra Þumal.

Hann lítur nú hrikalega út séð upp úr Hnútdalnum, það hefur ekkert dregið úr ykkur?

Nei, við bárum þetta saman við það sem við þekktum fyrir úr Eyjum. Þar eru drangar sem eru áþekkir, til að mynda Örninn, sem er mjög líkur Þumli, laus, svona sykurmolatindur. (kubbaberg), sem er rétt úti fyrir Eiðinu á Heimaey. Það var eitthvað sem menn þekktu og klifruðu svo við bárum það saman svona huglægt. Örninn er eitthvað um 40 m hár en Þumall er mun hærri. Í ágúst sama ár ákváðum við svo að fara. Það var mjög stór stór hópur sem tók þátt í þessari ferð, því við vorum að fara í ferð um landið og þetta var bara upphafið á henni. Við tjölduðum í Morsárdal og fórum þaðan upp í Hnútdal með mikið af

klifurbúnaði því við vissum ekkert hvað þyrfti. Við höfðum keypt einhver reiðinnar ósköp af fleygum og karabínum og öðru í Mt. Blanc ferðinni. Eitthvað var komið af hnetum en við notuðum þær ekki mikið. Við sváfum í Hnútdal og svo var farið upp að Þumli. Þar tókum við matarpásu og kíktum svo á þetta. Við sáum fljótlega að það var þarna sprunga sem virtist ná langleiðina upp. Við fórum af stað til að kanna hana, og það endaði bara með að við fórum alla leið upp á topp, þetta var þá ekkert mál.

Það verður eiginlega að álykta að þessi reynsla ykkar úr klifrinu í Eyjum hafi haft mikið að segja um að fara á Þumal.

Þetta hentaði okkur í raun mikið betur heldur en þessar fjallgönguferðir því þetta var akkúrat það sem við vorum alltaf að dunda við. Að klifra í veggjum, oft lausu móbergi, en reyndar líka oft mjög góðu móbergi. Það var aftur erfiðara að sannfæra menn niðri í sveit um að við hefðum klifrað Þumal, en það sást sem betur fer neðan frá Skaftafelli til okkar á toppnum og við tókum að auki fullt af myndum. Sumir sögðu að þetta væri bara kjaftæði í okkur því hann væri ókleifur. Þeir voru harðir á að við gætum ekki hafið klifið hann. Við heyrðum þá sögu að það hefði einhvern tíma farið hópur sem hefði reynt að skjóta úr línubyssu yfir fjallið. Við runnum strax á þessa leið, en ætluðum bara fyrst aðeins að skreppa upp og kanna aðstæður. Við hættum hins vegar ekki fyrr en á toppnum. Það voru nokkrir í hópnum sem höfðu áhuga á að fara upp og voru svektir að hafa ekki farið með. Í rauninni gekk þetta miklu hraðar en við áttum nokkurn tíma von á og leiðin var mjög í ætt við það sem við höfðum klifrað. Líkt og í Úteyjum þarf maður að klifra kannski 50 m upp í vegginn og hafa bara smá keðjur til að styðjast við á stöku stað. Hvorki hæðin né slíkt truflaði okkur, né að bergið væri laust. Allur Hamarinn (Ofanleitishamar) er úr svona lausu hrauni, þannig að maður vissi alveg hvað mátti og hvað ekki.

Þeir urðu nú svolítið svektir, Helgi og þeir, þá voru þeir einmitt á leiðinni af Matterhorn. Var ekki næsta verkefni hjá ykkur að fara á Matterhorn?

Það var 1976 ef ég man rétt. Þá fór jafn stór hópur af stað en við lentum í smá ævintýri og allt breyttist. Þannig var að við ætluðum að fara á amerískum tryllitækjum með

Norrænu frá Seyðisfirði. Á leiðinni urðum við fyrir því óláni að lenda í árekstri og eyðileggja báða bílana. Við höldum skyndifund þar sem við ákváðum að halda áfram á Seyðisfjörð. Við fórum út með skipinu til Bergen og þaðan með lest til Osló. Á leiðinni hringjum við í Árna Johnsen sem var þá, eins og í dag, einhvers konar bjargvættur á grasinu og sögðum honum farir okkar ekki sléttar og báðum hann að redda bílaleigubíl í Osló eða Köben. Hann setur allt í gang og semur við Flugleiðir um bíl í Osló. Þegar við komum til Oslóar kemur í ljós að við gátum ekki fengið bílinn. Við vorum tveir ákveðnir í að halda áfram hvað sem það myndi kosta, en hinir flugu heim frá Osló svo vissum við ekki meir af þeim. Við tókum ferjuna til Danmerkur og keyptum okkur lestarmiða og fórum með lestinni til Zermatt og bröltum upp og það gekk bara vel. Þegar við komum niður sendum við skeyti heim „Matterhorn klifið þennan dag o.s.frv.“ Það setti allt úr skorðum heima því að þá var hópurinn floginn út aftur. Árni Johnsen var ekkert hrifinn af því að Flugleiðir skyldu ekki útvega okkur bílinn þannig að hann sá til þess að þeir útveguðu hópnum fría flugmiða til Luxemburgar og bíla þar. Hópurinn var farinn út og ætlaði að hitta okkur en við vorum sambandslausir og ekkert hægt að ná í okkur og þeir fóru út með það markmið að við myndum allir klifra saman. Á leiðinni til Zermatt fá þeir skeytið um að við Sigmar Gíslason séum búnir að klifra Matterhorn. Hinir héldu samt áfram og fóru líka upp. Ólafur Hauksson Samúelsforsprakki var með þeim og skrifaði grein um þá ferð í Samúel. Klifur eins og á Matterhorn var mikið meira fyrir okkur, meira klifur og miklu skemmtilegra heldur en snjölabbíð á Mt. Blanc og fleira þess háttar. Við vorum með ísaxir en það var það fyrsta sem við losuðum okkur við þegar við sáum hvernig leiðin var. Fundum góðan stað og skelltum þeim þar og höldum áfram upp, en svo sáum við axirnar aldrei aftur, þær bíða þarna einhversstaðar.

Hvernig gekk þá þarna síðasta haftið?

Það gekk ágætlega, við þurftum engar axir í það, það var bara snjór og lítill klaki og það var nú lína á kafla. Það var mjög sérstakt þegar við komum til Zermatt. Við fórum á fjalla-leiðsögumanna-skrifstofur og vildum fá upplýsingar um leiðina, en við komum allsstaðar að lokuðum dyrum. Ef við vildum ekki leigja

leiðsögumann þá vildu þeir ekkert aðstoða okkur. Svo lentum við í því að fara fram úr hópi í byrjun en þeir voru svo fúlr að þeir ruddu á okkur steinum, þegar við fórum fram úr þeim.

Hvernig datt ykkur Matterhorn í hug?

Ég man það nú ekki alveg, ætli við höfum ekki verið að leita að hentugu klifurverkefni. Strax eftir Mt. Blanc fórum við að kaupa klifurbækur og myndabækur. Við lágum yfir þessu stöðugt að skoða eitt-hvað.

Á þessum tíma þegar þið fóruð að koma oftar í land, fóruð þið þá í Gígjökulinn og Þórsmörkina eða voruð þið að reyna eitthvað nýtt?

Það var langmest á þessa staði, bæði í Gígjökulinn og helst reyndum við að finna kletta, helst í Þórsmörk en líka í Skaftafelli. Við vorum að spá í Kristínartinda eða tind þar í nágrenninu. Við fórum reyndar í leiðangur en það var skítviðri og ekkert varð úr. Það voru nú áhöld um hvort tindurinn hefði verið klifinn, ég man nú ekki hvernig þetta var nákvæmlega, þetta var sennilega innsti tindurinn á egginni upp af Kristínartindum því við fórum inn Morsárdalinn og ætluðum þar beint upp.

Það hefur þá líklega verið Skarðatindur, en hann var klifinn fyrr.

Það getur vel verið, en það varð alla vega ekki neitt úr hjá okkur og einhverjir karlar í sveitinni voru að tala um að útlendingur hefði klifið þarna upp. Strax eftir Þumal voru hinir og þessir að benda okkur á leiðir og mana okkur upp, og það var alltaf meiningin að klára þennan. Svo eftir slysið vantaði einn hlekk og kannski leystist þetta upp þá. Við fórum í Þríhnjúkana og það var eitt sem við fundum sem enginn hafði gert (1976). Það fór í fjölmiðlana, við lýstum hellinum og hann var grófteiknaður upp. Þá voru gamlar sögur um rjúpnaskyttu sem ætti að vera þarna niðri en aldrei fannst og átti að hafa dottið niður í gegnum snjóbrú. En við fundum hana ekki. (Smá umræður urðu um hvenær Árni B. Stefánsson hefði farið í Þríhnjúkana og hvort Snorri og félagar hefðu verið á undan).

Var það þá forvitnin sem rak ykkur áfram eða metnaðurinn?




Snorri Hafsteinson, Kjartan Eggertsson og Daði Garðarson við Þumal. Ljósni.: Snorri Hafsteinsson.

Það var náttúrulega sitt af hvoru og kannski vorum við að leita að einhverju sem stoppaði okkur af. Á þessum aldri og þessum tíma þá gat maður allt, það var aldrei spurning um annað. Maður komst bara að því á óvæntan hátt stuttu seinna að maður gat ekki allt. Við rákum okkur á eins og aðrir. Það var ekkert hérna á Íslandi sem við töldum að við gætum ekki klifrað og í Eyjum var alltaf verið að mana okkur í að klifra hina og þessa leiðina í fjöllum þar og margt af því ófarið. Það er kannski alltaf ein leið eftir sem aldrei var farin eða þannig. Ég var nú síðast um daginn að pæla í að það er alltaf eftir að klifra Heimaklett að framanverðu upp úr innsiglingunni. Það er leið þar sem ég held að sé fær. Það hindraði okkur alltaf að þurfa að fara með flugi eða skipi til að komast í annað umhverfi en það voru svo sem óþrjótandi möguleikar í Eyjum, þar sem við vorum bara að spá í klifur, jafnvel í 10m veggjum. Þá bara að spá í aðferðir og annað, svipað og maður sér gert í dag í innanhúss klifurveggjum, reyna að fara leiðir öðru vísi en auðveldast var, reyna puttana og meira í þeim dúr. Við vorum alltaf mikill í strigaskónum og oftast í svona klifri vorum við í þeim. Í lokin voru þó komnar túttur.

Um slysið í Gígjökli haustið 1976

Þá höfðum við stundað það að fara með Kópavogssveitinni, fá að fljóta með þeim í rússajepunum. Við vorum í Gígjöklinum og þeir reyndar líka, en svo eitthvað inni í Mörk. Í þessari ferð vorum við fjórir. Við vörðum



Súlli í eggjatöku, takið eftir strigaskónum.
Ljósme.: Snorri Hafsteinsson.

stórum hluta af deginum í veggjum að leika okkur. Seinna ákváðum við að fara alveg upp á jökul. Þegar við komum upp úr mesta sprungusvæðinu þá sáuðum við engan tilgang í að tryggja sérstaklega, en annars vorum við alltaf í línu. Við reyndar losuðum okkur ekki heldur hringuðum bara upp línuna og gengum hver með sína hönk upp ísbrekku. Þá dettur einn, bara rekur tærnar í eða eitthvað þannig, sem átti nú ekki að vera neitt mál og við tókum varla eftir því. Nema í staðinn fyrir að standa upp, því hann hélt sér á hönkinni, þá sleppir hann hönkinni og rennur strax af stað. Við vorum enn á gangi og heyrum svo bara hrópin í næsta manni og sjáum hvað er að gerast og reynum að höggva öxunum í til að halda okkur en svo kom bara rosa högg og ég flaug út í loftið og vissi ekkert meir. Einhver-

um tímum seinna er ég að ranka við mér, þá er Kópavogssveitin komin að og er að stumra yfir okkur. Við Kjartan vorum hífðir í þýrluna og fluttir í bæinn. Hann var meðvitundarlaus og komst aldrei til meðvitundar. Hann var meðvitundarlaus í 9 mánuði áður en hann dó. Við hinir sluppum allir með viðráðanleg meiðsli og jöfnuðum okkur á næstu vikum og urðum jafngóðir eða jafnlélegir eftir hvernig á það er litið. Við Daði og Kjartan vorum þríeyki í klifrinu og eftir þetta minnkaði áhuginn. Við ætluðum reyndar alltaf að halda áfram því við vorum búnir að ræða það hvað myndi gerast ef einhver slys yrðu og allir voru á því að hinir ættu að halda áfram. Með þá vissu reyndum við að halda áfram en það varð lítið úr, menn voru líka farnir að binda sig, þannig að fleira kom til og þetta leystist smám saman upp. Þegar slysið varð vorum við 23 ára.

Þið hafðir verið miklir hugsæismenn, greinilega, fyrst að þið voruð að velta fyrir ykkur dauðanum og hvað þið mynduð gera?

Það tengdist björguninum á vissan hátt því á þessum árum æfðum við mikið fjallabjörgun og vorum komnir með ágætán búað, og vorum að gera tilraunir að hífa upp og yfir gil og yfir klettabelti og lágum yfir klifur- og björgunarbókum og menn voru dauðir í bókunum og svo vissum við alveg að það væru töluverðar líkur á að einhver slasaðist eða lenti í óhappi. Þannig að þetta var oft rætt, kannski án mikillar alvöru en rætt samt. Við héldum áfram um sinn og það var hluti af minningu Kjartans að gefast ekki upp. Við bökkuðum fyrst út úr ísklifrinu og snjóbrólti og vorum meira í kletta-klifrinu heima og í fjallabjörgunarstússi.

Hvað varð um hina í þessum hópi?

Við vorum allir saman í Hjálparsveitinni, reyndar misvirkir og sumir eru reyndar enn starfandi þar. Það þróaðist út í björgunaræfingar, en við Daði hættum fljótlega alveg. Við vorum eitthvað að gutla heima en fórum engar ferðir eða neitt þannig.

Áðan sagðirðu að þér hefði fundist græjurnar framandi, hvernig heldurðu að þið mynduð gráða leiðirnar sem þið voruð að klifra.

Maður hafði ekki þekkingu á því, þetta kom okkur í opna skjöldu að Alpaklúbburinn var stofnaður og þetta var að gerast í ákveðinni fjarlægð frá okkur þrátt fyrir að við værum byrjaðir að kynnastráðum þessum strákum eins og

Helga Ben. Allt í einu vorum við að hitta einhverja menn sem fóru að spyrja okkur um gráður og spannrir og annað sem við vissum ekkert um, þannig fórum við í hálfgerðan baklås. Einhverra hluta vegna setti ég mig aldrei inn í gráðukerfin. Seinna þegar Ísalptímaritið fór að koma út, las ég það en náði samt aldrei að tengja neitt yfir í það sem við vorum að gera. Maður ímyndaði sér upp úr blöðum af myndum úr Esjunni að þessi og hinar leiðir væru mögulega sambærilegar. Það vantaði einhvern til að kenna okkur þetta og segja hvað þetta þýddi. Við vorum aldrei neitt á móti þessu heldur bara vissum ekkert og hugsuðum ekki á þennan hátt, þetta var bara létt eða erfitt eða mjög erfitt

Það er nú í eðli sínu gráðukerfi, bara staðbundið.


Já í rauninni, svo miðaði maður við leiðir sem allir þekktu. Það voru oft kröfur um að klifra á ákveðinn hátt annars var leiðin ekki farin.

Þetta kannski lýsir ástandinu ágætlega, því þegar þið klifrið Þumal eins og þú lýsir þá virðist það ekki hafa verið neitt mál.

Nei, alls ekki, það lá í raun mjög vel fyrir og var fljótlegt og kom okkur á óvart hvað þetta var lítið mál. Í raun var labbið mikið erfiðara því við vorum ekkert vanir því að labba með svona þunga bakpoka eins og þarna. Markmiðið var að fara eitthvað sem ekki hafði verið farið, það kom á óvart þegar Ísalpblöðin fóru að koma, þá sáuð við að menn voru að fara nýjar leiðir á sömu fjöllin aftur og aftur. Einhvern tíma reyndum við að alpinisera eggjatökuna, og þessir gömlu horfðu á okkur þolinmóðir en hristu svo hausinn og héldu áfram. Það hefur nú gengið eftir að nú er farið að nota klifurbelti og léttari línur, varla hjálma því þetta er bara gras, það er ekkert sem getur komið í hausinn á þér. Hættan er meiri í hraungrýti heldur en í móberginu

Þessar leiðir sem þið voruð að klifra, voru þetta sverar leiðir að ykkur fannst eða hvað?

Maður varð nú bara feiminn þegar við hittum menn hérna uppi á landi úr Alpaklúbbnum og björgunarsveitunum sem töluðu stöðugt um gráður og spannrir, maður hummaði bara og þagði yfir því og hafði í raun ekki áhuga á að setja sig inn í það kerfi. En margar leiðir voru býsna erfiðar þar sem við vorum nánast að klifra bara á höndunum og þá í



Úr Þumli. Ljós m.: Snorri Hafsteinsson.

sprungum sem maður gat troðið puttunum í eða hnúunum og klifrað þannig og með herkjum komið fyrir einni tryggingu. Svo notuðum við mikið að setja tryggingu ofan frá og klifra þannig þá var maður frjálsari og setti engar tryggingar á leiðinni en hafði samt alltaf spottann að ofan. Okkur fannst það mikið meira klifur að geta ekki hvílt sig í tryggingum eins og sumir sem bara hengdu sig í nagla og slöppuðu af. Við vildum heldur setja hnéd í sprungu eða hvíla okkur á einhvern líkamlegan hátt.

Þetta er merkilegt að þarna í einangruninni finnst ykkur þetta vera slæmur siður mjög snemma, án þess að hafa bein forðæmi.

Okkur þótti það mjög skrítið þegar menn lömdu inn nagla og settust í hann. Og fóru síðan að spá í næstu áfanga, það var ekki eins ögrandi, það var engin áskorun lengur þetta var bara enn eitt hobbýið. Maður var farinn



Matterhorn. Ljós.: Snorri Hafsteinsson.

að sjá menn sem aldrei höfðu getað klifrað fara bara svona upp, alltaf búnir að hengja krók fyrir framan nefið á sér og setjast. Svo gátu þeir brölt á græjunum en ekki af því að þeir kunnu eitthvað að klifra og þeir voru ekkert að taka neinar áhættur. Júgóslavinn innleiddi þá klifurtækni hjá okkur að nota fleyga, hnetur og karabínur og geta farið lengri leiðir og hengt sig hvar sem var og jafnvel að setja tryggingar með stuttu millibili ef menn fóru tæpt. Maður var farinn að sjá ótrúlegustu menn vera að bröлта á græjunum einum saman bara ef þeir voru ekki lofthræddir.

Það hefur verið snemma þessi mórall að gera allt sjálfur, líkt og í eggjunum?

Já, það voru alla tíð margir einfarar í Eyjum, menn sem voru að fara ótrúlegustu leiðir ein-

ir til að sækja egg. Þannig að þeim og mörgum í Eyjum fannst ekki mikið til þess koma ef menn voru allt í einu bundnir eins og í köngulóarvef á vegginn. Fyrir bragðið lentum við í ýmsum ævintýrum. Ég horfði á eftir einum í sjóinn en hann slapp sem betur fer. Hann var hálfgerður einfari, það var rosalegt að sjá hann því hann stökk á grastorfu jafnvel þótt það væri nánast vís dauði, hann lét bara vaða hvar sem var. Einu sinni fórum við í sjóbæli, eins og ég lýsti í byrjun, þar var kaðall sem náði niður í sjó. Hluti af leiðinni var algjört loft um 12 m hátt og klifrað á tábragði og slétt berg eftir það. Á einum stað var smá sylla sem einn maður gat staðið á og hvílt. Venjan var að klifra upp á þessa syllu og hvíla þar svo þegar næsti kom þá var skipt og haldið áfram. Nema þegar hann kemur upp á sylluna vill hann ekki skipta og segir að það sé ekkert mál að halda áfram. Þegar hann var kominn með lappirnar vel upp fyrir hausinn á mér, stoppar hann og segist ekki komast lengra og byrjar að renna. Ég teygði mig í bandið og reyndi að vefja því um lappirnar á honum. Í því sleppir hann, ég gríp í hælinn á honum og held eitthvað en um leið og hann vísar út frá berginu þá ýtti ég á eftir honum, sem varð til þess að hann náði að snúa sér og kom með haus og hendur á undan sér í sjóinn. Hann stakktst svo rosalega á kaf að ég hélt að hann ætlaði aldrei að koma upp aftur. Bróðir hans var á trillu fyrir neðan og vissi ekkert, því hann heyrði bara skellinn á sjónum og sá mig öskrandi og æpandi uppi. Við biðum og biðum svo loks skaut honum upp aftur. Hann var þá búinn að svelgja sjó og hafði eitthvað vankast. Í því koma að ungir strákar á sportbát og taka hann upp, og keyra með hann strax í land. Hann fór aldrei í egg aftur. Þetta hefur verið um um 20 m fall, og hefur sennilega bjargað lífi hans því annars hefði hann bara drepist seinna. Mér blöskraði alveg en hélt samt áfram upp til að verða ekki nervus eftir á.

Hvað myndirðu taka með þér ef þú lentir á eyðieyju, sígild spurning í lok svona viðtala.

Það fer eftir því hvernig eyjan er í laginu,

Það er kannski rétt að orða spurninguna öðruvísi, hvaða eyju myndirðu velja sem eyðieyju.


Ætli ég myndi ekki velja Bjarnarey og taka þá með mér lundaháf.

Þú verður í góðum málum þannig.....

Kerling

Hlynur Skagfjörð

Véladynur dagsins er yfirstaðinn, tjaldstæðið er svo til autt, það er sunnudagskvöld í Kerlingarfjöllum og við lyftumennirnir erum að spá í næstu afrek. „Við eigum alltaf eftir að fara á Kerlinguna“, segi ég. Gunnar Kvaran lítur upp og skilur ekki alveg...það er jú alltaf eitthvað kvennafar í gangi. Við spáum aðeins í málið og á endanum er afráðið að ég hringi í Palla Sveins og viðri við hann töfralausn okkar á klifrinu. Vanda málið var að af okkur fimm kunni enginn nema ég að klæða sig í klifurbelti, hvað þá að binda sig í línu eða sigrast á þverhnípi sem náði hærra en í mjöðm. Palli svaraði símanum og segir eftir smá þögn og merkilega lítinn hlátur að líklega sé þetta hin besta hugmynd hjá okkur, langur álstigi sé besta verkfærið til að koma „hráolíuhópnum“ á topp Kerlingar. Það er stokkið af stað áleiðis niður í Leppistungur og farkosturinn er japanskur ferfætlingur á stórum skóm, þeir sporuðu víst svo mikið Landroverarnir sem Kerlingarfjallastarfsliðið notaði í þessar lystireisur á árum áður. Við nálgumst fjallið Kerlingartind úr suðurátt og böggjumst á bílnum eins langt og við þorum inn skriðuna sem Kerling stendur í. Það er ekki háttur okkar lyftumanna að ganga það sem hægt er að fara akandi. Við bröltum svo í átt að drangnum sem heldur að hann sé klettur og óneitanlega er undarlegt að hugsa til þess hvað Teddi og Eiríkur eru að gera með þennan stiga á milli sín þarna inni á milli fjallanna. Fyrir þá sem ekki til þekkja, háttar klifrinu svo til að byrjað er á lóðréttu hafti og liggur leiðin svo í kvarthring utan á dömum og upp á mjög stóra og þægilega hillu neðanvert í drangnum, þaðan upp annað og öllu verra haft eftir smá rennu og upp á stall við toppinn. Ég reima á mig tútturnar, strákarnir máta stigann við klettinn og þegar ég er rétt að komast í snertingu við bergið byrjar að rigna. Það er svo sem allt í lagi,



Kerling-Kerlingarfjöllum. Ljós.: Hallgrímur Magnússon.

strákarnir vita hvort eð er ekkert að það er eitthvað verra að klifra í rigningu. Fljótlega finn ég einu trygginguna á leiðinni, fleygræfil sem ég klippi í og spóla svo í rigningunni upp á hilluna. Ég geri nauðsynlegar ráðstafanir, bind eitthvað og tryggi og kalla svo eftir næsta manni, Magna troðarastjóra, sem klifrar nú í annað sinn á ævinni. Hann hafði nefnilega farið með okkur Reykjavíkurskátum á þumal um vorið. Stefán Már, slökkviliðsmaður í Reykjavík, kom næst, að vanda skreflangur, og Teddi skíðakennari þar á eftir, en hann hafði notað klifurbúnað staðarins við að mála skálaþakið í vikunni áður og náð sér þar í dýr-

mæta reynslu í fjallamennsku. En nú flæktist málið. Gunnar Kvaran var eftir niðri, beltislaus, sem var ekkert tiltökumál. Við köstuðum beltinu hans Tedda til hans, en það sem verra var, það hafði víst gleymst að kenna stráknum að klæða sig í beltið þannig að svolítið af köllum ofan úr klettinum, heilabrot Gunnars og snúningar, töfðu um stund en hann kom nú samt upp svolítið stressaður en annars nokkuð seigur í sinni fyrstu klifurferð. Jæja áfram skyldi haldið. Spottaendanum var hent niður þar sem Eiríkur Kolbeinsson, bílstjóri, ráðsmaður og lofthræðslupúki, tók að sér að binda í stigann sem við svo hífðum upp og mátuðum við seinna haftið. Endinn rétt slapp upp fyrir slútið, ég skældist upp á stallinn og innan skamms var hersingin öll á staðnum. Við óskuðum hver öðrum til hamingju, slök-

uðum stiganum niður og gerðum okkur klára í síðustu kennslustundina, þ.e. hvernig síga skal niður að klifri loknu. Útskýringar og leiðbeiningar rötudu greinilega rétta leið því allirkomu-þeir-niður-aftur og enginn þeirra dó, osfrv. Heim var haldið í miðnæturrökkrinu um fjallabaksleið. Á leiðinni þreytti Stebbi kapphlaup við nokkra gæsarunga og hafði betur. Að endingu var ferðinni slútt að í koníaksstofu „Ferðafélagsins“ þar sem leiðangursmönnum þótti við hæfi að drekka úr einni wiskíflösku í gegnum ísskrúfu - við vorum jú að koma úr leiðangri. Niðurstaða: Þetta er mjög aðgengilegur, skemmtilegur og þægilegur staður að koma á og ef klifurkunnátta er ekki fyrir hendi þá hafið bara samband við Einar Trítill í skíðaskólanum og hann lánar ykkur stigann hans afa síns.

SEGLAGERÐIN

ÆGIR

...þar sem gönguferðin byrjar

DEMON - ITALSKIR GÖNGUSTRÖK MED SYMPATEX

VANDAÐAR VÖRUR FYRIR ÆTIVISTINA - SUMAR SEM VETUR

Árangurslaus leit að tilgangi með lífinu

eftir Einar Steingrímsson

Ekki veit ég svo sem hvað við vorum að þvælast þarna. Best gæti ég trúað að við höfum villst af leið; ætlað að fara upp að litla fossinum með stóra nafnið. Mig minnir að hann sé kallaður Tröllafoss.

Einhvern tíma hafði ég farið þangað einn, með ísöxi, eða kannski tvær. En ekki klifraði ég svo sem neitt sem talist getur. Kannski einhverjar þrjátíu gráðu snjóbrekkur við hliðina á fossinum. Alls ekki fossinn sjálfan, þessa þrjá metra af hnausþykkum skólabókaris. Allt of ragur. Alltaf verið svona ragur. Og alltaf fundist að það yrðu að vera einhverjir nærstaddir ef ég tæki upp á því að drepa mig. Rétt eins og það yrði eitthvert skemmtiatriði. Hitt er svo annað mál að í þessum Tröllafossi tækist manni sennilega ekki einu sinni að fótbrjóta sig þótt maður hoppaði fram af honum með hausinn á undan.

En, það var ekki Tröllafoss sem ég ætlaði að tala um heldur allt annar foss. Reyndar er varla hægt að kalla þetta foss.

Ég veit sem sé ekki hvað við vorum að þvælast þarna, en einhvern veginn lentum við út af veginum og út á mela eða alla vega út í eitthvert leiðinda landslag, eins og allt landslag er á suðvesturhorninu, að minnsta kosti innan þrjátíu kílómetra ríðs frá höfuðborginni. Meiri aulinn þessi Ingólfur. Taka land undir Örafajökli, steinsnar frá veðursælasta bæjarstæði landsins, við rætur glæsilegasta fjalla-svæðis Norður-Evrópu, og eyða svo tveimur árum í að leita uppi einhverja maðkétna, sjóvolkna trédrumba, sem endilega þurfti að reka á land í þessari aumu vík þar sem landið er svona ljótt, hvorki grænt né heldur almennilega svart og hvítt heldur grátt eða í besta lagi drullubrunnt. Ekki nóg með það heldur urðu þessir andskotans drumbar að uppistöðunni í ljótasta skjaldarmerki á norðurhveli jarðar. Að minnsta kosti.



Einar Steingrímsson. Ljós.: Björn Vilhjálmsson.

Ég tek undir með þjóðskáldinu: „Við minnumst Ingólfs Arnarsonar í veislum en óskum þess að skipið hans, það hefði sokkið.”

Það er mér enn hulin ráðgáta hvað við vorum að vandræðast þarna. Ef til vill höfum við verið á leiðinni upp í Hvalfjörð, í alvöru ísklifur, en ég svo komið auga á einhverja svellbunka í hlið utan við veginn og ekki verið

seinn á mér að leggja til að við færum heldur þangað. Minn maður alltaf snöggur að finna útgönguleiðir úr yfirvofandi klifri, ef hætta er á að það verði erfiðara en að ganga upp kirkjutröppurnar á Akureyri. Akureyri er eins og Osló – stór sveitabær – nema hvað Akureyri er þrjátíu sinnum minni en Osló. Annað sem þessir smábæir eiga sameiginlegt er viðhorfið til skyndibita. Eina skiptið sem ég hef verið í Osló fékk ég mér hamborgara, sem kostaði mánaðarlaun verkamanns og var greinilega gerður úr kjötfarsi, sennilega lambakjötfarsi af niðurgreiddu íslensku skitulambi, nema hvað það var erfitt að greina uppruna kjötsins, því þetta var aðallega hveiti og lím. Á Akureyri fékk maður hins vegar KEA-pylsur í pulsusjoppunum. KEA-pylsur. Guð minn almáttugur. Hef ég þó aldrei trúað á Guð svo ég muni.

Reyndar segir Bjössi að við höfum verið á leiðinni upp í Bjössagil, en það getur varla verið, því Bjössagil er kennt við hann og þegar þetta var hafði hann aldrei komið þangað eftir því sem ég best veit. Hitt er annað mál að auðvitað er öllum sama um þetta, það er að segja á hvaða leið við vorum. Og hverjum skyldi svo sem ekki vera sama um þetta flak yfirleitt?

Hvað um það, þarna lendum við, og vissum auðvitað ekkert hvar við vorum. Öllu heldur vorum við hvergi, því það er ekki að vera neins staðar ef maður er innan við þingmannaleið frá Lækjartorgi.

Seinna reyndi ég að finna einhver örnefni á korti, en danska herforingjaráðinu hafði ekki þótt taka því að kalla þetta nafni. Enda ekki furða; þetta er svo sem ekki neitt, og að sumri til myndi maður varla taka eftir að þetta væri annað en svolítil blaut brekka, hálfgerð drulluforað. Og ekki er þetta svo sem merkilegra á vetrum – eitthvert krapahrúður í litlu nauða-ómerkilegu gili. Svona ómerkilegu landslagi sem maður getur ekki stillt sig um að finnast að betra væri að slétta alveg úr og malbika yfir svo að maður sleppi við að gráta yfir hvað það er ljótt.

Síðar, þegar vinur okkar með besta stjörnu-kikinn og versta kaffið á Íslandi var búinn að röfla við einhverja bændur í sveitinni (hann er alltaf að tala við einhverja bændur í einhverjum sveitum; hefur sennilega heyrt einhvers staðar að sveitavargurinn byggji yfir svo miklum og merkilegum fróðleik (hver skyldi annars

hafa komið þeirri þvælu á kreik? Kannski sömu blesarnir og lugu því í einhverja erlenda fréttamenn að Íslendingar upp til hópa tryðu á álfa og huldufólk — voða sniðugt — svo nú eru Íslendingar upp til hópa farnir að trúa því að Íslendingar trúi á álfa og huldufólk, af því að þeir hafa lesið það í greinum úr erlendum blöðum, snilldarlega þýddum, í Morgunblaðinu. Og víðar.)), þá kom auðvitað í ljós að það var til eitthvert nafn á þetta skarn, sem elstu menn voru ekki enn búnir að gleyma. Sem er mesta furða, því elstu menn eru yfirleitt svo djöfulli kalkaðir. Ef ekki dauðir. En ég er löngu búinn að gleyma því. Enda ekki þess virði að muna. Eins og ég sagði, þá er þetta ekkert landslag heldur bara mismunandi ljótt. Og, eins og hitt þjóðskáldið hefði átt að segja (en sagði ekki af því að það var á mála hjá Reykjavíkuraudvaldinu sem lofsöng náttúruna í sífellu, en var sjálft náttúrulaust og fór auk þess aldrei upp fyrir Elliðaár svo edrú að það sæi út um bílrúðurnar), þá væri landslag lítills virði ef það þyrfti endilega að heita eitthvað. Hitt er annað mál að akkúrat þetta landslag er svo lítills virði að það mætti alveg heita eitthvað.

En, landmælingamenn dönsku krúnunnar nenntu ekki að gefa þessari brekku nafn, og því fór sem fór, hún varð til þarna á tröppunum. Hmm ..., þetta var víst úr annarri sögu. Því fór sem fór, að við rákumst á eitthvert bæjarnafn í nágrenninu (nafn sem reyndar fór vel við ömurlegt landslagið og hin klassisku, forljótu og geðlægðarvaldandi íslensku bæjarhús) og kölluðum draslið eftir því. Bara til að geta nefnt þetta einhverju nafni. Grafar foss.

Jæja, við drösluðumst upp lítið gil og ljótt þar til við komum að þessu íshröngli sem við höfðum séð frá veginum og þegar ég sá að þessi sex eða átta metra brekka (sýndist mér) var meira en 30 gráðu brött féll mér allur ketill í eld. Eða hefði fallið, ef það hefði ekki gerst þegar á Miklubrautinni, þegar séð varð að ég gæti ekki logið mig út úr þessum yfirvofandi hörmungum.

Þegar hér var komið sögu vék Björn sér örugglega afsíðis. Ekki svo að skilja að ég muni eftir því, en annað er óhugsandi, því hann og Nick heitinn Estcourt áttu það sameiginlegt að finnast aðeins eitt skemmtilegra en að til-

kynna öllum viðstöddum að nú væru þeir að fara að hægja sér. Nefnilega að segja frá því að þeir væru nýlega búnir að ganga örna sinna.

Á meðan horfði ég með sívaxandi ör- væntingu á ísinn og blaðaði leifturhratt í gegnum afsakanasafnið. Sagði svo þegar Bjössi kom að ég hefði gleymt vettlingunum heima svo að hann yrði sennilega að leiða. Því miður. Þetta kom ekki beinlínis flatt upp á hann, því hann hafði þá þekkt mig í mörg ár (tja, tvö ár, en það voru rosalega mörg ár á þeim tíma).

Nú, Bjössi lagði af stað og leit alveg óhræddur út og ég hugsaði með mér að ég gæti sennilega böðlast þetta á eftir honum í topplínu þegar hann væri kominn upp og búinn að tryggja í eitthvert jarðfast Grettistak fyrir ofan brekkuna. En hvað heldurðu að mannskrattinn geri? Þegar hann er kominn svo sem tuttugu metra, og á eftir kannski tíu (sýndist mér; brekkan var aðeins lengri en virst hafði í upphafi), stoppar hann á svolitilli syllu og fer að setja inn aðaltryggingu. Hvað er að manninum, hugsa ég, ætlar hann að pína mig til að leiða afganginn, eða heita minni maður ella? „Væri ekki nær að klára þetta bara“ hrópa ég til hans en fæ kaffloðin svör og er svo lamaður af hræðslu að ég megna ekki að spyrja meira. Og hvað get ég svo sem gert? Ég fer að leita að vettlingunum mínum niðri á botni í bakpokanum, en kemst fljótt að því að þetta var engin lygi hjá mér; vettlingarnir eru heima. Enda ég strangheiðarlegur maður og sannsögull í hvívetna. Svo ég legg af stað.

Það er eiginlega miklu betra að klifra vettlingalaus. Maður fær betra grip um axirnar. Að minnsta kosti fyrstu þrjátíu sekúndurnar. Svo verður manni kalt en svo hættir manni að verða kalt þegar tilfinningin hverfur úr höndunum.

Mér tekst með harmkvælum að losa skrifuna sem Bjössi hefur tryggt með, og munar minnstu að ég missi hana úr loppnum krumlunum. Svo bögglast ég einhvern veginn upp á sylluna til hans og læt hann binda mig í trygginguna og heyri strax á því hvernig hann talar að ég á næstu spönn, sem nú er orðin minnst þrjátíu metrar, og engin miskunn hjá Magnúsi. Mér kemur sem snöggvast til hugar að stinga



*Grafarfoss klifinn í fyrsta sinn. Einar Steingrímsson.
Ljós.: Björn Vilhjálmsson.*

upp á því að við sígum niður, en man svo að sig er það eina sem mér stendur meiri stuggur af en klifri. Ég reyni að malda í móinn og ber við vettlingaleysi, en einmitt vettlingaleysið er búið að gera mig svo sljóan að ég finn engin mótrök þegar Bjössi segir að ég geti fengið hans vettlinga, því hann sé búinn að ganga með snjóbolta í höndunum í Kaupmannahöfn í allan vetur (hann las um þetta trix í ævisögu Hermanns Buhls, sem er örugglega upplogin) og sé vanur handkulda. Að vísu hefur ekki snjóað í Kaupmannahöfn í rúm tvö ár, og frystihólfín í ísskápunum á stúdenta-görðunum þar rétt mátulega stór fyrir tvær teskeiðar af steinseljú (ómissandi á smurða brauðið sem allir Danir hafa með sér í vinnuna og eru í tvo tíma að skreyta á hverjum morgni (og ekki furða að allt sé að fara fjand-

ans til í því landi)) en alls ekki snjóbolta, hvað þá tvo. Auk þess er löngu búið að leggja niður íshúsið á Amager, enda haft að viðkvæði, eins og alkunnugt er, að sitthvað sé rotið í ríki Dana.

Til að stappa í mig stálinu segir Bjössi að ég geti tekið aðra skrifuna sem hann er með í tryggingunni og haft þannig bæði eina skrifu og eitt vörtusvín með mér í millitryggingar. (Á þessum ókjörum af dóti hafði hann fest kaup í Kaupmannahöfn um haustið. Þetta var í þá tíð þegar menn fengu rífleg námslán og ekki spurt hvort menn væru að læra eitthvað nytssamlegt, eins og til að mynda fiskeldi, eða eitthvert rugl, eins og Bjössi, sem var í skóla að nafni Zahles Seminarium og veit enginn hvað þar fór fram innan veggja, nema hvað Menntamálaráðherra (hver í ósköpunum getur það hafa verið?) veitti honum umsvifalaust kennararéttindi þegar hann skreið upp á landsteinana, sjálfur, því engir selir voru lengur í leigubílaakstri milli útlanda og Íslands eftir útreiðina hjá Sæmundi um árið, sællar minningar (úps, þetta var víst líka úr annari sögu. Reyndar sömu sögu ...). Ég fæ vettlingana og hlýnar strax svo á höndunum að ég veina eins og stunginn grís. Reyni að tefja tímann en það er svo tímafrekt að ég gefst fljótt upp. Fer að rifja upp kvæðið eftir Þóri Jökul en man bara síðasta vísuorðið úr hvoru versi. Jú, og svo eitthvað „ást og meyar“ en finnst það einhvern veginn ekki eiga eins vel við hér. Svo hliðra ég mér til vinstri út í fossinn, sem er lóðréttur. Nú, nú, gæti verið verra. Axirnar sökkva á kaf í ísinn. Og broddarnir grafast upp að skóm. Fjórfold hamingja. Svo ég dríf mig bara upp næstu fimm metrana, frekar en að biða dauða míns.

Svo breytist ísinn svolítið og fara að verða dálitlar holur í hann – skratti gott til að kýla öxunum í og ég get næstum sparkað för í ísinn. Eins og að standa í stiga. Minn maður verður djöfulli rogginn, hann sem var skömmu áður eins og valhoppandi fífl í barnabók að sunnan eins og annað þjóðskáld orðaði það. Reyndar næsta óþekkt skáld, að vísu, en sannarlega þjóðskáld.

Svo breytist ísinn svolítið. Aftur. Nú eru þetta ekki lengur holur í ísinn heldur aðallega holur. Og bara frekar stopull ís. Ég man nú ekki eftir að hafa lesið um þetta í blöðunum. Og ekki var orð um þetta í Blackshaw heldur. Ekki einu sinni í Biblíu íslenskra fjallamanna

(eða ætti heldur að líkja henni við Æskuna? Nefni engin nöfn og ef þú ert það fífl að fatta ekki djókinn, fyllir geyminn og ekur strax af stað, þá þú um það; engar frekari vísbendingar, og ekki einu sinni verðlaun eins og fyrir myndagátu Moggans). Eiginlega eru þetta bara búnt af fingerðum grýlukertum. Eins og lagerinn í kaþólskri kirkju, þú veist þessum sem græða stórfé á túristaflunum sem halda að maður eigi að kaupa kerti (dýrum dómum) og kveikja á og setja á eitthvert asnalegt borð. Rétt eins og maður verði betri manneskja af því, eða eitthvað. Svo nú fer þetta að verða við mitt hæfi. Alltaf leiðst þetta eintóna klifur í öruggum ís; að færa axir og brodda í jöfnum takti og hafa ekkert betra að spá í en það hvernig baksvipurinn líti út á manni.

Það er tilgangslaust að höggva öxunum í, þær lenda alltaf á milli kerta, svo maður krækir þeim bara á milli, og togar svo rösklega í (aðra öxina í einu, já) til að athuga hvort þetta haldi. Og yfirleitt heldur þetta í svona fimmta hvert skipti. Svo reynir maður að finna tvö pör af glufum með hæfilegu millibili fyrir frambroddana. Engin spörk eða barningur, bara eins og að undirbúa línu fyrir beitingu; maður hengir krókana á stampbrúnina.

Mér er orðið hlýtt á höndunum og bara helvíti gaman. „Á ekki að fara að tryggja?“ spyr Bjössi. „Tja, hefur það nokkuð upp á sig?“ segi ég og veit að svarið er nei, en Bjössi skilur ekki hvað ég er að fara. Mér verður áfátt orða, og hef ég þó aldrei, hvorki fyrr né síðar, vitað mér verða áfátt orða, nema ef vera skyldi þegar Bjössi kastaði sér á mig úr leiðinni Skrekkur Björns í Stardal, hálfri sekúndu eftir að hann hafði hent fimm hundruð kílóa steini í átt til mín, en misst marks.

Ég heyri að Bjössu er þungt niðri fyrir, og hugsa sem svo að ég geti gert það fyrir hann að setja inn eitthvert dót. Ég tek skrifuna og þykist skrífa hana inn í ís sem er bara hola í hrönglinu. Hún hangir kyrr þegar ég set karabínuna í og svo sling og frá Bjössu séð lítur þetta djöfulli vel út. Að minnsta kosti svarar hann játandi þegar ég spyr hvort honum líði nú betur. Ætli ég sé ekki svona sjö metrum fyrir ofan hann. Aldrei þessu vant er hann ekkert að reka á eftir mér, enda er ég svo sem ekkert að hangsa. Eftir engu að biða.

Þetta eru tíu metrar af vaxi í viðbót og svo bara venjulegur ís. Ekkert markvert. Svo ég klifra nokkra metra eftir vaxið og lendi í þessu



Mannmargð í Grafarfossi. Ljós.: Tómas Júlíusson.

líka rokna tryggingafæri; ísinn eins og mosi. Ég set öxina fasta, þjakkra svolitla holu með hamrinum og rek vörtusvínið í upp að hálsi svo korrar í. Svo held ég náttúrulega bara áfram og reyni að reikna út hvað sé mikið til af vímuefnum heima. En þetta var á steinöld og línurnar bara fjórtíu metrar, svo allt í einu er stopp og ég ekki búinn að rifja upp nema svo sem hálfan eymingja af viskíi. Að vísu góðu ruddaviskíi, gráu merinni eða einhverju í þeim stíl, en ekki þessu montviskíi, sem flestir plebbarnir hefðu látið vera í svona sögu, Chivas Regal eða Glenfiddich, það fyrra gersamlega bragðlaust, því þannig vilja aulasnobbararnir hafa það – þola náttúrulega ekkert bragð – hitt alger ruddadrykkur og ótrúlegt helvíti, en lýsandi dæmi um mátt sölumennskunnar (sem stundum er kölluð markaðssetning), að nokkur heilvita maður (og þó sérstaklega Jón vinur minn, sem er sannanlega óheimskur, og ekki heldur snobbaður á neinn plebbalegan hátt heldur almennilega eins og ég) skuli láta selja sér það, á uppsprengdu verði. Talandi um snobb, þá las ég það í Gautaborgarmogganum í morgun, haft eftir

manninum sem skrifaði löngu leiðinlegu bókina sem allir þykjast hafa lesið en enginn hefur lesið (nema einhverjir öfuguggar sem alltaf þurfa að gera það sem allir þykjast hafa gert en gera ekki), þú veist, þessa sem byrjar svona: „Lengi var ég haldinn þeirri árátu að fara snemma í bólið” ...; nú verð ég að byrja þessa setningu upp á nýtt, því hún er gengin mér úr greipum. Ég las það sem sé í Gautaborgarmogganum í morgun, haft eftir manninum sem skrifaði löngu leiðinlegu bókina sem allir þykjast, ..., hmmm ..., þetta lenti víst í einhverri vitleysu hjá mér. Hvað um það, það sem stóð í blaðinu var að kallinn hefði sagt einhvern tíma, einhvers staðar, að snobbara mætti þekkja á því að þeir sæju ekkert nema snobbara í kringum sig, því þeim væri ómögulegt að sjá heiminn öðrum augum. Ég er hins vegar ekki alveg sammála þessu, því ég þoli ekki snobbara, en er enginn snobbari sjálfur. Til dæmis drekk ég aldrei Glenfiddich (og guð minn almáttugur, blessuð vertu ekki að reyna að ganga í augun á mér með því að þykjast helst drekka Badwronachentshochantoich, ég stórefast um að það sé einu sinni til), heldur

bara almennilegt viskí sem þið hafið aldrei einu sinn heyrt nefnt, svo ég er ekkert að segja hvað það heitir.

Hér get ég andskotann ekki farið að stoppa. Ég er í miðju kafi. Þetta segi ég Bjössu, og á endanum trúir hann mér og segir mér að biða aðeins. Hann teygir á línunni svo hún lengist um tvo metra. En það er bara ekki nóg. Svo ég segi honum að hann verði að galdra svolítið meiri línu, sem hann gerir, enda á hann fárra kosta vól, því hann sér mig ekki og getur því ekki annað en treyst mér, enda aldrei reynt mig að fláttskap og vélum.

Og ég held bara áfram og er kominn sjö metrum lengra en línan átti að ná og Bjössi út í fossinn í endanum á prússikbandi í slingi sem er bundið í endann á línunni og allt í góðu gengi, því nú leggst brekkan á bakið fyrir framan mig. Eða hallar sér að minnsta kosti aftur á bak í svo sem fjórtíu gráður.


Svo ég hegg för fyrir hælana, rek axirnar báðar á kaf, kræki fetlunum í stólinn og sest svo í brekkuna. Bjössi þrílar upp þessa sjö

metra, þú manst, að tryggingunni, þar sem hnúturinn á línuendanum, sem er bundinn í slingið langa, sem er bundið í prússikbandið, situr fastur í karabínunni og er eitthvað að hugsa um að nú sé best að vera ekki að detta eða svoleiðis – og veit þó ekkert um hvað það er sem heldur mér, á hinum enda línunnar, föstum við fósturjörðina (fósturjörðina; svona getur maður orðið skáldlegur við erfiðustu aðstæður) – og það flýgur gegnum huga hans að þetta sé eins og svissneskur ostur þessi ís (reyndar segir stjörnuvíkingis- og kaffistrákurinn að ég hafi notað þessa líkingu í samtali við hann í Skátabúðinni skömmu síðar, en það er varasamt að trúa þessum skörfum; ég tel afar ósennilegt að ég hafi komist svo kauðalega að orði í vitna viðurvist), en svo er hann (Bjössi, ef þú skyldir hafa gleymt því) kominn að tryggingunni og losar hana og ég dreg upp slakann og svo afganginn af línunni með Bjössu í.

Við sögðum fátt á heimleiðinni, enda fátt umræðuvert.

**Berghaus
Meindl
Cousin
Camp
Helsport
Asolo
North Cape
Suunto
Mountain House
Mover**

ÚTILÍF



Alltaf á uppleið

Á ferð um Alpána

eftir Hilmar Ingimundarson.

Það var í byrjun júlí á þessu ári að við félagarnir (Himmi og Jón) ákváðum að fara utan, tilbreytingarleysið hér heima var að fara með okkur og þráin eftir að komast aftur út að ná tökum á okkur. Ákveðið var að halda til Chamonix og klífa Mt. Blanc (4807m) aftur, og fjallið sem ég hafði heillast svo af á myndum, Matterhorn (4478m). Með því að ég hafði valið fjall til að klífa vildi félagi minn gera slíkt hið sama og valdi Eiger (3970m). Viðsum við harla lítið um Matterhorn og Eiger áður en lagt var í hann,

en við þekktum til Mt. Blanc, þar sem við höfðum klifið það í ferð okkar um Frakkland árið áður. Það reyndist frekar erfitt að afla upplýsinga um fjöllin, enda lítill tími til stefnu og sá eini sem við viðsum að hefði klifið þessi fjöll, Helgi Ben.; var erlendis.

Ferðin hófst mánudaginn 11. ágúst, þegar haldið var áleiðis til Parísar með 30 kg af búnaði og 150 þús í gjaldeyri á mann. Á ferð okkar árið áður höfðum við lent í peningavandræðum, og ákváðum við að fara með 50 þúsund króna hærri upphæð nú til þess að lenda



Matterhorn. Ljós.: Hilmar

ekki í því að þurfa að neita okkur um neitt. Visa var aldrei inni í myndinni, enda stórhættulegt, mönnum eins og okkur sem kunna ekki með peninga að fara, og átti sú ákvörðun eftir að reynast afdrifarík. Komið var tímanlega í Leifstöð, og átti þar að versla sitt hvað. Þar tókst okkur hvorum um sig að eyða 30 þúsund krónum áður en tekið var á loft.

Lent var klukkan fimm að morgni þriðjudags í París og höfðum við ákveðið að eyða fyrstu þremur dögum þar. Það breyttist allt þar sem við vorum strax búnir með aðrar 30 þúsundir hvor á þriðjudeginum og var þá ákveðið að taka miðnæturlestina á miðvikudegi áleiðis til Grindelwald og Eiger. Lestir voru ekki draumafarkosturinn en þar sem við höfðum ekki aldur til að leigja bíl var þetta eina lausnin. Eftir 14 tíma í lest, þar sem stolið var frá okkur ísöxunum og broddunum, vorum við komnir til Grindelwald. Tjölduðum við á einu af betri tjaldsvæðum staðarins, litum á aðstæður, kynntum okkur fjallið og skoðuðum úthöggvinn íshelli. Ákveðið var að leggja í hann daginn eftir, föstudag. Á leiðsögumannaskrifstofunni var okkur tjáð að veðrið næstu daga yrði kjörið til klifurs, en flestar leiðir á fjallinu væru ófærar sökum snjó- og skriðuhættu. Var okkur bent á að gista í Mittellagi- skálanum á vesturhryggnum og taka lestina upp í Eismeer- stöðina. Fimmtudagurinn fór allur í að afla sér vista og upplýsinga, og þar sem við höfðum tapað klifurgræjunum okkar var fjárfest í nýjum broddum og axir leigðar.

Á hádegi á föstudag lögðum við af stað með lestinni áleiðis til Eismeer, vel klifjaðir af búnaði enda á leið út í algera óvissu. Klukkan fimm vorum við komnir í skálann, eftir þriggja og hálf tíma klifur, rennandi blautir og ekki sáttir við veðurspána. Þarna uppi var skálavörður sem tók á móti okkur og sagði að matur yrði til eftir um klukkutíma, lét okkur hafa rúm og tók við skálagjaldi um 3000 kr með mat. Þessi litli skáli, sem rúmaði 32, var frekar ótraustvekjandi þar sem hann skagaði út fyrir hrygginn með snarbrattar hliðar beggja vegna. Eftir fimmrétta kvöldmáltíð skrifuðum við okkur í gestabókina og sáum að þessi leið hafði fyrst verið klifin á þessu ári fyrir viku. Flestir voru lagstir í svefn rétt eftir mat nema við og einhverjir Þjóðverjar sem lögðust í drykkju. Við ákváðum að kíkja í einn bjór og virða fyrir okkur útsýnið. Við sváfum á gólfinu

um nóttina, enda þéttskipaður skálinn og sofnuðum við vært út frá þrumunum um tíu leytið.

Við vöknudum í morgunmat um fjögur og vorum lagðir í hann klukkustund síðar. Veðrið var mun skárri en er við lögðumst til hvílu og fórum við frekar hratt yfir og vorum ekki lengi að ná fyrsta hóp sem vildi seint hleypa okkur fram úr. Við klifruðum eftir örmjóum hrygg í fjóra og hálfan tíma stanslaust og stóðum við þá loks á tindinum. Við nutum útsýnisins í um háltíma og tókum myndir. Norðurhlíð Eiger blasti við okkur í öllu sínu veldi á leiðinni niður, vakti það óhug meðal okkar félaganna en við vorum staðráðnir í því að taka hana síðar, þar sem við höfðum fengið nóg þennan daginn. Niðurleiðin átti eftir að reynast erfið, engin „guidebook“ og sólin var farin að skína og bræða snjóinn sem skapaði mikla hættu á grjóthruni. Eftir sex tíma streð og þuð vorum við komnir niður á tjaldsvæði, eftir að hafa náð síðustu lest niður. Er við héldum upp á þetta á næsta pizzustað vorum við fegnir og stoltir með afrek dagsins og vildum ólmir komast frá þessum stað sem var troðinn af ferðamönnum. Við áttum von á að sjá fleiri klifurgarpa en raun varð á.

Daginn eftir lögðum við af stað til Zermatt. Zermatt er lítið fjallaborp umvafið flestum 4000m tindum Evrópu. Þar eru engir bílar nema þá örfáir rafmagnsbílar og var það miklu viðkunnanlegra en Grindelwald. Þegar við höfðum komið okkur fyrir á eina tjaldsvæðinu í bænum var ákveðið að næsti dagur yrði hvíldardagur og þá yrðu aðstæður kannaðar. Við fórum á North Wall barinn þá um kvöldið og kynntumst þar heimamönnum og nokkrum klifrurum. Við áttum eftir að koma þar við oft og mælum við eindregið með þessum stað. Okkur var ekki til setunnar boðið, veðurútlit næstu daga var gott og við vorum tilbúnir í slaginn. Við pöntuðum gistingu í Hörnlihütte og lögðum í hann þriðjudaginn 19. ágúst. Það tók okkur um tvo tíma að komast upp í skála í steikjandi hita. Skálinn hafði svefnpláss fyrir um 150 manns og var miklu meiri um sig en skálinn á Eiger. Við eyddum þarna deginum í afslöppun og vangaveltur. Þarna kynntumst við Ástrala og Bretra sem voru að klifra saman, þeir höfðu kynnst í gegnum internetið og var Matterhornið þeirra aðaltakmark. Var okkur ráðlagt að halda í við leiðsögumennina þar sem leiðin gat verið vill-



Góður dagur á fjöllum. Ljósm.: Hilmar.

andi og menn gætu leiðst út í erfiðari hluta leiðarinnar. Verðið var frekar hátt þarna uppi í þessum fjallaskála, t.d. kostaði 1.5 lítri af vatni 450 kr og 0,5 lítri af bjór og gosi 300 kr. Morgunmatur var framreiddur klukkan fjögur og voru þá allir vaktir. Við höfðum hugsað okkur að leggja snemma af stað, og höfðum við því gert okkur klára kvöldið áður.

Við byrjuðum klifið um 4.30. Snemma náðum við í skottið á stórum hópi sem við eltum í myrkrinu. Tókst þeim að villast af leið og við eltum í einfeltni okkar. Tafði þetta för okkar á fyrri hluta leiðarinnar. Leiðin í heild sinni á að taka um fjóra tíma ef hratt er farið yfir og vorum við komnir hálfa leið eftir þann tíma og strembnasti hlutinn eftir. Gerðum við stutt stopp í litlum skála á leiðinni, borðuðum McDonalds hamborgarana okkar og ákváðum að hraða ferð okkar aðeins. Skilaði það okkur á toppinn á rúmum einum og hálfum tíma. Straumurinn af fólki á niðurleið jókst er nær dró toppnum og skapaði það hættu á grjót-hruni.

Matterhorn liggur á landamærum Sviss og Ítalíu og tilheyrir einn toppur hvoru landi, og er sá svissneski metra hærri. Þarna var líkneski af Maríu mey til minningar um þá sem hafa látið lífið á þessum slóðum. Þarna vorum við í um tuttugu mínútur og á þeim tíma komu um tíu manns á toppinn þar á meðal félagar okkar úr skálanum og eldri hjón sem klifu án aðstoðar. Leiðin niður reyndist ekki erfið en við fórum frekar hægt yfir og skiluðum okkur niður í skála um fimmleytið. Þar var okkur tjáð að síðasti vagn niður í bæ færi eftir þrjátíu mínútur og að við myndum aldrei ná honum. Við ætluðum nú samt að reyna enda höfðum við ekki efni á að gista þarna aðra nótt. Það tók okkur um 40 mínútur að ná niður og tókst okkur með naumindum að ná í starfsmannavagninn. Voru þetta með erfiðari 40 mínútum sem við höfum lent í. Lækkunin var 1000 m og við í plastskóm, klifjaðir græjum, hlaupandi í steikjandi hita í grýttu landslaginu.

Er niður var komið var farið í sturtu og snyrt

sig því nú skyldi sko farið á NW-barinn, að fá sér bjór og pizzu og njóta þess að vera til. Þegar við höfðum lokið við pizzuna og teygð nokkra bjóra birtust félagar okkar af fjallinu. Þeir höfðu verið klukkutíma seinni en við niður í skála, neyddust til að labba niður í bæ og voru nú að koma dauðuppgefnir um tíuleytið í pizzuna og bjórinn. Skáluðum við með þeim til lokunar og skemmtum okkur áfram á tjaldstæðinu.

Félagi okkar, sá breski, var á förum til þess að hitta konu sína í Chamonix, þannig að ástralski vinur hans sá fram á dauða daga einn og yfirgefinn þar. Við ákváðum því að hitta hann í Chamonix og klifra með honum Dent du Géant og Grepon. Þeir lögðu í hann daginn eftir en við biðum eftir fóstudeginum þar sem carnival átti að vera í bænum. Í millitiðinni stofnuðum við svissneskan bankareikning og fórum í sviffflug, og fóru þar síðustu peningarnir okkar og ferðalagið aðeins hálfnað. Sviffugið reyndist ekki eins spennandi og af var látið en ánægjulegt var engu að síður að svífa um loftið eins og fugl, en þó sannarlega ekki peninganna virði. Carnivalið reyndist ekki eins skemmtilegt og við höfðum vonast til en það rættist úr kvöldinu þar sem félagar okkar af barnum ákváðu að taka okkur út á lífið og sýna okkur hvernig ætti að skemmta sér, snérist það reyndar á hinn veginn enda sannir Íslendingar á ferð. Kvöldið reyndist hið skemmtilegasta og tókst okkur svo sannarlega að mála bæinn rauðan. Laugardagurinn einkenndist af slappleika, en við náðum að yfirgefa bæinn snemma morguns, og komum við seinni part dags til Chamonix. Þar var ákveðið að kíkja í búðir, enda félagi minn, Jón, með debetkort og nýbúinn að fá útborgað.

Tjölduðum við á Les Arolles, sama tjaldsvæði og árið áður, og gerðum við það þrátt fyrir andúð okkar í garð konunnar sem rak það, en henni virtist vera mjög í nöp við viðskiptavini sína. Ástralinn lét aldrei sjá sig og féll það því um sjálft sig að klifra áður áformaðar leiðir með honum. Fréttir frá veðurstofunni voru ekki uppörvandi, því spáð var leiðindaveðri alla vikuna. Við vorum hins vegar á leið heim eftir viku, og því var enginn tími til að biða veðrið af sér og ekki ætluðum við okkur að missa aftur af því tækifæri að ná tindi Mt. Blanc sökum veðurs. Því var ákveðið að halda upp í fjall, sjá til og biða. Í eftirmiðdaginn klifruðum við í heimaklettunum

nokkrar leiðir, af gráðunum 5.8-5.10d. Við vorum tilbúnir snemma mánudagsmorguninn 25. ágúst og keyptum miða hjá Midi-stöðinni, en þá var eftir að leigja axir. Þegar það var búið, var allt til reiðu að öðru leyti en því, að ég hafði tapað veskinu mínu einhvers staðar, og hófst nú dauðaleit að því, en allt kom fyrir ekki, það fannst hvergi. Það þýddi víst lítið að svekkja sig á því enda engir peningar í því, en þar voru þó vegabréfið, flugmiðinn og lestarmiðarnir, allt sem mestu máli skipti. Um borð í kláfnum var ég hætstur að hugsa um þetta, nú var það bara veðrið sem olli vonbrigðum. Það voru fáir sem fóru með síðasta kláfnum upp þennan mánudag, aðeins við félagarnir, starfsmaður og einn klifrari.

Það var þoka yfir Vallée Blanche, en þar sáum við nokkur tjöld er við stauluðumst niður í dalinn. Þegar við höfðum valið okkur stað og byrjað að tjalda komu Spánverjar, sem tjaldað höfðu á svæðinu, að máli við okkur til að forvitnast um veðrið. Urðu vonbrigði þeirra mikil er við sögðum þeim frá veðurspánni. Þrátt fyrir lýsingar okkar á veðrinu ákváðu þeir nú samt að leggja í hann þá um kvöldið. Daginn eftir vöknudum við í þoku og ákváðum að röltu um svæðið, og urðum við þá vitni að þýrlubjörgun og miklum vandræðum manna við að komast niður Tacul-tind. Félagar okkar náðu á toppinn og sögðu þeir okkur, þegar þeir komu til baka, að veðrið hefði verið gott þar. Við ákváðum þá að leggja í hann um nóttina og lögðumst til svefns um sexleytið, en þá voru svört ský á leiðinni og útlitið heldur svart. Þegar við vöknudum klukkan ellefu um kvöldið sást ekki handa sinna skil fyrir þoku, svo ákveðið var að fresta för um klukkutíma. Á miðnætti hafði veðrið skánað til muna, var orðið það besta sem við höfðum séð. Klukkan eitt vorum við lagðir í hann, og þótti okkur skrítið hve fáir voru á ferð, við vorum raunar einir, og varð það reyndin alla leiðina. En við héldum áfram tveir og tróðum snjó sem hafði fallið þá um kvöldið. Þar sem við höfðum farið þessa leið árið áður vissum við hvað við vorum að fara út í og gátum því farið töluvert hraðar yfir. Í síðustu brekkunni upp á Mt. Blanc er stór steinn, sem við höfðum snúið frá áður vegna veðurs, og náðum við þangað á fjórum og hálfum tíma, töluvert skemmri tíma en í fyrra. Við vorum svo einungis hálf tíma frá þessum steini á toppinn, og

var það vissulega svekkjandi að hafa ekki náð þessu takmarki árið áður.

Á toppi Mt. Blanc sáum við fyrstu mannver-
urnar þann daginn, en það voru menn sem
komu Gouter-leiðina og voru þeir nokkrir þar
fyrir er við komum upp. Ánægjulegt var að
hafa náð því takmarki að klífa öll þrjú fjöllin:
Eiger, Matterhorn og Mt. Blanc, en hæsta
fjallið féll í skugga hinna tveggja, sem okkur
þótti meira til koma. Af toppnum gátum við
séð Matterhorn sem við höfðum klifið viku
áður. Við vorum uppi drjúga stund að taka
myndir og njóta erfiðisins. Niður af fjallinu
komum við í tjald klukkan ellefu að morgni og
höfðum við þá aðeins verið 10 tíma á ferð
með góðu stoppi á toppnum. Þar beið okkar
ískaldur bjór, þar sem við höfðum brugðið á
það ráð að festa tjaldið niður með bjórflösk-
um. Er niður í bæ var komið var venju sam-
kvæmt haldið upp á það með pizzu og bjór að
hafa náð tindinum. Það snjóaði á okkur síð-
asta daginn í Chamonix og voru fjöllin orðin
alhvít, þegar við yfirgáfum bæinn.

Komið var til Parísar með lest á föstudags-
morgun. Veskið var ófundið og löggan ekki
viðræðuhæf á öðru tungumáli en frönsku. Við
urðum því að kaupa nýja lestarmiða, en þar

með var inneignin á debetkortinu uppurin og
ígildi 1.500 kr. dygðu vafalaust skammt fyrir
tvo yfir helgi, og var því brugðið á það ráð að
fá fjárhagsaðstoð að heiman. Í íslenska sendi-
ráðinu í París var fenginn bráðabirgðapassi,
og úr umslagi að heiman dró ég fram 2.500
franka (jafnvirði 30.000 kr.), og nú skyldi fara
sparlega með. Föstudagurinn fór þannig allur
í reddingar. Allt var orðið klappað og klárt, og
gafst því ágætur tími til að skoða næturlíf Par-
ísar. Laugardagurinn einkenndist af kaupæði,
en endaði svo með stórkostlegu djammi um
kvöldið. Þessi skyndilegi auður sem okkur
áskotnaðist reyndist ekki endast eins lengi og
vonir stóðu til og ráð var fyrir gert. Í flughöfn-
inni á Charles de Gaulle var með herkjum
hægt að nurla fyrir tveimur bjórum, og því
máttum við ganga sneypfir fram hjá friðhöfn-
inni, þegar heim var komið. Við gengum þó
hnarrestir í gegnum tollinn, klifjaðir 40 kg.
að framan og aftan, og víst var um það, að
ánægðir vorum við að loknu annars frábæru
ferðalagi sem hafði einkenst af ævintýrum
og fíflalátum. Skólinn beið okkar daginn eftir,
en löngunin til þess að fara aftur utan á vit æv-
intýranna kom fljótt upp í hugann, þegar
heim var komið.

g a k k t u á v e g g !

Vektor
FOUR & UPPLAND

vektor / klifurniðstöð - borgartúni 29 - sími 561 2180

Í hremmingum á Sprengisandi

Eftir Kristján Helgason

Hrakfarasögur eru ekki tíðar í ársritinu. Efni í eina slíka varð til í gönguskiðaferð á Sprengisandi í mars 1995. Þá voru þeir á leið þvert yfir hálendið þeir Kristján Helgason, Sveinn Muller og Stefán Guðmundsson. Á leið þeirra upp úr Eyjafirði og í Bergland hrepptu þeir hið versta veður og náðu með naumindum að reisa tjaldið sem þeir hirðust síðan í í 36 tíma. Í Bergland komust þeir og þaðan í Laugafell í sæmilegu veðri. Á leiðinni frá Laugafelli og í Nýjadal tjölduðu þeir við Bergvatnsskvíslina skammt sunnan við vaðið. Melkollarnir voru auðir og ísлагðir og því nærtækast að tjalda ofan í örlitilli lægð þar sem nægur snjó var til að festa tjaldið. Það var rjómaþliða og óljósar fréttir af veðri frá eiginkonu í bænum hljóðuðu upp á fjögur til fimm vindstig úr norð-austri. Þeim félögum leist því vel á framhald ferðar, óveður og hrakningar heyrðu sögunni til og þeir hlökkudu til rólegrar göngu í Nýjadal með þægilegan byr í bakið. Við látum Kristján tjá okkur framhaldið.

Þegar við vöknudum fimmtudaginn 16. mars var að heyra að veður væri hið besta ennþá. Eitthvað vorum við seinir fyrir því að klukkan var orðin átta þegar við vöknudum. Við vorum þó ekkert að æsa okkur yfir því. Ef að veðrið yrði eins og það var þegar við sofnuðum þá yrðum við komnir í Nýjadal fyrir miðjan dag. Það voru aðeins um tólf til fjórtán kílómetrar þangað. Við byrjuðum á að hita vatn og hafa til morgunmat. Eitthvað fannst okkur að illa gengi að halda almennilegum dampi á prímusnum. Það var eins og að það vildi ekki loga á honum. En á endanum kláruðum við að græja okkur til og ganga frá öllu ofaní bakpokana. Við gerðum okkur klára til að fara út og Stefán sem var fremstur í tjaldinu, eða næst dyrunum renndi niður rennilásnum á innra tjaldinu og síðan því ytra. Sjáum við þá að snjódrífa liggur eftir þar sem tjald dúkurinn hafði verið. Ég segi við Stefán að biðja aðeins því þetta verði ég að mynda. Ég geri það og segi síðan við Stefán að nú megi hann dumpa í fönnina og sópa henni burt, sem hann og gerir en ekkert skeður. Hann slær þéttingsfast í það sem við höldum

aðeins þunna snjódrífu. En ennþá gerist ekkert og það rétt markar fyrir handarfari í snjónum. Það fer að læðast að manni sá grunur að tjaldið sé komið á kaf í snjó. Stefán byrjar að grafa sig út. Á meðan klárum við Sveinn að ganga frá ýmsu smádóti sem eftir var í tjaldinu. Þegar við komum út nánast strax á eftir Stefáni sáuð við hverju við höfðum lent í.

Úti fyrir geisaði algjört fárviðri. Þegar við höfðum áttað okkur á þessum heldur kuldalegu aðstæðum fórum við að reyna að líta í kringum okkur. Aðeins örlitill toppur af tjaldinu stóð uppúr. Það var ekki að undra að það logaði illa á prímusnum, eða að við skyldum sofa svona lengi. Það hefur að öllum líkindum verið orðið ansi lítið súrefni inni í tjaldinu þegar við vöknudum. Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda, hvað hefði orðið um okkur ef veðrið hefði til dæmis byrjað einum eða tveimur klukkutímum fyrr.

En nú blasti við okkur heldur óskemmtileg staða. Tjaldið að hverfa á kaf í snjó og skíðin hingað og þangað í kringum það, notuð sem tjaldhælar ásamt ísöxum og skíðastöfum. Ég vildi strax byrja að reyna að ná tjaldinu upp en



Daginn fyrir óveðrið, tjaldið sem sást aldrei meir. Ljósmynd: Kristján Helgason.

Sveinn taldi ráðlegt að reyna að bíða af sér veðrið þarna. Ég taldi það óhugsandi og að við værum að missa tjaldið. Tilhugsunin um að vera án skíðanna var heldur ekki góð. Við höfðum þó varatjald en skíðunum urðum við að ná upp. Við byrjuðum allir að moka frá tjaldinu. Við höfðum tvær skóflur en það er skemmst frá því að segja að það sá vart högg á vatni þótt við mokuðum eins og við ættum lífið að leysa. Sortinn var slíkur að það var ógerlegt að sjá almennilega hvar maður var að moka. Ég var með aðra skófluna og mokaði eins og óður maður og þeytti snjó í allar áttir. Snjórinn var harður og samanbarinn og það var mjög erfitt að moka honum burt. Fyrst reyndi ég að moka smá rennu meðfram tjaldinu og síðan færði ég mig áfram með rennunni. En þegar ég leit við var rennan sem ég hafði rétt áður verið að moka horfin og það einasta sem við höfðum upp úr krafsinu var að við þjöppuðum snjónum meira upp að tjaldinu.

Örlög tjaldsins okkar virtust ráðin en við vorum ekki á því að gefast upp. Við mokuðum eins og óðir værum og að endingu brotnaði skóflan sem ég var með. Ég hélt þó áfram að berjast um með blaðinu einu saman. Við það tættist í sundur efnið í hlífðarvettlingunum mínum en áfram varð að moka. Það eitt gat bjargað okkur að ná tjaldinu upp og finna skíðin. Stefán skreið nú inn í tjaldið til að

reyna að halda við dúkinn og súlurnar ef að það mætti bjarga einhverju en að endingu sáum við þó að það var vita vonlaust mál að ætla að reyna að ná því upp. Við höfðum tjaldað tjaldinu að öllum líkindum í síðasta skiptið í þessari ferð. Tjaldið hvarf á mjög skömmum tíma og ekki sást grilla í nein ummerki eftir mokstur okkar.

Engin leið var að gera sér grein fyrir því hvernig þessi ósköp dundu yfir. Það virðist þó að veðrið hafi byrjað ósköp rólega eða þangað til að tjaldið var þakið snjó. Ég sef öllu jafnan frekar laust í tjaldi en það verð ég að segja að ég heyrði aldrei neitt í veðrinu. Þegar tjaldið var horfið settum við á smá fund til að meta stöðuna. Hún var ekki góð, en við vorum þó allir heilir á húfi. Þegar þetta var ætla ég að klukkan hafi verið á bilinu ellefu til eitt. Ekki var ráðlegt að taka af sér hlífðarvettlingana til að gá á klukkuna og ekki var heldur nein leið að átta sig á því hvar sólin væri. Ekkert sást, aðeins kolsvartur bylurinn. Þvílíkt ofsa snjómagn sem þarna virtist vera á ferðinni. Áttin virtist vera af norð-austri og samkvæmt því vorum við að fá lausasnjó af öllu norð-austur hálendinu og að auki ofankomu. Öllum þessum vind- og snjókokteil var síðan troðið í gegnum sundið á milli Hofsjökuls og Vatnajökuls þar sem þetta helltist yfir hausinn á okkur í miðju sundinu.



Í skafbyl við Sankti Pétur. Ljósrm.: Kristján.

Snjóhús grafið

Ofsinn í veðrinu var slíkur, að til að heyra hver í öðrum, urðum við að kallast á upp í andlitið hver á öðrum. Þetta óveður líktist óveðrinu sem við fengum á okkur ofan við Sankti-Pétur í upphafi ferðar. Það var linnulaust. Aldrei slotaði vindinum. Hann barði á okkur stanslaust af sama krafti. Við vorum staddir í hvilft þar sem Bergvatnkvíslin rennur um og hvilftin virtist vera að fyllast af snjó og allt okkar hafurtask að sökkva. Rétt eftir að við hættum að moka frá tjaldinu tókum við eftir að sleðarnir voru að hverfa í snjóinn og drögum við þá aftur upp á yfirborðið. Það var talsvert staut að losa þá vegna þess hvað snjóinn var mjög harður og fljótur að skafa yfir þá. Eftir nokkur hróp og köll urðum við sammála um að grafa okkur snjóhús þar sem að við gætum verið í skjóli. Við fórum aðeins til hliðar þar sem að við töldum óhætt að grafa okkur niður. Til að týna ekki tjaldinu stakk ég niður tveggja metra langri stöng úr einum sleðanna. Við byrjuðum síðan að grafa snjóhúsið. Sveinn tók að sér að byrja að grafa og Stefán mokaði snjónum frá honum. Ég fylgdist með sleðunum og dró þá uppúr þegar þess þurfti. Það hefur tekið svona tvo til þrjá tíma að grafa snjóhúsið. Ég var allan tímann úti og mokaði frá og passaði að sleðarnir og bakpokarnir færu ekki á kaf. Undir það síðasta áður en ég ætlaði að skriða inn í snjóhúsið tók ég eftir að stöngin sem ég hafði sett

upp yfir tjaldinu var að fara í kaf. Snjóborðið hafði hækkað um það bil einn og hálfan metra á meðan við grófum snjóhúsið. Ég stakk niður eina skíðinu sem við höfðum náð að rífa upp frá framanverðu tjaldinu áður en ég skreið ég niður í snjóhúsið. Áður hafði ég þó dregið sleðana upp úr snjónum enn eina ferðina, stungið niður merki ef þeir skyldu fara á kaf aftur og hent öllum bakpokunum niður í snjóhúsið sem reyndist vera hið besta og vel rúmt, minnst hundrað og tuttugu til hundrað og þrjátíu sentimetrar til lofts.

Þarna fór því ekki illa um okkur og gátum við nú hitað okkur vatn og fengið okkur smá nasl að borða. Öðru hverju heyrðust einhverjir dynkir sem mér gekk illa að átta mig á. Helst datt mér í hug að þetta væri snjóinn að troðast og einnig datt mér í hug að áin væri þarna svo nærri að dynkirnir gætu stafað frá einhverjum ruðningi í henni. Það var þó ekki mjög trúlegt þar sem að áin er mjög vatnslítill á þessum tíma. Það gat þó hugsast að hún hefði stíflast og væri að ryðjast í áttina að okkur. Þessir dynkir héldu stöðugt áfram og voru heldur ónotalegir á að hlusta. Þá var það að við tókum eftir að sprunga var að myndast í lofti snjóhýsisins, þarna var þá skýringin komin á dynkjunum. Það var greinilegt að það var einhver hreyfing á snjónum og hann greinilega að síga og þéttast. Við kláruðum að ganga frá dótinu og settum það í bakpokana aftur. Rifan í loftinu stækkaði óðum og nú fór hún að skriða í áttina niður með loftinu og niður á gólf. Hún lét ekki staðar numið þar en kom nú með miklum hraða þvert í áttina yfir gólfið. Glufan byrjaði sem einn eða tveir sentimetrar á breidd og virtist ekki ætla að breikka mikið umframpað. En þegar hún var komin vel yfir mitt gólfið þá fór hún að breikka talsvert og samtímis tókum við eftir að þakið var farið að síga talsvert mikið. Á þessari stundu varð mér ljóst að við yrðum að yfirgefa snjóhúsið hið snarasta ef að við ætluðum ekki að lokast inni. Ég sagði við strákana að við yrðum að yfirgefa snjóhúsið tafarlaust - núna.

En þegar við ætluðum út, urðum við varir

við það að göngin út úr snjóhúsinu voru lokuð. Við vorum lokaðir inni og snjóhúsið að hrynja yfir hausinn á okkur. Sveinn var sendur upp í göngin til að grafa þau upp en hann kom fljótlega aftur og sagðist ekki komast vegna þess að göngin væru orðin svo þröng og hann of þrekinn. Stefán, sem var okkar grennstur fór þá upp í göngin til þess að freista þess að opna þau. Mér varð hugsað til þess að Stefán hefði snert af innilokunarkennd. Eitt skiptið kom hann askvaðandi afturábak út úr göngunum, bölvandi hressilega og sagðist hafa verið að festast. Eftir smá tíma fór hann síðan aftur upp í göngin og að endingu tókst honum fyrir mikið harðfylgi að grafa sig upp úr snjónum.

Við réttum honum bakpokana út og síðan var að koma okkur sjálfum út. Sveinn fór á undan en hann varð að rýmka göngin nokkuð til að komast út. Þegar hann var kominn út var aðeins eftir að koma mér út en ég var stærstur og þreknastrur. Ég tók þá ákvörðun að víkka göngin vel áður en að ég færi út vegna þess að það var enginn til að yta á eftir mér. Loftið var nú orðið mjög sigið, ég tel að það hafi verið orðið lægra en einn metri. Það var greinilegt að snjóhúsið okkar var að falla saman og í ljósi hæðar gangnanna upp úr því, hefðum við að öllum líkindum ekki getað risið upp ef snjóhúsið hefði fallið yfir okkur. Þegar að ég hafði víkkað göngin nægilega til að komast uppí þau var auðvelt að komast upp úr. Ég náði þó ekki upp á brún gangnanna þótt að ég teygði hendur upp fyrir höfuð mér. Ég varð að príla upp göngin með því að spenna hné og olnboga út í vegg. Göngin lokuðust á örskömmum tíma eftir að við vorum komnir uppúr þeim og innan skamms sást ekki örla þarna fyrir neinu raski.

Enn stóðum við úti í snarvitlausu veðrinu og reyndum að bræða með okkur hvað til bragðs skyldi taka. Ljóst var að á þessum stað yrði ekki grafið annað snjóhús, það var greinilegt að það var alltof hættulegt. Það kom til tals að staðan væri, á þessari stundu, orðin þannig að það væri réttast að kveikja á neyðarsendinum. Hann var í sleðanum mínum en þeir voru nú allir komnir á kaf í snjóinn. Við urðum að finna sleðana aftur til að komast í meiri



Laugafell að kvöldi dags. Ljós.: Kristján.

fatnað og ná í neyðarsendinn. Við byrjuðum að grafa eina ferðina enn. Nú var gott að hafa merkt staðinn þar sem sleðarnir voru. Við urðum að grafa um það bil þrjátíu sentímetra til að komast niður á sleðana. Við grófum holu sem var um það bil sextíu til sjötíu sentímetra á breidd. Þegar holan var orðin um það bil þrjátíu til fjörutíu sentímetrar á dýpt myndaðist einhverskonar hringiða ofaní henni og var engin leið að sjá niður í botn hennar. Við grófum og grófum og loks sáum við á orange-litað seglið sem var ofaná sleðunum. Að endingu náðum við sleðanum hans Stefáns upp úr snjónum og eftir talsvert streð, mínum líka, en í honum var neyðarsendirinn. Ég stakk honum innan á mig ef við skildum týna sleðunum aftur. Enn var eftir að ná sleðanum hans Sveins því að þar voru allir svefnpokarnir og gallinn hans. Við héldum áfram að grafa eins og að við ættum lífið að leysa. Við sáum grilla í sleðann öðru hverju en aldrei gátum við losað það mikið um hann að við næðum honum upp. Að endingu skárum við á seglið ofan á honum en það var alveg sama hvað við mokuðum, við náðum hvorki að draga sleðann upp né heldur að ná svefnpokunum. Veðrið virtist vera að versna eftir því sem leið á daginn. Við reyndum að moka uppúr holunni en hún fylltist jafnharðan aftur. Brátt sáum við að við yrðum að láta sleðann eiga sig. Þetta var slæmt fyrir okkur þar sem gallinn hans Svenna var þarna svo og svefnpokarnir. Það var erfitt að þurfa að kyngja því að

ná ekki sleðanum upp af fjörutíu til fimmtíu sentímetra dýpi.

Neyðarsendir settur í gang

Þetta hafði óneitanlega slæm áhrif á okkur og þar sem við höfðum nú verið eina átta til níu tíma að berjast við óveðrið og dagur var nú brátt að kveldi kominn þá ákváðum við að setja neyðarsendinn í gang. Hjá Landsbjörg hafði ég fengið miklar og góðar leiðbeiningar um hvernig nota ætti hann og einnig var það ítrekað að ekki ætti að nota hann nema í ytrustu neyð. Á sendinum stóð að lítið ljós ætti að kvikna þegar kveikt hafði verið á honum. Þegar ég hafði ræst hann sá ég ekkert ljós. Að mér læddist ljótur grunur. Skyldi hann vera bilaður? Nei það gæti ekki verið. Landsbjargarmenn sögðu að það væri reglulega farið yfir alla senda og að þessi væri hundrað prósent í lagi. En hversvegna kom þá ekkert ljós? Þetta leit ekki vel út. Klukkan að ganga sex og ennþá glórulaust ofsaveður. Það væri nú að bæta gráu ofan á svart ef sendirinn væri bilaður. Í vonleysi stakk ég sendinum niður í sleðann minn sem var í augnablikinu ofan snjóa. Nokkru síðar þegar mér var gengið að sleðanum til að draga hann uppúr snjónum og fara í vélsleðagallann, leit ég á sendinn og sá þá að hann var farinn að blikka ljósinu. Það verður að segjast eins og er að mikil feginstilfinning fór um mig þegar ég sá það. Eftir það skildi ég sendinn aldrei við mig. Hélt honum allan tímann í lóðréttri stöðu eins og um var getið í leiðbeiningunum.


Þegar myrkrið fór að leggjast yfir varð ennþá erfiðara að fylgjast með púlkunum og bakpokunum. Þarna var sjálfsagt eitthvað meira farið á kaf. Ég hafði ekki orðið yfirsýn yfir það. Allan tímann vorum við að stinga einhverju niður þar sem tjaldið var. Allt sem við stungum niður fór á kaf. Einn stafur, dráttarstöng úr púlku, tvær frekar en ein og skófla. Við ákváðum að reyna að leggja í snjónum og láta skafa yfir okkur. Við reyndum að finna stað þar sem ekki myndi leggjast mikill snjór yfir okkur. Ég lá með bakið upp í vindinn, Sveinn kom þar næst og síðan Stefán. Við höfðum Svein á milli okkar vegna þess að hann hafði ekki náð vélsleðagallanum sínum úr sleðanum. Eftir að hafa legið smástund í snjónum fann ég að við vorum að fara í kaf. Ég fann á tímabili að ég átti erfitt með andardrátt og ég vissi að það væri vegna þess að

það væri að lokast fyrir vit mín. Ég sá þetta þó ekki þar sem engin leið var að sjá neitt vegna veðurs og myrkurs. Snjógleraugum, sem ég hafði verið með, hafði ég hent af mér fyrir löngu vegna þess að það skóf inn í þau í gegnum öndunargöt sem í var svampur. Einu sinni á meðan við lágum þarna í snjónum, heyrði ég að Sveinn öskraði í Stefán til að spyrja hann hvort ekki væri allt í lagi. Ég heyrði ekki hvað Stefán sagði. Ekki veit ég hvað við lágum lengi þarna en þegar snjórinn var búinn að færa mig á kaf fann ég að hann var mjög þéttur. Mér fannst strax þetta ástand ótraust og fór að bröлта um og losa mig. Ég fann að ég þurfti allnokkurt átak til að losa lappirnar. Ég heyrði að Sveinn var að kalla á mig að standa upp, honum væri hálfkalt og það færi illa um Stefán. Ég var fljótur að standa upp vegna þess að mér stóð ekki orðið á sama um þessa snjöhleðslu ofan á okkur. Ég sá ekkert í strákana í fyrstu en síðan sé ég að Stefán er að basla við að rétta sig upp en getur ekki. Hann kallar 'ég er fastur' og ég tek í hendurnar á honum og hjálpa honum við að setjast upp. Á þessu augnabliki sé ég aðeins í hægri hönd Sveins uppúr snjónum, ég tek í hana og ætla að reisa hann upp. Þá finn ég að hann er þrælfastur. Ég bifa honum ekkert. Þá byrjaði ég að klóra með höndunum niður í snjóinn en fann strax að hann var gífurlega harður og þar sem ég var í lúffum var mjög erfitt að grafa hann upp. Ég byrjaði að slá ofan í snjóinn til að reyna að losa um hann. Ætlaði ég ekki að ná honum upp? Það þyrmdi yfir mig og á svipstundu varð ég gripinn einhverri ofsafenginni skelfingu og við það virtist ég öðlast einhvern kraft sem ég kunni ekki skil á. Það næsta sem ég mundi, var að hann var staðinn upp og ég var búinn að spæna upp firn af snjó. Mér er með öllu óljóst hvað gerðist þessi augnablik.

Þegar Sveinn var staðinn upp var hann greinilega talsvert stirður og valtur á fótunum því hann datt nokkrum sinnum og urðum við að reisa hann við. Stefán hafði náð að losa á sér fæturnar á meðan ég losaði Svein. Þetta var greinilega áhættusamt. Tilfærslan á snjó var þvílík að staðurinn allur virtist vera að fara undir þykkt lag af snjó. Við hreyfðum okkur og héldumst í hendur til að missa ekki hver af öðrum og náðum að hita okkur aðeins upp aftur. Ég tók svampdýnu úr sleðanum mínum og henni vöfðum við utan um Svein til að



ASPORTIVA®
GÖNGUSKÓR



66°N
VERSLANIR

EINN: TVÉR OG PRÍÐ

SKÚLAGÖTU 51 SÍMI 552 7425, FAXAFENI 12 SÍMI 588 6600

Columbia
Sportswear Company®



Pú kemst á toppinn í Columbia

Allt fyrir fjallagarpinn !

Hágæða "High-Tech" útivistarfatnaður sem hentar við allar aðstæður. Bakpokar allar gerðir og fylgihlutir.

Columbia
Sportswear Company®
JANSPORT


HREYSTI

VERSLANIR

Skeifunni 19 - S.568-1717 - Fosshálsi 1 - S.577-5800

LÁTUM LANDID Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum
eða flöskubrotum á víðavangi.



reyna að halda á honum hita. Þótt ekki væri hægt að rúlla honum öllum inn í dýnuna munaði þó um hana og hélt hún vindinum frá honum að einhverju leyti. Við færðum okkur til og prófuðum að leggjast í fönn aftur en allt fór á sömu leið. Áhættan var of mikil og við stóðum upp.

„Kristjáns gangan“

Nú gerði ég mér ljóst að við yrðum að vera á rölti ef að við ætluðum að þrauka. Bæði til að eiga ekki á hættu að grafast undir snjó og til að halda á okkur hita. Ég vildi að við gengjum stanslaust. En ekki þýddi neitt að ganga í burtu frá staðnum þar sem tjaldið var og endirinn varð sá að við snerum baki í vindinn og gengum síðan þrjú skref áfram og síðan þrjú skref afturábak. Gangan fékk nafnið 'Kristjáns ganga'. Ég ætla að við höfum byrjað að ganga fram og tilbaka um það bil klukkan hálf átta eða átta. Margt var hugsað þegar gangan hófst. Ég hugsaði um hversu lengi við gætum rölt svona og hvað það tæki björgunarmenn langan tíma að komast hingað. Það yrði aldrei fyrir en á morgun sem þeir kæmu. Í þessu veðri færu þeir ekki af stað fyrir en í býtið í fyrramálið svo að ekki þýddi neitt að reikna með þeim strax. Svo heyrðist kannski ekkert í neyðarsendinum, þá kæmu þeir aldrei. Ég fór strax að vinna með tærnar, reyndi að losa um þær og hreyfa þær markvisst og stíga fram í þær til að halda hita á þeim, það tókst mjög vel og fann ég ekki fyrir kulda, hvorki á fótunum né annars staðar. Mér fannst ekki erfitt að ganga svona fram og tilbaka vegna þess að ég eins og setti mig í gír og eftir það gekk ég bara og hugsaði. Hugsaði hvernig fólkið heima tæki þessu og hvort að það væri ekki að farast úr áhyggjum. Það var óþægileg tilhugsun að geta ekki látið vita að við værum heilir á húfi. Mér var hugsað til neyðarsendikerfis sem er í þróun, þar sem hægt er að senda nokkur mismunandi skilaðboð. Það hefði hentað núna.

Um nóttina var myrkrið og bylurinn með



Komið í Bergland eftir mikið bras. Ljósrm.: Kristján.

slíkum eindæmum að ekki sást neitt, allt svart og veðrið hélst allan tímann með sama styrk. Það var mjög brýnt að halda okkur þétt saman til að týna ekki hver öðrum. Til allrar ólukku var línan í sleðanum hans Sveins og því ekki hægt að binda okkur saman. Það hefði verið til mikilla bóta. Vel gekk fyrir okkur Stefán að halda á okkur hita en Sveinn var verr klæddur og átti því erfiðara með að halda á sér hita. Hann ákvað því einhvertíma um nóttina að grafa sig niður aftur. Hann lagðist rétt við hliðina á okkur og við Stefán héldum göngunni áfram. Ekki veit ég hversu langt leið frá því að Sveinn lagðist niður og að það kemur maður allt í einu út úr kófinu. Ég taldi að þetta hlyti að vera björgunarsveitarmaður. Ég geng því að honum og spyr hver hann sé. Ekkert svar kom og ég spurði aftur hvar hinir væru. 'Ég veit það ekki', var svarað en síðan spurt á móti 'hvar eru hinir björgunarsveitarmennirnir'. Það rann loks upp fyrir mér að þetta væri Sveinn. Hann hafði risið upp úr snjónum án þess að ég sæi og síðan komið að okkur úr annarri átt. Á þessum tíma var nánast ekkert skyggni. Eitthvað var landslagið að breytast því að allt í einu fór að hlaðast upp einhver snjóalda fyrir framan okkur. Einhverju sinni gengur Sveinn svolítið frá okkur og til að



bil einum og hálfum sólarhring. Ekki hafði ég heyrt nein aðvör-
unaróp frá þeim, þrátt
fyrir að þeir hefðu
báðir öskrað í fallinu.

Ég hafði nokkrar
áhyggjur af neyðar-
sendinum sem ég hélt
alltaf á, en hann virtist
óskemmdur þrátt fyrir
að hann hefði orðið
undir mér í fallinu.
Ljosið á honum blikk-
aði ennþá. Við kom-
um okkur uppúr þess-
ari gildru og héldum
áfram göngunni.

Stundum fannst mér


Í fótspor feðranna. Sveinn Müller. Ljós-: Kristján.

missa ekki af honum vildi ég að við færum á
eftir honum. Stefán gengur fyrir og ég elti. Þá
veit ég ekki fyrr en ég stingst á hausinn ofan
holu eða fram af smáhengju. Ekki varð okkur
meint af þessu falli en þarna var allt slétt á
stóru svæði þegar við tjölduðum fyrir um það

að eitthvað smávegis birti til en síðan varð al-
gert myrkur og ekki sást neitt. Við höfðum ör-
ugglega gengið í nokkra klukkutíma og ég
ennþá að hugsa hvað við gætum gert. Við
yrðum að þoka okkur nær Nýjadal þegar birti
af degi. Það var nú ekki svo langt þangað og

**Vertu rétt
staðsettur!**

GARMIN



R. SIGMUNDSSON
Tryggvagötu 16 101 Reykjavík Sími: 562 2666 Fax: 562 2140






Mynd tekin af „snjófölinni“ fyrir gegnumbrot. Ljós Kristján.

þar sem við allir vorum kunnugir þar og ég með áttavítastefnuna, þá ætti þetta að vera gerlegt. Það var heppilegt núna að ég nánast sef með áttavitanum og hann hékk núna um hálsinn á mér. Ég fór að rifja upp hvernig fólk hegðar sér í vondu veðri. Það leitar undan storminum og í versta falli hættir því til að ganga í hringi. Þetta yrðum við að varast af öllu. Það yrði ekki auðvelt að ganga í snjó alla þessa leið án skiðanna og ef við ætluðum að halda stefnunni yrðum við að vera mjög skipulagðir í göngunni. Það myndi einfalda mikið fyrir okkur ef að við sæjum eitthvað til fjalla eða í Tungnafellsjökul. Ef við hins vegar sæj-

um ekkert frá okkur, yrðum við alfarið að fara eftir áttavitanum.

Ég hafði þó ekki stórar áhyggjur af þessu. Við þessar kringumstæður hefði verið gott að hafa GPS tæki með áttavitanum en tækið sem við vorum búnir að fá lánað fyrir ferðina, reyndist bilað við prófanir í einni undirbúningsferðinni okkar og varð því eftir heima. Einhvern tímann um nóttina fór ég að finna fyrir mikilli þreytu aftan í hálsinum og skildi ég ekki í fyrstu hvað það var. Ég þurfti sífellt að vera að lyfta höfðinu upp aftur og aftur. Hvað var að gerast? Var ég að sofna standandi? Skömmu seinna slæmi ég hendinni fyrir aug-

vauDe 

un til að vita hvort ég sæi hana og rakst hún þá á eitthvað. Þá uppgötvaði ég að farin voru að myndast grýlukerti í lárétta stefnu út frá hettunni á. Grýlukertin voru orðin tíu til fimmtán sentimetrar á lengd og voru orðin allnokkuð þung. Eftir að hafa brotið þau varð til veran strax skárri.

Smám saman tók að birta í lofti og þegar líða tók á morguninn var eins og heldur drægi úr veðrinu. Það virtist draga úr úrkomunni en það var enn mikill skafrenningur og vindur talsverður. Ég lét loks verða af því að líta á klukkuna, hún var að verðu níu. Þarna höfðum við verið á rölti frá því um klukkan átta kvöldið kvöldið áður, eða í rúma tólf tíma. Það var hreint ótrúlegt hversu tíminn hafði verið fljótur að líða. Ég tel tvímælalaust að það sé göngunni að þakka. Þegar við fórum að geta litið í kringum okkur var ekkert að sjá nema snjó. Ekkert af dótinu okkar var sjáanlegt, allt var komið á kaf. Það var greinilega ekki eftir neinu að hanga þarna. Við yrðum að komast í Nýjadal og fá lánaðar skóflur til að ná dótinu upp. Rétt sást örla í endann á síðustu stönginni sem við höfðum stungið niður. Ég trúði þessu varla. Það benti til að að snjódýptin yfir tjaldinu væri fimm til sex metrar. Ótrúlegt. Við töluðum okkur saman um að leggja af stað. Sveinn skildi fara fyrstur en ég síðastur til að reyna að stýra stefnunni. Það létti talsvert yfir okkur við að hreyfa okkur og við gengum rösklega af stað. Fljótlega fór að hitna á mér. Ég geng helst aldrei í neinu nema síðerma bol og kannski í vindheldum jakka ef að það blæs mikið. Núna var ég í bolnum mínum, peysu, goretex galla og síðan í vélsleðagalla yfir öllu saman. Mér fór því að hitna vel. Okkur fannst ekki ráðlegt að fylgja öldunum þar sem snjór var minni, heldur fylgja fast eftir stefnu áttavítans. Oftast var snjórinn eins harður og sambarinn og fyrr um kvöldið og um nóttina.

Vélarhljóð

Óneitanlega hugsaði ég um það á leiðinni, hvort einhversstaðar í nágrenni okkar væru menn á leiðinni til okkar í snjóbíl eða á vélsleðum. Mér var ljóst að það er enginn hæggðarleikur að komast upp á hálendið í veðri sem þessu og að það yrði líklega ekki

fyrir en seint og um síðir sem að við sæjum til manna. Við yrðum því að halda vel áfram. Við gætum verið komnir í Nýjadal eftir þrjá til fjóra tíma. Einu sinni stoppaði Sveinn og full-yrti að hann hefði séð til mannaferða en þegar betur var að gáð var aðeins um steina eða einhverja skugga að ræða. Við höldum áfram og það var næstum farið að sjóða á mér, ég hugleiddi hvort að ég ætti að fara úr vélsleðagallanum. En hvað ætti ég að gera við hann? Hann er mjög fyrirferðarmikill og það yrði ekki auðvelt að halda á honum. Ég hugleiddi hvort ég ætti að henda honum. Nei, það var ekki að vita nema hann gæti komið sér vel, þótt ekki væri nema sem svefnpoki. Ég opnaði alla rennilása á honum til að auka kælinguna. Svo mikill gauragangur hafði verið í veðrinu um nóttina að gallinn var talsvert pakkaður af snjó að innanverðu, hugsanlega hafði ég ekki passað upp á að loka rennilásunum nægilega vel. Við komum nú að steini nokkrum og tókum pásu þar. Enn birti talsvert yfir og annað veifið sást í heiðan himininn fyrir ofan okkur. Það jók nokkuð á kuldann eftir því sem birti meira og ég hrósaði happi yfir að hafa ekki farið úr gallanum. En hvað var nú þetta? Jú, það var greinilega vélarhljóð. Allt í einu, um klukkan ellefu, komum við auga á flugvél sem renndi sér úr austri niður yfir okkur og vagggaði. Það var þá búið að finna okkur og fréttirnar myndu berast fljótt til byggða um að við værum á rölti. Við veifuðum allir til flugvélarinnar. Ekki bólaði enn neitt á snjóbílum eða sleðum og eftir að við höfðum beðið í um tvo tíma ákváðum við að halda áfram í Nýjadal. Enn jókst frostið og Stefán talaði um að sér væri að verða kalt á fótunum. Við lögðum því af stað en um leið kom flugvélin aftur með vaggandi vængi eins og að þeir vildu segja okkur eitthvað. En við gátum ekki hangið þarna og látið okkur kólna. Það var snöggtum skárri að vera á ferð svo við höldum ferðinni áfram. Vart höfðum við gengið meira en fimm til sexhundrað metra þegar enn meira vélarhljóð fór að heyrast. Við fórum að líta í kringum okkur en sáu ekki neitt í fyrstu en allt í einu sáu við hvar þyrta varnarliðsins kom skríðandi út úr sortanum og fór sér hægt, ferð okkar var loks á enda.

Af Everestgræjum

*Það sem þarf (og þarf ekki) – til að komast á hæsta tind heims
Hallgrímur og Hörður Magnússynir*

Það er ekki laust við að sá grunur sé farinn að læðast að okkur bræðrunum að mönnum þyki mál að linni sögum um Everestförina vorið 1997. Bládagreinar skipta orðið tugum ef ekki hundruðum, útvarpsviðtöl urðu fleiri en tölu verður á komið, Sjónvarpsfréttir og heimildarmynd kom leiðangrinum til skila á skjánum. Að lokum má svo nefna bók sem við settum saman og fleytti sér með jólabókaflóðinu í pakka ófárna fjallamanna.

En viti menn!! Enn erum við beðnir um meiri upplýsingar og þykir nú vanta að við greinum frá búnaðinum okkar í meiri díteil. En þetta var planað frá upphafi. Besti staðurinn fyrir umfjöllun af því tagi er auðvitað hið rómaða ársrit Alpaklúbbsins. Í þessum greinarstúf teljum við upp það helsta sem við höfðum með okkur og fljóta með nokkrar athugasemdir úr viskubrunninum.

Viðlegubúnaður og fleira

Í grunnbúðum:

Leiðangurinn var meira en 50 daga í aðalbúðum og ýmis munaður var með í för til að gera lífið léttara. Þar nutum við stærðar leiðangursins og flutningsgetu. Og ekki veitti af. Þessi tími hefði verið mun erfiðari ef við hefðum ekki getað leyft okkur nokkuð.

Loftdýnur. Við vorum með allra þykkustu gerð af Thermo Rest í Aðalbúðum til að láta liða vel úr okkur.

Koddar. Flestir vorum við með þykka og góða kodda að heiman. Algjörlega ómissandi búnaður.

Tjöld. Við vorum með eigin tjöld til að nota í aðalbúðum. Aðrir leiðangursmenn urðu að færa sig á milli tjalda eftir þörfum en við nutum þess að vera alltaf á sama stað með allt okkar hafurtask. 3 tjaldanna voru svefntjöld og eitt var notað sem lager. Þetta voru allt göngutjöld en réttast hefði verið að hafa eitt hústjald með í för til nota sem fjarskipta- og birgðatjald.

Liner í svefnpoka: Bæði þrífnaðarmál og einnig einangrun sérstaklega fleece pokarnir.

Tjaldlukt í hvert tjald og höfuðljós.

Í fjallinu: Primusarnir voru gasprimusar og orkugjafinn

Coleman gasblanda af bütani og própáni. Þetta virkaði þokkalega en þætti lélegt miðað við góðan bensínprimus hér heima en bensín er vart hægt að nota í súrefnisleysi vegna þess hve bruninn verður ófullkominn og skítugur.

Svefnpokarnir voru 1250 g Everest frá Mountain Equipment sem við notuðum í fjallinu og 750 g dúnpokar í aðalbúðum. Þar veitti vart af hlýrri pokum enda frostið oft nær 20 gráðum en við nenntum alls ekki að bera þykku pokana upp og niður.

Tjöld voru frá North Face, VE 25 og Himlayan Hotel.

Föt

Föt í háfjallamennsku má skipta í tvennt. Föt sem notuð eru undir 7000 m og föt þar yfir. Fatnaður sem við notuðum í fyrstu þremur búðunum á fjallinu er lítið frábrugðinn útbúnaði sem notaður er hér. Við vorum með Cintamani hlífðarfatnað og einangrunarflikur voru Fleece og nærföt með ull og polypropylene. Þegar hlífðarfatnaður er valinn er rétt að menn hafi í huga lipurð frekar en vatnsheldni og þéttleika. Pertex nælon eða Activent filmur eru fullgóðar þar sem ekki þarf að hafa áhyggjur af úrkomu nema í föstu formi. Allir helstu framleiðendur hlífðarfatnaðar bjóða upp á Extreme flikur sínar úr þessum efnum. Okkar flikur máttu alveg vera úr þessum efnum en uppfylltu samt allar væntingar.

Þegar farið er yfir 7000 metrana hefur líkaminn of lítið kuldapól til að hefðbundinn klæðnaður sé fullnægjandi. Hlífðarfatnaðurinn er skilinn eftir og dúnninn kemur í staðinn. Dúngalli er nauðsynlegur yfir 8000 metrum en menn geta látið sér nægja úlpu og buxur ef ekki á að fara mikið upp fyrir það. Dúngalli skiptir sköpum ef eitthvað kemur upp á og hann hefur bjargað mörgum sem hafa þurft að leggjast út. Dúnvettlingar eru einnig nauðsynlegir en við val á þeim verður að hafa í huga að þeir séu mjög þjálrir. Nauðsynlegt er einnig að vera í góðum innri vettlingum til að geta fitlað við búnað og tekið myndir án þess að kólna um of.

Fatnaður undir 7000m

Stakkur: Cintamani Everest

Buxur: Cintamani. (HM og Einar notuðu mittisbuxur með axlaböndum en Björn var með smekk)

Fleece buxur: North Face Alpine

Fleece peysur: Karrimor, North Face og Mountain Equipment af ýmsum gerðum

Nærföt: Löffler

Vettlingar: Ullarvettlingar frá Ortovox bæði fingra og belg.

Utanyfirvettlingar: Hefðbundnir Gore Tex vettlingar

Vindmaski Fleece og neopen

Stormgleraugu Ýmis

Sólgleraugu Cebe. Það er talið mikilvægt að nota gleraugu sem sía bæði innrauða og útfjólubláa geisla sólar.



Ísalp á Everest. Sjáið merkið!



Einar og talstöðin. Ljósni.: HM.

HM og ES notuðu samt sem áður léttari gleraugu án skakkafalla.

Sokkar: Þykkir og góðir ullarfrottesokkar frá Bridgedale og fleirum.

Fatnaður yfir 7000m

Undirfatnaður er sá sami og talinn hefur verið upp en hlífðarfatnaður er þessi

Dúngalli: 8000 m línan frá Mountain Equipment og Peter Hutchinson. Geysilega góður fatnaður.

Dúnvettlingar: Rab og fleiri

Fatnaður í aðalbúðum og neðar:

Við vorum með allt til alls í aðalbúðum. Hér eru nokkrir punktar.

Dúnúllpan reyndist lífsnauðsynlegur búnaður.

Haugur af fleece og ullarsokkum,

Ferðabuxur

Hlífðarfatnaður

Nóg af nærbuxum og bolum

Húfur og sólhattur

Góðir leður- Gore- Tex- gönguskór

Tevurnar voru mikið notaðar

Sólgleraugu

Einangraðar bomsur hefðu komið sér vel.

Klifurbúnaður

Klifurbúnaðurinn sem við notuðum var hefðbundinn. Tryggingar til klífurs voru eingöngu notaðar til að halda föstum línun ef undanskilinn er toppdagurinn. Þann dag notuðum við klifurlínu og snjóhæla á bröttustu köflunum undir Suðurtindi og að Hillaryprepi. Það má segja að einu óhefðbundnu klifurgæjurnar hafi verið 3-4 m langir málaraftigar úr áli sem voru súrðar saman yfir helstu torfærur í Khumbufalljöklinum.

Ísöxi: Grivel Air Tech 70 sm

Broddar: Grivel G12

Klifurbelti: Einföld ófoðruð belti: Alpiniste frá Wild Country. (Klofin Whillians útgáfa)

Járnvara: Jummarar, áttur eða plötur, læstar og ólæstar karabínur.

Fastar línur: Nælonkaðlar 10 mm. líkir og framleiddir eru í netagerðum. Heldur ótraustvekjandi búnaður en ódýr enda voru notaðir ótaldir kílómetrar.

Klifurlínur: 8mm jöklalína 45 m sem var aðeins notuð á toppdaginn.

Ísskrúfur: Hefðbundnar rússneskar titanium skrúfur

Fleygar: Blaðfleygar

Snjóhælar: 30-40 cm álvinklar frágengnir með auga í toppinn.


Snjóflóðaylar: Það tíðkast ekki að nota slík verkfæri í háfjallamennsku og þegar við sýndum Sherpunum ýlana vissu þeir ekki hvað þetta var. Okkur fannst ekki ástæða að feta í fótspor háfjallaklifrara og notuðum ýlana allan tímann.

Skóbúnaður

Skórnir sem við notuðum voru frá One Sport og eru sérstaklega hannaðir fyrir fjallamennsku yfir 8000 metrum. Þessir skór eru svo að segja allsráðandi á fjöllum yfir 8000 m. Það hefur stórlega dregið úr kalvandamálum á fótum eftir að þessir skór komu til sögunnar. Nærtækasta dæmið er félagi okkar Hugo Rodriguez sem varð næstum úti undir Suðurtindi. Hann slapp alveg við kal á fótum þó aðrir líkamshlutar hafi farið ver. Skórnir eru úr trefjakenndu plasti og er skelin klædd með einangrunarefni ekki ósvipuðu og er í einangrunardýnum. Yfir skóinn er nælonskóhlíf einangruð með sama efni. Botninn er sérstaklega einangraður sem veldur því að maður stendur mun hærra en í venjulegum skóm. Innri sokkurinn er neopren eða eitthvað álíka. Öndun er ekki til í orðabók One Sport og þarf að þurrka sokka vel í pokanum á nóttunni. Einangrun er svo góð að ekki þarf tvenna sokka.

Súrefnisgræjur

Súrefnistækinn sem við notuðum eru ættuð úr rússneska flughernum og eru eins og orrustuflugmenn nota. Grímurnar hafa verið allsráðandi í háfjallamennsku síðustu ár.



Khumbu ísfallið. Ljósma.: HM.

Þær eru aftur á móti stórar um sig sem veldur því að erfitt er að nota gleraugu með góðu móti og þegar maður er kominn með grímuna á nefið er útsýnið ekki upp á marga fiska. Nú eru aftur á móti komnar á markað grímur hannaðar á vesturlöndum sem eru mun minni um sig og meðfærilegri. Þeim fylgir regulator sem er mun léttari og þægilegri í notkun.

Súrefnisgríma 0,5 kg

Regulator 0,5 kg

Kútur 3 kg Kúturinn er úr alutitan blöndu og umvafinn keflarþráðum til styrktar

Snyrtiáhöld og fleira

Rakáhöld

Lítið og stórt handklæði. Best voru ferðahandklæðin.

Sápa, sjampó, Rollon, tannbursti og tilheyrandi.

Naglaklippur og eyrnarpinnar

Blautpurkur: Alveg nauðsynlegur búnaður. Niðurgangur er vandamál og það jafnast ekkert á við blautpurkurnar til að þrifa sig á eftir. Einnig góðar á aðra líkamsparta og til að þrifa hendur fyrir mat.

Klóséttappir: Við vorum með nokkrar dúnmjúkar að heiman til að nota á nef og auma bossa og kom sér vel.

Þrússik í þvottasúður og klemmur.

Plastpokar með rennilöku af ýmsum stærðum voru mesta þarfþing.

Nokkrir tugir bóka voru lesnar upp til agna.

Á annað hundrað geisladiska voru í persónulegum spilurum manna.

Saumadót ala Linda Björk.

Lyf

Lyf skipa stóran sess í ferð sem þessari. Stefna okkar fyrir ferðina var að vera sjálfum okkur nægir með öll lyf og sjúkravöru. Lyf sem nauðsynleg eru má skipta í fernt: Verkjalyf, sýklalíf, niðurgangsslyf og „fjallalyf“

Verkjalyf: Ibufen, bólguvæðandi og verkjastillandi lyf.

Parkodin forte í töfluformi og stílum, sterkt verkjalyf notað í neyðartilfelli.

Parasetamol, verkjastillandi töflur sem allir þekkja. Notað við höfuðverk og öðrum kvillum sem oft fylgja hæðaraðlögun.

Sýklalyf: Ciprofloxacin (Ciproxin), lyf sem vinnur mjög vel á niðurgangssjúkdómum ættuðum frá Asíu.

Sýklalyf við lungnasýkingum. Komu sér mjög vel og kláruðust alveg.

Önnur sýklalyf.

Niðurgangsslyf: Immodium, stoppari á niðurgang sem oft er kallaðar limtöflur.

„Fjallalyf“:

Diamox. Lyf við augnsjúkdómnum gláku. Aukaverkanir þessa lyfs eru örari og dýpri andardráttur í svefni. Fjallamenn hafa notað þetta lyf til að flýta fyrir aðlögun í hæð. Það eina sem lyfið gerir er fyrrgreindar aukaverkanir sem valda því að menn sofa betur og nýta súrefni betur við aðlögun. Við notuðum lyfið í upphafi ferðar en hættum því fljótt án þess að það kæmi að sök.

Dextamedason. Lyf við hæðarveiki. aðeins notað ef líf er í veði. Lyfið er ýmist notað í sprautuformi eða töflum. Við vorum með töflur og til allrar hamingju þurftum við ekki að grípa til þeirra. Hugo félagi okkar var með lyfið í sprautuformi og gerði tilraun til að nota það undir Suður-tindi án árangurs því það fraus í höndunum á honum. Það er ekki ráðlegt að nota stungulyf ef þess er nokkur kostur að komast hjá því og þá aðeins undir leiðsögn sérfróðra.

Í okkar fórum var ennig ýmislegt smálegt ættað úr apótekum. Það helsta má nefna ómælt magn af Strepsils og veikari hóstatöflum. Í yfir 5000 m hæð er kverkastitur og hálseymsli viðvarandi og aldrei til nóg af slíku. Fyrir suma var nefspray forsenda svefns en það ber að varast ofnotkun þó það geti verið freistandi. Ómælt magn af alls kyns áburði til varnar sól var með í för. Staukar frá Nivea sem nota má á bæði andlit og varir reyndust vel og einnig túbur frá Piz Buin með salva og kremi. Styrkur var 6 í aðalbúðum en allt að 40 á fjallinu enda sýndu brunarústir í andlitum sumra samferðamannanna að ekki mátti gleyma sér eitt andartak í Vesturdal og ofar.

Fjarskiptatæki:

Skyldur okkar við fjölmiðla voru allnokkrar og við urðum að útvega þeim fréttir, pistla og myndir með reglulegu millibili. Hörður sá að mestu leyti um þennan þátt en til að hægt væri að koma til þeirra því efni sem lofað var þurfti allnokkurn tækjabúnað og gífurlegan undirbúning við að útvega hann og tengja saman.

Talstöðvar:

Motorola GP300 með stóru útilofneti til nota í aðalbúðum

2 stk. Motorola Visar með mike til nota á fjallinu.

Upprunalega ætluðum við aðeins að nota okkar stöðvar til að eiga kost á að geta rætt beint heim með tengingum við gerfihnattasímann í Aðalbúðum. Stöðvar leiðangursins reyndust hins vegar svo mikil hró að við neyddumst til að nota okkar stöðvar fyrir alla. Samband var innan

þolanlegra marka en við myndum samt hafa með okkur endurvarpa til að ná fullkomnum fjarskiptum ef við færum aftur. Einu verulegu vandkvæðin við okkar stöðvar var að við gátum ekki stillt þær inn á neyðarrásir auk þess sem mikarnir á litlu stöðvunum voru ekki nægjanlega traustir. Við vorum með hefðbundin hleðslubatterý á allar stöðvarnar en auk þess gátum við tengt leiðangursrafhlöðurnar okkar við litlu stöðvarnar með snúru. Það varð til þess að engin vandkvæði voru á orku á fjallinu.

Stöðin í aðalbúðum var tengjanleg við gerfihnattasímann og mátti því með allnokkurri fyrirhöfn koma á sambandi úr fjallinu og heim. Sem kunnugt er mæltist þetta vel fyrir hjá fjölmiðlum heima þótt ekki hafi allt skilist sem sagt var.

Gervihnattasími:

Síminn okkar var af gerðinni Trane og reyndist ákaflega vel. Hann var spar á orku og ákaflega fyrirferðarlitill miðað við þau skrímsli sem sumir aðrir voru með, aðeins eins og A4 blað og um 4 cm á þykkt. Póstur og sími, blessuð sé minning hans, útvegaði okkur þetta tækniundur.

Tölva:

Tölvann var pentiumrokkur af gerðinni AST. Þetta var gæðagripur en það verður að viðurkennast að hún er ekki hugsuð í svona slark. Hún var líka allt of orkufrek. Betra er að fá vatns- og högghelda vél, sparneytna með einföldum skjá og einungis þeim hugbúnaði sem þarf. Fyrir ritvinnslu og myndsendingar er ekki þörf á Windows 95 með Office 97. Spennan sem hún gekk á var líka óheppileg eða 24V. Spennan sem við vorum með var annað hvort 220V eða 12V og þurfti því spennubreyta í báðum tilfellum. Þeir brunnu báðir yfir vegna lélegrar spennu. Betra væri að vélin þylði 8-30V.

Búnaður af gerðinni Snappy var notaður til að ná myndum af videovélunum og inn á tölvuna. Sá búnaður var ágætur.

Prentari var með í för en komst aldrei í notkun því prentarasnúran fór ekki með. Það var enginn missir.

Eins og gefur að skilja var snúruflækjan sem tengdi allan þennan búnað allrosaleg. Það gleymdust ekki nema tvær snúrir og var það að þakka allgóðu skipulagi á öllum þessum búnaði í tveimur vatns- og höggheldum töskum sem hann var í.


Rafmagnsframleiðsla:

Það gefur auga leið að allur rafbúnaðurinn þurfti mikla orku.

Við fengum sérstök battery frá USA til að nota við videovélina og talstöðvarnar á fjallinu. Batteryin nefnast Expedition Batterys og eru sérframleidd. Þessi batterí eru útbúið með langri snúru þannig að hægt er að hafa þau innan klæða. Má segja að þau hafi reynt óaðfinnanlega og er erfitt að hugsa sér að neitt hefði virkað ofan við 8000 m án þeirra. Batteríin eru einnota en rýmd þeirra er margföld á við hefðbundin hleðslubatterí.

Niðri í aðalbúðum vorum við annars vegar með 220V rafstöð sem leiðangurinn útvegaði og hins vegar með þrjá sólarfleti. Það er óhætt að segja að þessi framleiðsla hafi verið hið mesta basl allan tímann og að eitthvað hafi komið upp á á hverjum degi.

Rafstöðin var gallagripur. Það þurfti að trekkja hana allt að 500 sinnum áður en hún komst í gang og í þessari hæð er það 10 manna verk og eru menn samt uppgefnir. Hún bilaði líka fljótlega eftir að við komum og sendi of háa spennu inn á tækin og brenndi spennu-



breyta. Við sendum þá eftir regulator sem er nauðsynlegur búnaður þegar senda þarf varahluti yfir hálfan hnöttinn. Réttast hefði verið að nota nýja stöð með 12V úttaki sem er spennan sem hægt er að fá úr sólarflötunum og velja öll tæki í samræmi við það.

Sólarfletirnir okkar hlóðu litinn rafgeymi. Þessi framleiðsla gekk ekki sem skildi af þeirri einföldu ástæðu að sólin skein ekki nema 3-4 tíma á dag. Með stærri flötum og stærri geymi er þetta ekkert vandamál.

Sem betur fór var Jón Þór betri en enginn í viðgerðunum og með allnokkurt safn verkfæra sem gerðu okkur kleift að halda þessu öllu gangandi.

Myndavélar


Allar myndir í ferðinni voru teknar á Fuji Velvia 50 ISO og Fuji Provia 100 ISO. Velvian er nægjanlega björt til fjalla en Provia hentaði betur niðri í dölunum.

Flestar myndirnar voru teknar á Olympus OM 1n með 28 og 135mm linsum, Canon EOS 500 með 28-70 linsu, Olympus m-ju 2 og Canon Prima super 28 v með 28-70 linsu

Oftast voru stóru vélarnar notaðar við bestu aðstæðurnar en án þeirra litlu væru ekki til myndir úr slæmu veðri svo báðar gerðir eru nauðsynlegar.


Video var allt tekið á JVC gr dv1 stafræna myndavél sem vegur aðeins 450g og reyndist mjög vel. Þó bar aðeins á stafrænu flökti í myndatöku á toppdaginn. Menn kunna ekki skýringu þessu flökti en að öllum líkindum var kulddinn ástæða truflananna.

Gerist félagar í Ferðafélagi Íslands



Gerist félagar í Ferðafélagi Íslands og njótið þess sem félagsmönnum býðst, svo sem afsláttar af helgar- og lengri ferðum, gistingu í 36 sæluhúsum, glæsilega árbók, auk annarra friðinda. Á árinu verða sem fyrr fjölbreyttar ferðir á góðum kjörum til félagsmanna og fjölskyldna þeirra. Árgjaldið er 3.400 kr. Árbókin 1998 er 71. árbók Ferðafélagsins og nefnist „Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna.“

Árbók 1997 fjallar um fjalllendið milli Mýra og Dala og Árbók ferðafélagsins 1996 fjallar um svæðið ofan Hreppafjalla milli Hvítár og Þjórsár.



Eignist eldri árbækur Ferðafélagsins, einstök heimildarit um landið. Kynnið ykkur ennfremur önnur útgáfurit félagsins. Nýverið komu út fræðslurit um Hengilssvæðið og Þórisdal.



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6, 108 Reykjavík
sími: 568 2533 fax: 568 2535

www.fi.is

Kynnið ykkur áætlun, staðsetningu sæluhúsa og árbækur á heimasíðu Ferðafélagsins

Umsjón: Elín Sigurðardóttir og Valgeir Ægir Ingólfsson

Ferðir og námskeið

Telemarknámskeið klúbbsins var haldið í mars. Þrátt fyrir töluverðar fyrirspurnir vegna námskeiðsins voru þátttakendur eingöngu tveir, en sjálfsagt hefur veðrið átt sinn þátt í því. Námskeiðið var haldið í Skálafelli og tókst með ágætum. Umsjónarmaður var Tómas Júlíusson.

Ísklifurnámskeið var haldið byrjun nóvember. Umsjón með því höfðu Kjartan Þorbjörnsson og Rúnar Óli Karlsson. Námskeiðið var haldið í bliðskaparveðri og við bestu aðstæður í Gígjökli. Þátttakendur voru níu.

Ein skíðaferð var farin á árinu, í febrúar. Lagt var af stað frá Svartagili árla morguns og gengið sem leið lá upp á Syðri súlu. Þaðan náði fólk sér síðan í góða salibunu þó að færið væri ekki með besta móti. Umsjón með ferðinni hafði Tómas Júlíusson og þátttakendur voru níu talsins.

Aðsókn á Hnappavelli var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Kamarinn sem var byggður á síðasta ári stóðst fyrsta veturinn með þrýði. Um langar helgar var oft mægt um manninn og góð stemning.

Skemmtanir

Afmælisárshátíðin var haldin um miðjan mars. Var hún vel sótt, eða um 80 manns. Eftir þríréttaða máltíð og tilheyrandi afmælisræður og skemmtiatriði var stiginn dans fram eftir kvöldi. Og þeir sem ekki höfðu fengið nóg héldu áfram í húsnaði Vektors. Hátíðin var vel sótt, af gömlum sem nýjum félögum, og David Oswin, heiðursfélagi klúbbsins lét sig ekki vanta.

Fyrsti dagur vetrar var haldinn hátíðlegur enda hvergi betur við hæfi en einmitt í félagsskap þar sem margir skipta um áhugamál eftir árstíðum. Fagnaðurinn tókst



Kamarbygging 1996. Ljós m.: Árni Gunnar Reynisson.

vel í alla staði og verður sjálfsagt að föstum lið hér með.

Jólaglögg klúbbsins var haldin um miðjan desember og var vel sótt.

Annað starf

Myndasýningar hafa sjálfsagt aldrei verið fleiri en í ár og voru vel sóttar. Þrjár þeirra héldu erlendir gestir. Í janúar kom Breti að nafni Jonathan Tinker og sýndi myndir úr háfjallaferðum sínum. Í febrúar komu tveir blaðamenn frá tímaritinu Rock and Ice og sýndu myndir frá klifri og fjallamennsku í Bandaríkjunum. Í október kom síðan Pablo Besser frá Chile og sýndi myndir frá Patagoníu og heimalandi sínu. Margir félagar héldu einnig sýningar og stærstar voru sýningar Everestfara í Borgarleikhúsinu og sýning Sigríðar Rögnu siglingakappa sem var í F.Í. salnum. Þá má ekki gleyma Banff-Film-festival, kvikmyndahátíð sem Skátabúðin fékk til landsins og þótti takast vel.



„Surfing“ á Hnappavöllum.

Félagsstarf Ísalp



Stjórn Ísalp 1997. Efri röð: Árni, Elín, Valgeir og Karl.
Neðri röð: Árni Gunnar, Páll og Jóhann.

Skálar

Tindfjöll: Engar sérstakar vinnuferðir voru farnar þetta árið, þó munu þeir, er skálann notuðu, hafa borið vistir og varning jafnharðan er á var gengið. Gistinýting var góð á liðnu ári, þá sérstaklega síðastliðið haust. Eru þetta ánægjulegar fréttir. Hins vegar hafa vorferðir dregist saman, er

það miður því eins gott skíðaland og Tindfjöll er vandfundið. Að baða kryppuna í geislum vorsólar og vera ataður varnarsmyrslum er hröð og örugg leið til lífshamingju. Klúbburinn hefur átt ötula og fórnfúsa nágranna í þó nokkur ár er kenndir eru við dalinn í miðjunni. Hafa þeir haft góðar gætur á fasteign okkar og viljum við bera þeim

bestu þakkir, Miðdalsfólk takk fyrir.

Bratti: Hefur ekki átt glæsta daga og kvartað hefur verið yfir reimleika. Færasti seið- og særingamaður meðal fjallamanna var fenginn til samninga við hin sterku máttarvöld. Þessi ætthreini og saklaus piltur tók með sér kol og heilög rit er nota má í uppkveikjur. Reið hann fannhvítum faki sínum og fer fáum sögum af ferðinni að skálanum. Í sem stystu máli náðust einhverjir bestu samningar sem náðst hafa undanfarin ár, svefnfríður mun vera tryggður næsta ár en semja þarf fyrir hvert ár í senn. Var haft eftir samningamanni að kvendraugur sá sem hafði sig mest í frammi vilji meira af þeim norðlensku stökum er voru viðhafðar í þessari samningalotu. Viljum við vekja athygli fjallamanna, yngri jafnt sem eldri, á ágæti þessa svæðis. Ágætar klifurleiðir eru þar, eins og Þrengslin sem menn segja að séu ekki lakari en Skarðsheiðin. Stefnum að betri nýtingu því þarna eru líka úrvals brekkur til rennslis.

ICELAND & GREENLAND

SEA KAYAK & TREKKING EXPEDITIONS
OUTFITTING, RENTAL OR A PINT OF BEER!

...since 1993

ULTIMA THULE EXPEDITIONS

P.O.BOX 5153, 125 REYKJAVÍK, ICELAND

Phone: +354 562 3200 Fax: +354 872 1920 email: ute@islandia.is
www.islandia.is/ute

Umsjón: Björn Baldursson, Guðmundur Jóhannsson, Tómas G. Júlíusson og Þorvaldur Þórsson.

Fréttapistill þessi greinir frá því markverðasta sem umsjónarmenn hafa hlærað á liðnu tímabili þ.e. frá september 1996 til september 1997. Hæst ber ferð þremmenningana á Everest, tvær ferðir voru farnar í Alpana og nokkuð um nýjar ísleiðir. Færri nýjar klettaleiðir voru farnar nú en oft áður.

Það hefur komið í ljós m.a. vegna vinnu við endurútgáfu allra leiðarvísar Ísalp, sem Snævarr Guðmundsson starfar nú að í til efni 20 ára afmælis klúbbsins, hversu mikilvægur þessi pistill okkar er. Stuðst hefur verið við fréttapistilinn að miklu leyti við gerð leiðarvísanna en við þá vinnu hefur jafnframt komið fram að ekki gætir nægrar nákvæmni við skráningu margra leiða. Þar vantar m.a. betri lýsingar á staðsetningu leiða en þar mætti notast við leiðarvísar Ísalp í sumum tilvikum (þetta skrifast reyndar að mestu leyti á fréttapistilmenn síðustu ára.) Við skráningu nýrra leiða þarf að koma fram: nafn á leið og eðli- (klettar, ís, mixað, gil), hvenær fyrst farin og hverjir, staðsetning t.d. miðað við þekktar leiðir, gráða leiðar og lengd í metrum eða spónnum.

Höfum í huga að með góðum fréttapistli erum við að skrá sögu og þróun íslenskrar fjallamennsku og því skal vanda til verksins, lúrum ekki á fréttum heldur komum þeim á skrá til að auka gildi þessa pistils fyrir okkur og komandi félaga.

Fjallamennska

Útlönd

Himalaya

Eins og kunnugt er klifu þeir Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Hallgrímur Magnússon tind Mount Everest þann 21. maí 1997, fyrstir Íslendinga. Leiðin á fjallið liggur úr aðalbúðum í 5300m hæð, upp Khumbu fall-

jökulinn í fyrstu búðirnar sem eru í mynni Vesturdals og upp Vesturdalinn í aðrar búðir. Þaðan liggur leiðin upp í hliðar Lhotse í þriðju búðir og svo í Suðurskarð í um 8000m hæð. Þaðan reyndu þeir síðan að fara á toppinn þann 20. maí en urðu frá að hverfa vegna veðurofsa. Dvöldu þeir aðra nótt í Suðurskarði og lögðu í hann aftur eftir litla hvíld, sem þykir mikið afrek. Á toppinn komust þeir síðan eins og fyrr segir, 21. maí, ásamt einum Nepalmanni, Bretanum Nick Kekos og Sherpunum Dava og Babu. Þetta var fyrsti hópurinn sem komst á tindinn í langan tíma og má segja að þeir hafi brotið ísinn fyrir næstu hópa. Sannarlega frábært afrek.

Alpar

Hilmar og Jón fóru í Alpana síðastliðið sumar. Sjá nánar í grein.

Síðastliðið sumar lögðu þeir Styrmir Steingrímsson, Atli Þór Þorgeirsson, Hlynur Stefánsson, Hörður Sigurðsson, Ingólfur Ólafsson og Örvar Arnarsson leið sína til Chamonix. Það fyrsta sem varð fyrir valinu var að fara á Dome du Gouter eftir Grand Mulets Rouge leiðinni. Þeir þurftu frá að hverfa í 3051m hæð við Grand Mulets skálann vegna þrumuveðurs og þoku.

Því næst var farið á Mont Blanc eftir Gouter leiðinni. Fóru þeir allir á toppinn utan Atla sem varð frá að hverfa skammt frá toppnum. Þeir klifruðu nokkra daga í heimaklettum Chamonix, leiðir af gráðu 4-6b+. Áður en Atli og Örvar héldu heim á leið reyndu þeir við Brenva Spur en tókst ekki. Hinir ákváðu að næst væri komið að klassískri Íslendingaleið Aiguille De L'M eða „Lummunni“. Hlynur og Hörður fóru NNA- hrygginn sem er af gráðu D en Styrmir og Ingólfur Ménéganaux Route af gráðu TD. Eftir þetta fluttu þeir sig til Arco á Ítalíu vegna veðurs og klifuðu þar klettaleiðir á bilinu 5-6b

en síðan var haldið til Volx og klifraðar leiðir af 6-6c. - Styrmir

Ísklifur veturinn 1996-1997

Norðurland

Kinnin

22. des fóru Karl Ingólfsson, Húnbogi Valsson og Jóhann Kjartansson nýja ísleið sem er sunnan Glassúrs þ.e. norður við sjó. Leiðin er 45 m 4. gráðu og heitir Limrusmiður.

Þeir Jóhann Kjartansson, Karl Ingólfsson og Tómas G Júlíusson



Práin. Ljós m.: Þorvaldur Þórsson.



Viddi klifrar í Hestgili. Ljós m.: Ívar F. Finnbogason.

klifu nýja leið þann 23. des. er nefnist Upprisa svinanna. Hún er 150 m löng af gráðu 4+ og er mitt á milli Fryggðar og Girndar. Leiðin byrjaði á 3. gráðu brólti upp ca 30 m, upp brattan vegg og þaðan inn í skoru og úr henni aftur eftir fáeina metra. Síðustu 40 metrarir samanstóðu af nokkrum lóðréttum höftum og brekku þeirra í milli. Vegna þess hversu snjóflóðahætta er mikil fyrir ofan all flestar klifurleiðir og niðurleiðir eru fáar sigu þeir niður leiðina aftur. Klifrarar þurfa að vera viðbúinir þessu þegar haldið er í Kinninni. Aðalvandamálið við þessa leið var að fá Jóa ofan af þeirri hugmynd að snúa við eftir fyrstu spönn en tókst þeim Karli og Tómasi það eftir smá þref. Þetta vandamál þarf þó ekki að vera viðloðandi þessa leið.

25. des. klifruðu Karl og Tómas nýja leið í Kinninni. Þessi leið er næsta leið norðan við Dönsku leiðina og stendur ein á nokkuð stórum kafla. Hún er mjó, í rauninni kerti, 5. gráða, 120 m löng en frýs ekki niður í öllum árum. Fyrri spönnin er lóðrétt fyrstu 25 m og svo mjög brött eftir það, og sú seinni er næsta lóðrétt frá 65 m

í 100 m með nokkrum erfiðum ísbunkum. Leiðin sem var klifin í tveimur spönnum var vel tryggjaleg, eins og flestar leiðir í Kinninni, utan síðustu 5-8 metrarir sem voru illa frosnir og fremur frauðkenndir. Leiðin hlaut nafnið Stekkjastaur.

Fyrstu helgina í janúar endurtóku Björn Ólafsson, Jón Gauti Jónsson og Páll Sveinsson þessa leið.

25. des. klifruðu Hákon Ásgrímsson, Helgi Borg og Jón Marínó Sævarsson nýja leið skammt frá bænum Björgum. Leiðin er í lágu hömrnunum fyrir sunnan dalverpið og er einnar spanna þriðju gráða.

27. des klifruðu Hallgrímur Magnússon, Karl Ingólfs-

son og Tómas G. Júlíusson enn eina nýja leið í Kinninni. Leiðin er syðst í stóru leiðunum og liggur norðan í horni sem skagar útúr miðju klettabeltinu. Leiðin er 130 m löng af 5. gráðu og hlaut nafnið Girndin. Fyrsta spönnin er 3.-4. gráða en síðan taka við tvær brattar spannar. Fyrir sunnan leiðina er gil sem þeir niðurklifruðu í og sigu síðan eitt sig niður í brekkuna. Þetta er eingöngu hægt í mjög góðum aðstæðum.

Girndin var farin í annað sinn í janúar af Birni Ólafssyni og Páli Sveinssyni.

Suðvesturland

Glymsgil

1. mars klifruðu Guðmundur Helgi, Páll Sveinsson og Þorvaldur Þórsson nýja leið í Glymsgili. Þeir sigu niður Þrym og klifruðu upp nýja leið fyrir neðan, þ.e. vinstra megin við Þrym sem er nr. 11 í Leiðarvís nr 23. - viðauka. Nýja leiðin, sem þeir nefndu Hlyn, er þriggja spanna og fyrstu tvær voru



Stefán Smáráson horsklegur, pásar í Stólnum í Skíðadal. Ljós m.: Jökull Bergman.

nokkuð brattar með miklum snjó en sú síðasta var mjög brött með miklu íshröngli. Ekki var hægt að komast beina leið upp á brún vegna þess að ísinn náði ekki niður og klettarnir eru slútandi síðustu 20 metrana. Leiðin er 130m og 5. gráða.

Jón Haukur Steingrímsson og Guðmundur Tómasson fóru nýja leið í Glymsgili sem nefnd var Hvalbak. Hún er fyrir neðan Hvalina þrjá og byrjar fyrir neðan stóru steinana og þrenginguna í gili. Séð úr gili virðist vera „slabb“ í leiðinni og er nafnið dregið af því. Leiðin byrjar í sléttum vegg með þunnum ís, ca. 25 m. Þaðan er haldið yfir slabbið að þunnum kertum og flóknum. Leiðin endar í 10m klettum. Hvalbak er ríflega 2 spannrir og 4/5 gráða.

Múlafjall

Guðmundur Helgi og Páll Sveinsson fóru nýja mixaða leið í Múlafjalli 22. des, fyrstu M6 leiðina. Leiðin liggur vinstra megin við Íste og er fyrsta M6+ á Íslandi. Í mars endurtók Guðmundur Tómasson þessa leið.

15. febrúar fóru Guðmundur Tómasson og Páll Sveinsson nýtt afbrigði af gamalli leið í Múlafjalli. Leiðin liggur vinstra megin við hrygginn við Íste og liggur hægra megin í kerti þar. Leiðin byrjar í gróf (klettum) hægra megin og undir iskertinu, hliðrar síðan upp og til vinstri utan á áberandi nefi í bergi, þangað til að hægt er að ná upp í kertið. Þaðan er leiðin í ís, næstum lóðréttum upp á brún. Alls er leiðin 45 - 50m löng af gráðu 4m+ og heitir Apagredda.

„Leikfangaland“ ísklifurmannna varð til í vetur og er það norðan í Múlafjalli við leiðina Frosta. Þegar is er lítill myndast oft skemmtilegar aðstæður fyrir „mixað“ klifur (klifur blandað ís og bergi) sem þykir „inn“ í dag.

12. janúar fóru Helgi Borg, Páll Sveinsson og Jón Marínó Sævarsson Frosta í Múlafjalli í mjög litlum ís, nánast í hálku. Úr varð mixuð spönn gráða M5. Sama dag komu Hallgrímur Magnússon og Guð-



Guðmundur Helgi happafengilegur í þílinu. Ljós.: Hallgrímur Magnússon.

mundur Helgi og fóru aðra línu í sömu leið af sömu gráðu.

Hestagil

Í Hestagili sem liggur suður úr Brynjudal hafa verið klifraðar nokkrar nýjar ísleiðir að undanfögnu. Ekki hefur umsjónarmönnum fréttapistils tekist að afla fullkominna upplýsinga um leiðirnar en mun verða bætt úr því í næsta riti. Sigursteinn Baldursson sendi inn nokkur orð um gilið: „Hestagil er nýuppgötvað ísklifursvæði í botni Brynjudals og er alls ekki

augljóst. Það býður upp á margar leiðir sem flestar eru ófarnar enn sem komið er. Erfiðleikar eru frá WI3 upp í mjög erfiðar mixaðar leiðir. Tvær leiðir verða boltaðar í vetur til vinnslu og má því kannski segja að Hestagil sé fyrsta „ís-sportklifursvæðið“ sem hér er að finna. Svæðið er mjög fallett og fjölbreytilegt með mjög góðu bergi (eins og í Valshamri) og býður upp á erfiðar, ófarnar klettaklifurleiðir (5.11-5.12b/c).

Pegasus, 80 m, WI5, feb. 1997. Haraldur Örn Ólafsson og



Guðmundur T. í leikfangalandi – fyrir axlarbrot. Ljós m.: Úr safni G.T.



Æfingasvæði klettklifurmannanna í Búahömrum. Björn Baldursson í Vitisbjöllum. Ljós m.: Stefán Smáráson.

hægri upp í áberandi skál sem liggur upp á brún. Leiðin heitir Fuglalíf, er af gráðu 4m. og um 25m.

Suðurland

Öræfi

Um páska fóru Sigursteinn Baldursson og Guðmundur Eyjólfsson í Öræfin til þess að reyna við austurhlíð Hvannadalshnúks. Þeir þurftu að snúa við aðeins um 30-40 m frá tindinum en allar tilraunir þeirra hafa endað á fossi sem ekki virðist ná alla leið niður.

Guðmundur Eyjólfsson og Haraldur Örn Ólafsson fóru svo hálfum mánuði síðar og fóru nú í gilið norðanmegin við hrygginn í stað þess að fara sunnanmegin og klárðu leiðina og þar af leiðandi fyrstir til að fara austurhlíð Hvannadalshnúks.

Skarðatindur fékk sína fjórðu heimsókn um páskana. Guðmundur Tómasson fór í annað sinn, nú ásamt Styrmi Steingrímssyni og Ingólfi Ólafssyni. Leiðin var í sæmilegum aðstæðum utan efsta fossins þar sem erfitt var að tryggja sökum þunnss íss.

Þórsmörk

Helgi Borg og Hákon Ásgrímsson fóru nýja leið í Þórsmörk þann 1. des. Leiðin er í gili fyrir miðju Réttarfelli að norðanverðu u.þ.b. 400-500 m austan við Álfakirkju. Leiðin er ca. 100 m löng af 3.-4. gráðu. Erfiðasti hluti leiðarinnar er 4-5m lóðrétt kerti í miðri leið. Þegar komið er upp í leiðina blasir við austan megin í gili, stórt gat eða auga í kletti. Leiðin fékk nafn sitt, Augnablik, af þessu auga.

Þjórsárdalur

Þráin í Þjórsárdal fékk sína þriðju heimsókn seint í nóvembermánuði 1996, enda þar á ferðinni þrír af þrjóskaði mönnum klúbbsins, Hallgrímur Magnússon, Páll Sveinsson og Þorvaldur Þórsson. Í þetta sinn tókst þeim í sinni þriðju tilraun að klífa fyrstir manna Þrána og mun hún vera ein af erfiðustu

Sigursteinn Baldursson. Leiðin liggur í miðju fossins (erfiðast að sjá) norðanmegin í gili.

Glófaxi, 70 m, mars '97. Guðmundur Eyjólfsson og Sigursteinn Baldursson. Frekar tæknileg leið og í mjög misjöfnum aðstæðum. Getur verið frá WI4 upp í WI5+. Viljum ekki gefa leiðinni gráðu fyrr en fleiri hafa farið hana. Fyrst farin í WI5 aðstæðum. Leiðin er sunnan megin í gilbotninum.

Vinstra megin við Pegasus, WI4. Guðmundur Eyjólfsson og Haraldur Örn Ólafsson.

Skarðsheiði

Móri, 70-80 m, WI4, feb. '95. Veturinn '95 var nýr ísfoss farinn af þeim Ívari Finnbogassyni og Sigursteini Baldurssyni. Fossinn er í gil/dal á milli Brekku- og Hafnarfjalls og telja þeir að gilið/dalurinn nefnist Hrutadalur og leiðin sjáist ekki frá veginum en best sé að leggja bílnum þar sem Skarðsheiðin sést best (við malarnámur).

Kollafjörður

14. mars fór Guðmundur Tómasson nýja mixaða leið í Kollafirði. Leiðin liggur upp 4m háa íslænu sem er 30 - 40 cm breið, upp á snjósyllu að 2m kerti og þar tekur við 10m morkin bergsprunga. Þaðan er hliðrað í lélegu bergi til



Stekkjastaur – Kinnin. Ljós.: Helgi Borg.

ísleiðum sem farnir hafa verið hér á landi. Leiðin sem þeir klifu er fossinn á móti Granna sem er skammt fyrir ofan Háafoss. Þráin er um 100 m á hæð og var klifin í tveimur spönnum. Hvor spönn hefur að geyma um 40 m lóðréttan ískafila og var sú neðri mjög kertuð og tortryggð. Góð megintrygging er eftir fyrstu spönn þar sem hægt er að láta líða úr sér. Leiðin gráðast 5+ og þykir nú sumum fimmta gráðan farin að verða býsna teygjanleg.

Hallgrímur Magnússon og Páll Sveinsson fóru nýja leið í Háafossgilinu í nóvembermánuði. Þetta er þriðju gráðu leið um 150m löng alveg inni í botni í gílinu og fær því nafnið Botnýja.

Jón Haukur Steingrímsson og Þorvaldur Þórsson fóru síðan Granna sem er skammt fyrir ofan Háafoss sjálfan. Leiðin er tveggja spanna nokkuð stölluð og um 80m há. Hún liggur vinstra megin í Granna og er 4 gráða.

Austurland

Egilsstaðir

Karl Ingólfsson fór Fardagafoss við Egilsstaði fyrstur manna. Karl friklifraði fossinn, sem er 3. gráða og um 15 m hár og þótti honum

þetta hið skemmtilegasta klifur. Hins vegar þætti ritnefnd það slæmt mál að missa eina af sínum rithöndum og vill því benda Karli á að hætta þessum ósið hið fyrsta. Karl ber það fyrir sig, vegna fenginnar reynslu, að friklifur sé hættu-minna en klifur með austfirðingum!

Klettaklifur


Mikil gróska hefur verið í uppbyggingu innanhússveggja og hafa

tveir stórir veggir verið reistir. Pró-unin hefur verið sú að með bættri æfingaraðstöðu hefur hópur þeirra sem klifra erfiðustu gráðurnar stækkað.


Klifurmiðstöðin Vektor var opnuð í lok janúar eftir tveggja mánaða smíðavinnu hjá þeim Birni, Árna Gunnari, Jökli og öðrum dugmiklum klifurum. Veggurinn er staðsettur í bakhúsi við Borgartún 29. Hann er sá stærsti sem reistur hefur verið til þessa. Þar er einnig aðstaða til að lesa blöð og




Guðmundur Arnar Ástvaldsson í Les Calanques. Stelling úr smíðju Bó. Ljós.: Ólafur Ragnar Helgason.




Karl Ingólfsson.
Ísklifur.
Ljósmynd Páll
Sveinsson



Tóti og Bjössi í Touluma Mlows.
Ljósmynd Guðmundur Helg



Austurhlið
Hvannadalsvík.
Ljósmynd
Sigursteinn
Baldursson.



Þórarinn Pálsson
Eighty feet of meat
Rafel, Ljósmynd
Björn Baldursson

Everest

Everest-tindur er hæstur allra tinda jarðar, 8.848 m, og rís upp úr Himalajafjallgarðinum á milli Nepal og Tíbet. Hann var klifinn í fyrsta sinn árið 1953 af Edmund Hillary og Tenzing Norgay. Frá þeim tíma hafa tæplega 700 manns komist á tindinn.

Þeir komu

Íslandi

á toppinn!

„Ég verð því miður að tilkynna að við komumst ekki herra! Skipti!“

Þessi orð bárust Herði Magnússyni gegnum talstöð frá Birni Ólafssyni, sem var staddur ásamt félögum sínum þeim Einari Stefánssyni og Hallgrími Magnússyni á hæsta tindu Everest, að morgni 21. maí 1997.

Árangur þeirra er einstakt þrekvirki sem krefst gífurlegrar þjálfunar og undirbúnings, sem meðal annars felst í því að prófa og velja rétta útbúnaðinn.

Bestu meðmælin!

Eins og alþjóð veit komu fjallagarparnir allir heilir heim og ber það ekki síst að þakka frábærum undirbúningi og útbúnaði. Í því sambandi má benda á að allur búnaður og fatnaður fjallagarpanna í þessari frækiför var frá Skátabúðinni. Betri meðmæli er ekki hægt að hugsa sér.

Skátabúðin hefur skarað framúr í innflutningi og sölu á útivistarbúnaði í meira en 50 ár.



Everest-fjall

á toppnum 21. maí

við grunnbúðir



Snorrabraut 60 • 105 Reykjavík
Sími 561 2045 • Fax 562 4122
www.itn.is/skatabudin